

Menntakvika 2011

Erindunum er ekki raðað upp í þeirri röð sem þau verða flutt. Röðun sést í dagskrá á netinu og í dagskrárbæklingi sem verður afhentur á ráðstefnudegi.

Listsþópur og umhverfi skóla í menntun til sjálfbærni

Málstofan kynnír rannsóknar og þróunarstarf á sviði menntunar til sjálfbærni og er vettvangur skoðanaskipta og umræðu um framkvæmd hennar.

Ábyrgðarmaður: Stefán Bergmann, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kristín Norðdal, doktorsnemi og lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Hugmyndir kennara um hlutverk útiumhverfis skóla í menntun barna

Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning kennara á hlutverki útiumhverfis í námi barna. Rannsóknin er viðtalsrannsókn við 25 kennara og skólastjóra í fjórum grunnskólum og fjórum leikskólum sem tóku þátt í rannsóknar- og þróunarverkefni um menntun til sjálfbærrar þróunar. Þessir kennarar notuðu allir útiumhverfið meira eða minna í sinni kennslu og hentuðu þess vegna vel fyrir þessa rannsókn. Viðtölin voru einstaklingsviðtöl fyrir utan eitt hópviðtal. Kennararnir voru spurðir um ýmislegt varðandi ofangreint rannsóknar- og þróunarverkefni og spurningar varðandi útiumhverfið voru því aðeins hluti af viðtölunum en þar sem útiumhverfið var hjá mörgum viðfangsefni þróunarverkefnisins var komið inn á það í umfjöllun um aðra þætti einnig. Þátttakendur voru spurðir að því hvers konar útiumhverfi þeir töldu að hentaði vel til að ýta undir leik og nám barna. Hvernig þeir notuðu útiumhverfi skólanna, hvers vegna þeir notuðu það og hvers konar útiumhverfi þeir notuðu og töldu best henta kennslunni. Einnig voru þeir spurðir sérstaklega um hvert þeir töldu vera hlutverk útiumhverfis í menntun barna. Að síðustu voru þeir spurðir um tengsl þess að nýta útiumhverfi í menntun barna við menntun til sjálfbærrar þróunar. Helstu niðurstöður eru þær að kennarar sjá hlutverk útiumhverfis helst fyrir sér sem umhverfi sem gefur reynslu sem ýtir undir nám, sem vettvang leiks og sköpunar og sem vettvang til að ýta undir hreyfingu og heilbrigði barna.

Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor LHÍ

Listkennsla og menntun til sjálfbærrar þróunar

Erindið fjallar um áfangann Listir og sjálfbærni sem höfundur rannsakaði í starfendarannsókn í Listaháskóla Íslands. Í erindinu verður fjallað um inntak og áherslur áfangans og hvernig hann undirbjó verðandi listgreinakennara til að takast á við menntun til sjálfbærrar þróunar. Í áfanganum er m.a. lögð áhersla á ólíkar birtingarmyndir hugmynda um sjálfbæra þróun í myndlist og skoðað var hvernig listir geta aukið skilning á sjálfbærri þróun. Fjallað verður um samfélagsrýni og hvernig manngert umhverfi tengist þeim verkefnum sem fólk stendur frammi fyrir varðandi sjálfbæra þróun í heiminum.

Hugrún Þorsteinsdóttir, arkítekt

Hönnun skólaumhverfis með tilliti til myndmenntakennslu og sjálfbærni

Erindið fjallar um meistaraverkefni Hugrúnar sem var rannsóknarverkefni, byggt á viðtölum við fimm myndmenntakennara og vettvangskönnunum í viðkomandi skólum. Valdir voru skólar sem staðið gætu sem fulltrúar mismunandi hugmyndafræði í byggingarsögulegu samhengi á síðastliðnum 80 árum. Verkefnið fjallar um hvort og hvernig hönnun skólaumhverfis hefur áhrif á tækifæri til myndmenntakennslu. Sérstaklega voru skoðaðir þættir sem stuðla að menntun til sjálfbærni, með tilliti til sjálfbærniviðmiða í byggingalist.

Ásdís M. Spanó, myndlistarmaður

List og siðferði: Siðferðileg ábyrgð í listsköpun

Í erindi Ásdísar verður leitast við að auka skilning á hlutverki lista í menntun til sjálfbærrar þróunar og möguleikum listgreinakennara til vistvænnar nálgunar í listsköpun nemenda. Markmið meistaraverkefnisins er að kanna möguleika myndlistar sem leiðar til þess að skapa auknar umræður um málefni samtímans og hvernig list getur vakið siðferðislegar spurningar í samskiptum manns og náttúru. Í niðurstöðum kemur fram að mikilvægt sé að grunnmenntun þjálfir nemendur í aukinni siðferðilegri sýn á veruleika mannsins og að efling siðvitundar með samþættingaraðferðum myndlistarmanna geti skapað vettvang til viðhorfsbreytinga.

Pallborð – Auður Pálsdóttir, aðjúpnt Menntavísindasviði Háskóla Íslands, tekur saman og stjórnar umræðum

Menntastjórnun, mat og skólastarf; Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Börkur Hansen, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundar: Amalía Björnsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Baldur Kristjánsson, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Tengsl skólamenningar við námsárangur á samræmdum prófum

Í þessu erindi er fjallað um rannsókn á skólamenningu og tengslum hennar við námsárangur á samræmdum prófum. Í fræðilegum skrifum um skólamenningu er lögð áhersla á mikilvægi þess að skólastjórnendur stuðli að móturn metnaðarfullrar menningar sem beinist að nemendum og námi þeirra. Enn fremur kemur fram að skólamenning hefur áhrif á starfsemi skóla enda mótið hún af þeim tengslum, samstarfi, áhuga, væntingum og viðhorfum sem eru ríkjandi í hverjum skóla. Kennarar og deildarstjórar í átta heildstæðum grunnskólum víðs vegar um land svöruðu spurningalista þar sem þeir mátu staðhæfingar sem lýstu ákveðnum þáttum í skólamenningu, s.s. starfsháttum, andrúmslofti,

kröfum til nemenda um námsárangur og sýn kennaranna á nám og kennslu. Svör kennaranna voru þáttagreind og reyndist munur á skólunum á flestum þessara þátta. Skoðuð var fylgni allra þessara þátta í skólamenningunni við árangur nemenda á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk árið sem spurningalistinn var lagður fyrir og tvö næstu ár þar á eftir.

Lars Jóhann Imsland Hilmarsson, skólastjóri

„Svo framarlega sem það samræmist skólastefnunni.“ Áherslur skólastjóra við móton menningar sem styður við kennslufræðilega stefnumörkun.

Í erindinu segir höfundur frá helstu niðurstöðum meistaraprófsritgerðar sinni „Svo framarlega sem það samræmist skólastefnunni.“ Áherslur skólastjóra við móton menningar sem styður við kennslufræðilega stefnumörkun. Horft er á viðfangsefnið frá sjónarhlí skólastjórans og skoðað hvernig skólastjóri veitir forystu til að styðja við skipulag og móta menningu sem fær kennara til að ganga í takt við stefnu skólans. Niðurstöður benda til þess að áherslur skólastjóra felist að miklu leyti í að styðja við faglegt starf gegnum formlegar leiðir. Lagt er upp með að skapa kennslufræðilegri stefnumörkun umgjörð gegnum stjórnskipulag sem gefur kennurum tækifæri til að hafa áhrif á og styðja við stefnumörkun skólans. Í skólunum er miðlægur kjarni kennara sem ásamt skólastjóra eru lykilpersónur við það verkefni að leiða skólann áfram. Kennurum er leyft að axla ábyrgðina og þeim er treyst við daglega framkvæmd kennslunnar en þurfa ávallt að gæta að því að störf þeirra samræmist skólastefnunni.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, framhaldsskólakennari

Hröðun bráðgerra nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla. Árangur þeirra, námsframvinda, líðan og viðhorf

Þetta erindi er byggt á meistaraprófsverkefninu: „Samfella í námi milli grunn- og framhaldsskóla. Áhrif stefnumótunar um hröðun í námi milli grunn- og framhaldsskóla á námsframvindu bráðgerra nemenda“. Upplýsingar um áhrif stefnumótunar á hröðun íslenskra nemenda eru ekki til og fram að þessari rannsókn hafa hvorki verið gerðar íslenskar rannsóknir á námsárangri og námsframvindu þessara nemenda né líðan þeirra, félagslegri stöðu eða viðhorfum til hröðunar. Rannsóknin beinist að nemendum sem var hraðað úr sunnlenskum grunnskólum í Fjölbautaskóla Suðurlands á árunum 2007-2010. Rannsóknin varpar ljósi á samfellu í námi milli grunn- og framhaldsskóla og á áhrif stefnumörkunar ríkisvaldsins á stefnumótun heima í héraði. Helstu niðurstöður eru að stefnumótun um hröðun í námi hefur jákvæð áhrif á námsframvindu nemendanna, námsgengi þeirra og námsframvinda er framúrskarandi. Þessum nemendumum líður mjög vel en óljósara er um jákvæð áhrif á félagstengsl. Þá hafa allir nemendurnir jákvætt viðhorft til hröðunar. Áhrif grunn- og framhaldsskólalaga 2008 á stefnumótun í Fjölbautaskóla Suðurlands voru ekki langvinn þar sem niðurskurður fjárfamlaga af hálfu ríkisins hefur sett stefnuna í uppnám.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, aðjúknt HA

Forystuhegðun skólastjóra og samspli við forystuhæfni skóla og skólaþróun

Erindið er byggt á niðurstöðum meistaraprófsrannsóknar höfundar. Leiðsögukennari var Rúnar Sigþórsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Markmið rannsóknarinnar var að varpa frekara ljósi á hlutverk skólastjórans í að efla forystuhæfni skóla og mikilvægi forystuhæfni fyrir þróun skólastarfs. Rannsóknin var eigindleg tilviksrannsókn í einum grunnskóla sem sýnt þótti að hafði þróað starfshætti sína talsvert á um tíu ára tímabili og þar sem sami skólastjóri hafði setið við stjórnvölinn þann tíma. Gögnum var safnað með viðtölum, vettvangsathugunum, spurningakönnun og skjalarýni og þátttakendur valdir úr röðum starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Í erindinu verður fjallað um forystuhegðun skólastjórans; hún greind út frá tveimur fræðilíkönum og lagt mat á hvaða þátt hún átti í þróun skólans. Niðurstöður bentu til þess að skólastjórin hafi búið yfir eiginleikum og haft vald á starfsháttum sem taldir eru stuðla að árangri skólastarfs. Einnig þykir sýnt að forystuhæfni skólans hafi verið talsverð og að forystuhegðun, persónulegir eiginleikar, þekking og færni skólastjórans hafi skipt sköpum í því að byggja hana upp.

Menntastjórnun, mat og skólastarf; Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Elín Einarsdóttir; deildarstjóri

Námskrárforysta. Hlutverk skólastjórnenda í skólanámskrárgerð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna með hvaða hætti skólastjórnendur taka þátt í skólanámskrárgerð og hvernig eftirfylgni skólastjóra með framkvæmd skólanámskrár er háttáð. Tilgangur rannsóknarinnar var jafnframt að varpa ljósi á mikilvægi forystuhlutverks stjórnenda. Rannsóknir hér lendis á þessu sviði eru ekki fyrirferðarmiklar enn sem komið er en talsverð breidd er í rannsóknum á sviðinu erlendis. Rannsóknin fór fram í einum heildstæðum grunnskóla á Íslandi. Helstu niðurstöður eru þær að stjórnendur veita forstu í námskrárgerð skólans. Skólastjórin var virkur þátttakandi í skólanámskrárgerð við undirbúning og upphaf skólastarfs í skólanum og hefur haldið því hlutverki eftir því sem skólinn hefur þróast og mótað. Viðmælendur rannsóknarinnar voru sammála um að í skólanámskrá skólans væri heildarsýn skólastarfsins. Forystuhlutverk skólastjórans felst einkum í því að veita sterka kennslufræðilega forstu og dreifa völdum til starfsmanna.

Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri

„Skólaval í Garðabæ“. Viðhorf og skoðanir foreldra barna í 1. bekk

Í erindinu segir höfundur frá helstu niðurstöðum meistaraprófsritgerðar sinnar Skólaval í Garðabæ. Viðhorf og skoðanir foreldra barna í 1. bekk. Með rannsókninni var horft á viðfangsefnið út frá sjónarhóli foreldra sex ára barna í Garðabæ. Skólaval hefur verið við lýði í Garðabæ frá árinu 2004 og hafa foreldrar

frá þeim tíma haft frjálst val um hvaða skóla innan bæjarins börn þeirra sækja. Lítið hefur verið vitað um viðhorf foreldra í bænum til valsins. Því var tilgangur rannsóknarinnar að finna út þá þætti sem styðja skólaval og þá sem helst hamla því. Kannað var m.a. hvaða þættir ráða mestu við ákvörðunina, viðhorf foreldranna til kynninga skólanna og skoðanir þeirra á samkeppni milli skóla og voru svörin skoðuð með hliðsjón af bakgrunni foreldra. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að foreldrarnir eru mjög ánægðir með þetta val. Flestir velja skóla í nágrenni heimilis og vegna félagatengsla. Orðspor og góðir kennrarar voru einnig ástæður sem margir tiltóku. Tæpur helmingur foreldranna sótti enga skólakynningu áður en þeir tóku ákvörðun um valið en þeir sem fóru á kynningar voru í 35% tilvika mjög sammála því að þær væru gagnlegar.

Helena Jónsdóttir, leikskólakennari

Valddreifing í leikskólastarfi. Viðhorf leikskólastjóra og deildarstjóra til valddreifingar

Í verkefninu, sem byggt er á meistaraprófsritgerð höfundar, er leitast við að varpa ljósi á stjórnunaraðferð sem kallast valddreifing í umhverfi leikskóla. Markmið rannsóknarinnar er fyrst og fremst að staðsetja hugtakið innan leikskólans, kanna viðhorf og skilning stjórnenda til þessarar starfsaðferðar en um leið að athuga birtingarform hennar. Tilgangur verkefnisins er að athuga viðhorf stjórnenda til hugtaksins og bera þau saman við niðurstöður úr öðrum rannsóknum, erlendum og innlendum. Rannsóknin, sem var túlkandi tilviksrannsókn, fór fram í þremur leikskólum. Þátttakendur voru sex, þrír leikskólastjórar og þrír deildarstjórar. Helstu niðurstöður eru þær að stjórnendur sjá mikla tengingu hugtaksins við samvinnu allra einstaklinga, óháð menntun og stöðu. Viðhorf stjórnenda til hugtaksins er jákvætt og þeim sýnist birtingarmyndin vera fyrirferðarmeiri en þeir höfðu fyrirfram talið. Stjórnendur telja samvinnu vera lykilatriði þess að leikskólastarf skili árangri og að einstaklingum líði vel í leik og starfi. Niðurstöður benda jafnframt til þess að gott bakland sé mikilvægt öllum sem í leikskólum starfa og að hafa gott teymi í kringum sig, sérstaklega þegar takast þarf á við vandamál í starfi. Jafnframt töldu viðmælendur að ákveðinn einstaklingur þyrfti að vera í forsvari hvers skóla eða hverrar deildar fyrir sig. Sá sem gegndi því hlutverki væri um leið andlit skólans eða deildarinnar útávið.

Sigurlína Davíðsdóttir, professor Menntavísindasviði

Meðhöfundur: Penelope Lisi, professor Central Connecticut State University í Hartford

Innra mat í íslenskum framhaldsskólum: Hvað ýtir undir þátttöku kennara?

Íslenskir framhaldsskólar hafa verið skyldugir til að gera innra mat síðan 2006. Þeir hafa farið mjög misjafnlega að því að sinna þessari skyldu og misjafnt er hversu virkir kennrarar eru í þessu starfi. Í sumum skólum eiga þeir sjálfir að meta ferlið og búa til þróunaráætlanir, í öðrum er einn eða fleiri fengnir til að framkvæma matið. Kennrarar í 11 íslenskum framhaldsskólum, 250 talsins, svöruðu spurningalista um skólastarf. Svör þeirra voru þáttgreind. Fimm þættir fundust: stjórnun, fagleg þróun, markmið skólans notuð, samvinna um nýjungar, og þátttaka í sjálfsmati. Þeir þættir sem skýrðu marktækt mesta dreifingu í þátttöku kennara í innra mati samkvæmt aðhvarfsgreiningu voru: markmið

skólans notuð, stjórnun og fagleg þróun. Notkun markmiða skólans skýrði mest af dreifingunni í þáttöku og notkun mats í skólastofunni. Það sem skipti sérstaklega máli var: a) markmiðin tækju mið af gögnum um frammistöðu nemenda; og b) aðalviðmiðið sem notað var til að ákvarða hvernig gengi að ná markmiðum skólans var gögn um frammistöðu nemenda. Jákvæð tengsl við stjórnendur skiptu líka máli. Fagleg þróun hélst í hendur við innra mat. Samvinna er ekki þróuð í íslenskum framhaldsskólam, eins og kom í ljós í TALIS 2009. Samvinna um nýjungrar bætti ekki marktækt við skýringu á þáttöku kennara í sjálfsmati.

Áhrif efnahagskreppu á skólastarf

Jónína Ágústsdóttir, skólastjóri

Meðhöfundur: Auður Pálsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Skólaþróun í skugga efnahagskreppu

Haustið 2008 skall á efnahagskreppa í íslensku samfélagi sem valdið hefur umtalsverðum niðurskurði í íslenskum grunnskólam. Kynnt verður rannsókn á upplifun fjögurra skólastjóra í grunnskólam Reykjanesbæjar á áhrifum efnahagskreppunnar á skólaþróun. Beitt var eigindlegum rannsóknar-aðferðum þar sem tekin voru viðtöl við skólastjórana í mars 2010. Niðurstöður leiddu í ljós að fjárhagslegar forsendur og skipulagning starfsþróunar kennara og skólastjörnenda hafa breyst í Reykjanesbæ í kjölfar efnahagskreppunnar þannig að erfiðara er orðið að framfylgja lögum um umbóta- og þróunarstarf og fylgja eftir skólastefnu sveitarfélagsins. Ekki hefur dregið úr áhuga kennara á skólaþróun en greinilegar togstreitu gætir vegna ákvæða í kjarasamningum kennara um endurmenntun svo og aðgengis kennara að námstækifærum og hvernig fjármögnun starfsþróunar er háttar. Starfsþróun kennara virðist frekar taka mið af óskum og þörfum þeirra heldur en að hún sé í beinum tengslum við endurmenntunaráætlani grunnskólanna. Svipað er um styrkveitingar til einstaklinga að segja en úthlutunarreglur helstu sjóða virðast ekki taka mið af stefnu hvers skóla líkt og gert er ráð fyrir í kjarasamningum. Einnig virðast kennarar nú frekar vilja sinna starfsþróun innan dagslegs vinnutíma og á starfstíma skóla, þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningum. Þetta vekur upp spurningar um samband skólastefnu sveitarfélaganna og kjarasamninga kennara og skólastjörnenda.

Þóroddur Bjarnason, prófessor HA

Framtíðaráform unglings af erlendum uppruna 2006–2010

Í erindinu verður hugað að viðhorfum og framtíðaráformum hins stækandi hóps unglings af erlendum uppruna og breytingum sem orðið hafa eftir hrun. Í kjölfar efnahagshrunins haustið 2008 hefur erlendum ríkisborgurum fækkað talsvert á Íslandi. Helsta ástæða þess er brottflutningur karlmanna á aldrinum 20-40 ára sem voru einir síns liðs á Íslandi um lengri eða skemmri tíma vegna atvinnu. Hins vegar hefur konum og börnum með erlenden ríkisborgararétt fjölgæð hér á landi eftir hrun og virðist því sem margar fjölskyldur karla sem hingað voru komnir hafi flust til landsins þrátt fyrir efnahagserfiðleika.

Þrátt fyrir fækkun erlendra ríkisborgara virðis því sem fjölmenningsarsamfélagið sé að styrkast og skjóta dýpri rótum með fækkun farandverkamanna og fjölgun fjölskyldna af erlendum uppruna. Byggt er á gögnum viðamikillar rannsóknar á heilsu og lífskjörum skólanema sem náðu til allra nemenda í 10. bekk vorið 2006 og 2010. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að hluti þessa hóps kann illa við sig á Íslandi og hyggst flytja á brott fyrir fullt og allt um leið og fær í gefst. Hluti hópsins er hins vegar mjög jákvæður og hyggst búa á Íslandi til frambúðar. Leitað er helstu skýringarþátta sem skilja á milli þessara tveggja hópa.

Hjördís Sigursteinsdóttir, doktorsnemi HÍ

Meðhöfundur: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði HÍ, Þóroddur Bjarnason, prófessor HA, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði HÍ

Ógnar efnahagsástandið starfsöryggi og líðan kennara? Niðurstöður rannsóknar meðal kennara sveitarfélaga 2010 og 2011

Grunn- og leikskólakennrarar standa nú frammi fyrir breytingum á starfsumhverfi vegna sparnaðar. Mörg sveitarfélög hafa skorið niður yfirvinnu, sleppt því að ráða í stöður sem losna og takmarkað afleysingar starfsmanna. Starfsfólk er þó ætlað að halda uppi sama þjónustustigi og áður. Þrátt fyrir þetta hafa sum sveitarfélög boðað enn frekari niðurskurð í leik- og grunnskólum. Fram til þessa hefur starf hjá sveitarfélögum þótt öruggt starf en nú þykir vegið að þessu starfsöryggi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif efnahagskreppunnar á starfsöryggi og líðan kennara. Greint er frá niðurstöðum úr tveimur netkönnunum meðal kennara 20 sveitarfélaga og fimm rýnihópaviðtölum í tveimur sveitarfélögum. Netkannanirnar voru gerðar á vordögum árin 2010 og 2011. Rýnihópaviðtölin voru tekin í janúar og febrúar 2011. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu m.a. í ljós að í mörgum leik- og grunnskólum hefur starfsfólk verið sagt upp störfum en þrátt fyrir það hefur starfsfólk almennt trú á því að það geti haldið starfi sínu hjá sveitarfélaginu næsta árið. Viðmælendum fannst vegið að faglegu starfi skólanna og óttuðust sumir flófta úr kennarastéttinni vegna óvissuástands og mikillar þreytu meðal starfsfólks vegna langvarandi manneklu.

Áhrif efnahagskreppu á skólastarf – hringborð; Rannsóknarstofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ, stýrir umræðum

Þátttakendur í hringborði: Arna H Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ, Börkur Hansen, Prófessor Menntavísindasviði HÍ, Guðný Guðbjörnsdóttir, Prófessor Menntavísindasviði HÍ, Ólafur H. Jóhannsson, lektor Menntavísindasviði HÍ, Sigurlína Davíðsdóttir, Prófessor Menntavísindaviði HÍ og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ. Kynnt verður rannsókn á áhrifum efnahagskreppu á skólastarf. Rannsóknin tekur til leik- grunn- og framhaldsskóla í þremur sveitarfélögum, samtals níu skóla. Í hverju tilviki verður safnað tölulegum upplýsingum um þróunina árið 2005 og því næst tímabilið 2007–2011. Tekin verða viðtöl við forystumenn sveitarfélagsanna, stjórnendur skólanna, fulltrúa kennara og annarra starfsmanna, foreldra og nemendur, og skoðuð áhrif kreppunnar á sem flesta þætti skólastarfs. Vorið

2011 var gerð forkönnun í einu sveitarfélagi og verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar könnunar. Greint verður frá því í hverju sparnaðaraðgerðir sveitarfélagsins voru fólgarar og hver voru áhrif þeirra á starfsemi leikskóla og grunnskóla. Einnig verður gerð grein fyrir áhrifum efnahagskreppunnar á framhaldsskóla byggðarlagsins.

Skóli án aðgreiningar

Dóra S. Bjarnason, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Sérkennsla og fjölmenningarleg menntun í íslenskum skólum

Í fyrirlestri þessum verður fjallað um undirbúning að stórri rannsókn sem nýtir blandaða aðferð (eigindlegar og megindlegar) og fræðileg sjónarhorn félagslegra mótuarkenninga (t.d. Dóra Bjarnason 2003 og 2004; Ferguson og Ferguson 1995) og póstríktúralisma (Foucault 1975; Deleuze og Guattari 1987, Deleuze 1994; Derrida 1997) við greiningu og túlkun.

Tilganguri rannsóknarinnar er að kanna stuðning við börn sem njóta sérkennslu eða eru af erlendum uppruna í íslenskum grunn- og framhaldsskólum þvert á skólagerðir og staðsetningu. Rannsóknin beinist að nemendum sjálfum, kennurum, öðru starfsfólk skóla, og foreldrum og reynslu þeirra af sérkennslu og sérstökum stuðningi í skólanum. Leitað verður eftir viðhorfum þessara aðila til þjónustu í skólanum, gildum og kennsluaðferðum sem beitt er í almennum bekkjum, sérbekkjum og sérskólum. Fókus er einnig á sérhæfðan og almennan stuðning og þjónustu við þessa nemendur, námsárangur þeirra og þátttöku í skólasamféluginu. Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig er ákvarðað hvort nemandi hafi sérþarfir eða sé innflytjandi, hver eru markmiðinmeð stuðningi við slíka nemendur og hvernig er litið á slíkan stuðning?
- Er samhengi á milli þess hvaða sérkennslu eða sérhæfðan stuðning nemendur með sérþarfir og nemendur af erlendu bergi hljóta og þess námsárangurs sem nemendurnir ná og þátttöku þeirra í skólasamféluginu?
- Hvaða kenningar eða kennsluaðferðir segjast kennrarar og sérkennrarar nota við kennslu nemenda með sérþarfir og nemenda af erlendu bergi, og hvað gera þeir í reynd í slíkri kennslu? Hvaða hugmyndir hafa og hvernig vinna aðrir faglærðir starfsmenn skólanna?
- Hversu háar fjárhæðir fá skólarnir frá ríki og sveitarfélagi vegna sérkennslu og stuðnings við börn innflytjenda? Hvernig er þeim fjármunum skipt niður og með hvaða rökum?

Ásta Björk Björnsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Dóra S. Bjarnason, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Upplifun grunnskólanemenda af því að vera í sérkennslu og vinna með aðlagað námsefni

Sagt verður frá eigindlegri rannsókn á upplifun grunnskólanemenda af því að vera í sérkennslu og vinna með aðlagað námsefni.

Markmið rannsóknarinnar eru að:

- kanna og lýsa reynslu nemenda af því að vera í sérkennslu í almennum bekk á unglingsastigi og nota sérnámsefni
- greina hvað hefur áhrif á reynslu þessara nemenda af sérkennslunni
- benda á leiðir til að efla nemendur í námi og til lýðræðislegrar þátttöku í skólasamfélaginu.

Verkið byggir á félagslegum móttunarkenningum og kenningum um félagsauð. Gagna er aflað með hálfopnum viðtölum (e. guided interviews), athugunum í bekkjum þessara nemenda og með hóþviðtölum við nemendur með sérþarfir og bekkjarfélaga þeirra. Tækið SMS (Messier og Ferguson, 2000) og síðari útfærsla á því (Tetler, Ferguson, Baltzer og Boy, 2011) verður notað við athuganir í bekkjum og sem grunnur að hóþviðtolum. Tækið gerir kleift að safna samtímis eigindlegum og megindlegum gögnum um virkni og þátttöku, áhuga og námsárangur tiltekinna nemenda í samanburði við aðra nemendur bekk.

Ásdís Ýr Arnardóttir, stundarkennari Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Skóla án aðgreiningar og ADHD

Rannsóknin fjallar um samspil ADHD og menntunar innan ramma „skóla án aðgreiningar“. Markmið hennar er að lýsa og skýra frá þeim veruleika sem blasir við nemendum með ADHD sem ekki ná að fylgja hefðbundnum viðmiðum um hegðun. Rannsóknin var unnin með eigindlegri aðferðafræði og var gögnum safnað með viðtölum annars vegar og hins vegar með opinberum skjölum sem móta viðhorf og regluveldi skólakerfisins. Gagnasöfnun fór fram á árunum 2006–2010. Niðurstöður benda til þess að ólíkur skilningur móti ósamstöðu um hugmyndafræði „skóla án aðgreiningar“ sem endurspeglast í andstöðu við menntun ákveðinna hópa innan almenna skólakerfisins. Auk þessa birtist ákveðið misvægi í þeim tækifærum, réttindum og skyldum sem standa nemendum með ADHD til boða að loknu grunnskólanámi. Helstu lærðómar sem draga má af rannsókninni snúa að viðhorfum kerfisins til þessa hóps. Fagleg rök virðast vera ráðandi hvað varðar flesta hópa nemenda með sérþarfir en skortur virðist vera á faglegum rökum hvað varðar sérþarfir nemenda með ADHD þar sem þeir eiga sér ekki sterkan málsvara innan skólakerfisins. Til dæmis eru tækifæri til menntunar nátengd viðeigandi hegðun, en brot á skólareglum er brottrekstrarsök í grunn- og framhaldsskóla samkvæmt gildandi lögum frá árinu 2008.

Pallborð – Arthúr Mortens, stýrir umræðum

Tónlistarmenntun í nútíð, fortíð og framtíð; Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Jafningjavitund 8–9 mánaða ungbarna í tónlistartímum ásamt foreldrum

Fyrri rannsóknir á ungbörnum í tónlistarlegu samhengi benda til þess að mjög ung börn hafi hæfni til að skynja tóna og rytma með svipuðum eða sama hætti og fullorðnir gera, jafnvel mjög fljótlega eftir fæðingu. Um 6 mánaða aldur sýna börn getu til að greina milli tvískipts og þrískipts takts og sýna ólík viðbrögð við mismunandi tegund tónlistar. Börn sýna líka snemma tilburði til söngs og hefjast slíkar tilraunir gjarnan fyrir 6 mánaða aldur. Í félagslegu samhengi sýna börn færni í tónlistarlegum samskiptum fyrir eins árs aldur.

Í þeirri rannsókn sem hér um ræðir voru tónlistartímar fyrir 8–9 mánaða ungbörn ásamt foreldrum teknir upp á myndupptökuvélar og síðan hegðun barnanna greind í afmörkuðum hluta námskeiðsins. Skoðuð var sérstaklega þátttökuhegðun og jafningjavitund ungbarannana með hliðsjón af mælikvörðum sem notaðir hafa verið til að greina þátttökuhegðun mjög ungra barna. Í ljós kom að hegðun sem endurspeglar jafningjavitund var töluvert áberandi meðal sumra 8–9 mánaða barnanna sem tóku þátt í rannsókninni. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar þar sem fyrri rannsóknir hafa bent til þess að jafningjavitundin komi ekki í ljós fyrr en eftir eins árs aldurinn. Rætt verður um gildi þess að rannsaka félagslega hegðun ungbarna í tónlistarlegu samhengi

Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar LHÍ og doktorsnemi

Skapandi vinnuaðferðir í háskólanámi

Í málstofunni fjalla ég um niðurstöður og framkvæmd athugunar á kennsluaðferðum mínum og viðbrögðum nemenda í námskeiðinu kroppaklapp og rytmaspuni sem ég kenndi á vormisseri 2011 í Listaháskólanum.

Val viðfangsefnis byggðist á þeirri tilfinningu að ég hafi í kennslu minni á háskólastigi fjarlægst þær skapandi vinnuaðferðir sem ég hafði tileinkað mér í fyrra námi. Í kennsluréttindanámi fyrir listamenn sem ég stýri nú tel ég mikilvægt að nemendur haldi í og þroski vinnubrögð sem þau hafa lært í sínu fagi samhliða því að kynnast öðrum og oft fræðilegri vinnubrögðum. Ekki síður er mikilvægt að þau fái ný verkfæri til að vinna út frá á skapandi hátt með framtíðarnemendum sínum.

Markmiðið er að þau sem kennarar njóti þess sem þau hafa fram að færa ásamt nemendum sínum og finni fyrri reynslu og námi farveg á nýjum vettvangi.

Í námskeiðinu var unnið eftir kennslunálgun sem kennd er við Carl Orff en einnig út frá þeim meginstoðum sem nefndarmenn NACCCE skýrslunnar (1999) og Csikszentmihaly (1975, 1996, 2005) lögðu fram sem einkenni skapandi vinnu.

Eitt af markmiðunum var að sjá hvort við næðum einhvers konar afbrigði af flæði þar sem markviss vinna og sköpunargleði bæri nemendurna áfram þannig að staður og stund gleymdist

Elín Anna Ísaksdóttur, MA-nemi LHÍ

Samræmt námsmat í tónlist – Hver er reynsla hljóðfærakennara?

Árið 2000 var gefin út ný aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla og árið 2002 var tekið upp nýtt námsmatskerfi fyrir tónlistarskólana. Prófanefnd er sá aðili sem sér um framkvæmd námsmatskerfisins og skal sjá um samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum tónlistarskóla. Áfangaprófin eru þrjú talsins: grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf og hlusta valdir prófdómarar á þau. Aðilar að Prófanefnd eru um 70 tónlistarskólar eða rekstraraðilar þeirra á öllu landinu. Þar sem nokkur tími er nú liðinn frá innleiðslu þessa fyrirkomulags er töluverð reynsla komin á það og því áhugavert að skoða hvernig til hefur tekist.

Í rannsókninni sem hér verður kynnt voru tekin viðtöl við túi hljóðfærakennara og fimm skólastjórnendur. Kennarar og skólastjórnendur voru meðal annars inntir eftir reynslu þeirra af samskiptum við prófanefnd og prófdómara. Með viðtolunum var leitað svara við því hvort markmiðum prófakerfisins um aukna samræmingu hafi verið náð og hver sé reynslan af fyrirkomulagi og umgjörð prófanna í samanburði við það fyrirkomulag sem áður var við lýði. Einnig var reynt að varpa ljósi á stöðu nemenda og kennara í nýja kerfinu í samanburði við það gamla.

Sigurlaug Regína Friðþjófsdóttir, grunnskólakennari/stjórnandi

Tónlistarlífið við Tjörnina kringum aldamótin 1900

Í ljósi þess að í vor var opnað nýtt og glæsilegt tónlistarhús við höfnina í Reykjavík, sem ber heitið Harpa, er ekki úr vegi að huga að upphafi tónleikahalds í borginni og hverfa aftur til 19. aldar. Á ofanverðri 19. öld og fram til 1920 urðu straumhvörf í tónmennt og tónlistariðkun á Íslandi. Upphof tónleikahalds má rekja til þessa tíma og var þungamiðjan í tónlistarlífinu við Tjörnina í Reykjavík. Aðaltónleikahús landsins var staðsett þar sem nú er Ráðhús Reykjavíkur, en það var Báran, stundum nefnd Báruhús eða Bárubúð.

Erindið fjallar um upphaf opinbers tónleikahalds í Reykjavík. Verður einkum fjallað um þau húsakynni í Reykjavík sem voru notuð sem tónlistarhús frá upphafi tónleikahalds á 19. öld og fram til 1920. Einnig verður fjallað um tónleikana sem haldnir voru á þessu tímabili og komið inn á hvaða fólk stóð að tónleikahaldinu. Að lokum verður fjallað um hvers konar tónverk voru flutt og að hverju umræðan um tónleikana beindist í dagblöðum samtímans.

Mál og læsi leik- og grunnskólabarna; Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglings

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Grundvöllur læsis er lagður á leikskólaárunum: Málþroski, málvitund og hlustunarskilningur

Að barn öðlist góðan málþroska er mikilvægt markmið í sjálfu sér, en auk þess er tungumálið mikilvægasta verkfæri hugans og lykill að hugum annarra. Málþroski er því mikilvægur áhrifavalldur í alhliða þroska barna. Málþroski barna á leikskólaaldri er auk þess undirstaða lestrarnáms á fyrstu skólaárunum og lesskilnings síðar skv. erlendum rannsóknum.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar voru að:

- Kortleggja framfarir íslenskra barna í máli og málskilningi síðasta ár þeirra í leikskóla;
- Fá viðmiðunarramma um stöðu barna og einstaklingsmun í orðaforða, málfræði og skilning á orðræðu í samfelldu máli (hlustunarskilningur/söguskilningur) við upphaf skólagöngu;
- Kanna hvort og þá hvaða þættir málþroska 4ra ára barna spá fyrir um hlustunarskilning (undirstöðu lesskilnings) og HLJÓM (undirstöðu umskráningar) ári síðar.

Þátttakendur voru 111 fjögra ára börn úr átta leikskólum í Reykjavík sem fylgt var með árlegum mælingum á málþroska og fleiri þroskabáttum í þrjú ár. Í lok leikskóla voru þau auk þess prófuð á HLJÓM og tveimur undirprófum WISC (skynhugsun og vinnsluhraða).

Tölfræðigreining sýndi marktækjar framfarir á öllum málþroskamælingunum milli ára en jafnframt gríðarmikinn einstaklingsmun. Sterk tengsl voru á milli málþroskamælinganna innbyrðis og einnig milli þeirra og tilfinningaskilnings, vinnsluhraða og skynhugsunar. Eftir að tekið hafði verið tillit til WISC-undirprófanna og hlustunarskilnings árið áður, spáði orðaforði marktækt fyrir um hlustunarskilning við fimm ára aldur. HLJÓM og stafabekking höfðu engin áhrif. Stafabekking og málfræðipróf spáðu hins vegar fyrir um dreifingu á HLJÓM – orðaforði og hlustunarskilningur ekki. Niðurstöður samræmast þannig Simple View of Reading og ýmsum erlendum rannsóknum sem sýna að undirstöður umskráningar og lesskilnings eru aðskildar. Báðar eru í örri þróun á leikskólaárunum, hvor eftir sinni leið. Mikill munur er á færni einstakra barna í þessum lykilbáttum og mikilvægt að hafa hugfast að ólíkar kennsluaðferðir efla undirstöður umskráningar annars vegar og lesskilnings hins vegar.

Freyja Birgisdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Einstaklingsmunur og þróun læsis á fyrstu þremur árum grunnskólans

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr rannsókn á þroska, mál og læsi fjögra til átta ára barna. Umfjöllunin er í beinu framhaldi af erindi sem halddið var á Menntakviku fyrir ári (Freyja Birgisdóttir, 2010) þar sem athyglinni var beint að þróun læsis í fyrsta og öðrum bekk. Að þessu sinni verður fjallað um niðurstöður úr þriðju og síðustu gagnasöfnun rannsóknarinnar og leitast við að draga upp nákvæma

heildarmynd af þróun læsis á fyrstu þremur árum grunnskólans. Greining á gögnum rannsóknarinnar er ekki lokið en þær megin spurningar sem leitað verður svara við eru eftirfarandi: a) Hvernig þróast stafabekking, umskráningaráhæfni, stafsetning og lesskilningur barna á fyrstu þremur árum grunnskólans? b) Er marktækur einstaklingsmunur á þessum sviðum og ef svo er, breytist hann með aldri og skólagöngu? c) Hvaða svið málþroska og málvitundar spá best fyrir um árangur barna á fyrstu stigum lestrarnámsins? Vonir standa til að svörin við þessum spurningum nýtist við stefnumótun um kennslu í lestri og ritun og sem grunnur að markvissri snemmtækri íhlutun fyrir þau leik- og grunnskólabörn sem hafa greinst í áhættuhópi fyrir lestrarörðugleika.

Rannveig Oddsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Þróun stafsetningar og útlits texta hjá 6–8 ára börnum og tengsl við lestarfærni og sjálfstjórni

Mikilvægur þáttur þess að ná tökum á ritun er að læra að stafsetja orð rétt og tileinka sér reglur um uppsetningu texta hvað varðar útlit og framsetningu, s.s. hvenær á að nota hástafi og lágstafi, hvar á að hafa bil á milli orða og hvar á að setja greinarmerki. En hvernig tileinka börn sér þessar reglur? Þróast allir þessir þættir samhlíða í takt við hvern annan og lestrarfærni eða hafa aðrir þættir áhrif á þróunina? Rannsóknir hafa sýnt að sjálfstjórni barna getur haft mikið að segja fyrir gengi þeirra í námi og ein meginþessingar rannsóknar var því hvort sjálfstjórni spáir fyrir um getu barna í stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Fjörutíu og sex börnum var fylgt eftir í þrjú ár og voru þau á hverju ári prófuð í stafsetningu, textagerð, lestri og sjálfstjórni. Niðurstöðurnar sýna ótvírðæðar framfarir í bæði stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Sterk fylgni reyndist vera á milli frammistöðu í stafsetningu og lestri en mun veikari fylgni mældist á milli greinarmerkjasetningar og lestrar og á milli stafsetningar og greinarmerkjasetningar. Sjálfstjórni reyndist hafa sterkt forspárgildi fyrir frammistöðu í stafsetningu öll árin en hafði minni áhrif á greinarmerkjasetningu. Af þessum niðurstöðum má ráða að greinarmerkjasetning byggi á öðrum þáttum en þróun stafsetningar og læsis og að sjálfstjórni gegni mikilvægu hlutverki í þróun ritunar.

Pallborð

Mál og læsi leik- og grunnskólabarna; Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglings

Jóhanna Einarsdóttir, dósent Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Málsýni aðferð til að meta málþroska barna

Málsýni gefa mynd af því hvar börn eru stödd í málþroska á hverjum tíma og eru notuð til að afla gagna og rannsaka máltöku barna. Málsýni eru einnig mjög oft notuð til að meta málþroska barna og jafnvel talað um að hægt sé að nota þau sem gullinn mælikvarða á málþekkingu barna. Markmið verkefnisins er finna aldursbundin viðmið til að hægt sé að meta málþekkingu barna tekna með málsýnum. Er það gert

með það í huga að hægt verði að bera kennsl á börn sem eru sein eða sýna frávik í málþroska og greina styrkleika og veikleika þeirra út frá sjálfspottnu tali. Unnið verður út frá um 80 málsýnum sem þegar eru til í gagnagrunni en jafnframt verða tekin um 100 málsýni til viðbótar. Tölulegar upplýsingar byggjast á málssýnum sem eru 50 segðir að lengd. Aldursbundin viðmið verða fundin fyrir eftirtalda þætti; MLSo (meðallengd segða í orðum) HFO (heildarfjöldi orða í málsýni), FMO fjöldi mismunandi orða, HV (hlutfall villna og alhæfinga), auk HÚ (hlutfall útúrdúra). Í fyrrlestrinum verður greint frá fyrstu niðurstöðum og sýnd dæmi um nokkur málsýni. Enn fremur verður fjallað um bakgrunn og ferli rannsóknarinnar.

Guðrún Helga Gunnarsdóttir, M.Ed-nemi, Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Steinunn Torfadóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ, Helga Sigurmundsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ og Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur Námsmatsstofnun.

Kenndu mér að lesa vel! Um þróun sjónræns orðaforða hjá sex til níu ára börnum

Markmið rannsóknarinnar var að staðla ný orðlestrarpróf fyrir 1.-4. bekk í því skyni að skoða hvernig sjónrænn orðaforði þróast hjá sex til níu ára börnum. Prófið var lagt fyrir um 1400 nemendur í 1.-4. bekk í 18 grunnskólum á landinu. Í erindinu verður rýnt í gögnin og greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Óhætt er að halda því fram að sjónrænn orðaforði sé einn af þeim þáttum sem fylgjast þarf vel með í kennslu ungra barna og að lestur stakra orða sé þannig afar góður mælikvarði á undirstöðufærni í lestri. Hann getur bæði skýrt góða lesfimi en jafnframt gefið til kynna að eitthvað sé að í umskráningarferlinu.

Sædís Harðardóttir, M.Ed.-nemi Menntavísindasviði

Meðhöfundur: Steinunn Torfadóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ, Helga Sigurmundsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ og Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur Námsmatsstofnun.

Kenndu mér að lesa vel! Um þróun lesfimi hjá sex til níu ára börnum

Þróað var próf til að meta lesfimi hjá 6–9 ára börnum. Prófið var lagt fyrir um 1400 nemendur í 1.-4. bekk í 18 grunnskólum á landinu. Helstu niðurstöður eru þær að gögnin sýna mjög góðan samhljóm með mati á sjónrænum orðaforða samhliða mati á lesfimi á stöðu nemenda í lestri. Fram kom að fylgni villufjölda á sjónrænum orðaforða við leshraða er mjög góð og hærri en fylgni villufjölda á lesfimiprófum. Í erindinu verður fjallað nánar um tengsl lesfimi við sjónrænan orðaforða og gildi hvors þáttar fyrir sig í kennslu.

Bjartey Sigurðardóttir, sérkennari og talmeinafræðingur í Setbergsskóla og MA-nemi Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur Námsmatsstofnun

Kynning á greiningarprófinu Hljóðfærni

Kynnt verður Greiningarprófið Hljóðfærni sem er nýtt greiningartæki sem greinir nánar hljóðkerfisvanda nemenda í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika af þeim toga sem nefnd er dyslexía (lesblinda). Um er að ræða einstaklingspróf og er markhópur prófsins þau börn sem hafa fengið slaka útkomu á hljóðkerfisþætti lesskimunarprófsins; Leið til læsis – Lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla. Vinna við Hljóðfærni hófst í ársbyrjun 2010 og forþrófanir fóru fram í júní sama ár.

Stöðlunarútgáfa prófsins var lögð fyrir í tvennu lagi veturinn 2010–2011 og út frá því voru fundin þrjú mismunandi tímaviðmið. Meginviðfangsefni rannsóknarinnar var að leita svara við spurningunni: Í hverju felast veikleikar í hljóðkerfisvitund hjá þeim börnum í 1. bekk grunnskóla sem eiga erfitt með að ná valdi á lestri? Svara var leitað með því að rannsaka nánar hvaða þættir hljóðkerfisvitundar sýna mesta fylgni við umskráningarfærni í 1. bekk grunnskóla. Þetta var gert með því að bera niðurstöður úr Hljóðfærni saman við niðurstöður úr eftirfylgdarprófi Leið til læsis sem metur sjónrænan orðaforða nemenda í 1. bekk grunnskóla (Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir og Sigurgrímur Skúlason, 2011).

Nýjar leiðir í umgjörð náms á háskóla- og framhaldsskólastigi; nýting samskiptatækni á neti; Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Ása Björk Stefánsdóttir, kennsluleiðbeinandi HR

„Við kýldum á það . . .“ – Upplifun háskólakennara á því að kenna í fjarnámi í fyrsta sinn, hindranir og hvatning

Vorið 2008 var ákveðið innan mannfræðiskorar Háskóla Íslands að bjóða fjarnenum aðgang að námskeiðum sem einungis staðnemar sóttu áður. Þá um haustið var farið af stað með slíkt fjarkennsluform. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka og greina hvernig háskólakennrar takast á við nýtt kennsluform þegar þeir þurfa að kenna námskeið sín með nýjum áherslum þar sem nálgast þarf fjarnemendur með hjálp upplýsingatækni. Rannsóknarsprungarnar sem lágu til grundvallar voru: Hvernig upplifa háskólakennrar það að kenna í breyttu vinnuumhverfi þar sem þeir þurfa að fjarkenna og nota upplýsingatækni í þeim tilgangi? Hvaða erfiðleika glíma þeir við í kennslu og hvað auðveldar þeim að yfirstíga hindranir við þessar breyttu aðstæður? Hvaða áhrif hefur stoðþjónusta, tæknileg og kennslufræðileg, á kennslu og upplifun kennara? Notuð var eiginleg rannsóknaraðferð. Gagna var aflað með tíu viðtölum við þrjá kennara og verkefnastjóra mannfræðiskorar. Einnig lágu til grundvallar heimasíður námskeiða viðkomandi kennara til glöggunar á umfangi námskeiða og notkun upplýsingatækni. Þá eru bókanir í fundargerðum skorarinnar frá þessum tíma skoðaðar og bornar saman

við orð viðmælenda um hvernig ákvarðanir voru teknar. Niðurstöður sýna að undirbúa þarf jarðveginn vel innan stofnunar þegar tekin er ákvörðun um jafn stórar breytingar á kennsluháttum og hér var um að ræða. Allir sem taka þátt í kennslunni þurfa að vera með í að móta stefnuna og undirbúa kennsluna. Umbuna þarf fyrir aukna vinnu sem fylgir og veita meiri kennslufræði- og tæknilegan stuðning við kennara í upphafi. Það sem hvetur kennara áfram í frumkvöðlastarfi sem þessu er fyrst og fremst innri hvöt; áhugi kennara á að takast á við nýtt kennsluform og að nýta tæknina meira en þeir hafa áður gert þrátt fyrir aukið vinnuálag og litla umbun. Þá hvetur áskorun sem þessi, að kenna í fyrsta sinn í fjarnámi, til að kennrarar vinni meira saman til að ná settu marki. Rannsókn þessi er liður í að efla rannsóknir á sviði fjarkennslu hér á landi og þá sérstaklega í Háskóla Íslands þar sem ekki hefur verið mikið um slíkar rannsóknir. Þá er von míin að hún verði innlegg í umræðuna um stöðu kennara við innleiðslu fjarkennslu í háskólum.

Eygló Björnsdóttir, lektor HA

„Ég er svo óvanur svona fjarnemastússi“

Allir háskólar standa frammi fyrir aukinni samkeppni um nemendur. Fjárfamlög til þeirra eru háð nemendafjölda og getur það sett fámennum skólum þróngar skorður hvað varðar fjölbreytni námsframboðs. Ein af leiðunum til að þróa námsframboð og skipulag náms þannig að það sé eftirsóknarvert og henti sem flestum nemendum, óháð búsetu, gæti verið að líta ekki á námsframboðið sem staðarnám eða fjarnám heldur nám með hámarks sveigjanleika hvað varðar stað og stund fyrir sem flesta nema. Á vormisseri 2011 var ákveðið að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag í Háskólanum á Akureyri og bjóða upp á eitt tilraunanámskeið á hverju fræðasviði háskólans. Á vegum Hug- og félagsvísindasviðs varð námskeiðið Upplýsingatækni í skólastarfi sem kennt er í kennaradeild fyrir valinu og var námskeiðið kennt óháð stað og stund bæði fyrir staðarnema og fjarnema. Rannsókn sú sem hér verður kynnt var byggð á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir nemendur að námskeiði loknu auk þess sem tekin voru tvö rýnihópaviðtöl, annað við fjarnema og hitt við staðarnema. Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun nemendanna af því að stunda háskólanám með þessum hætti og varpa ljósi á þá þætti sem huga þarf að við áframhaldandi þróun þess.

Þuríður Jóhannsdóttir, lektor Menntavísindasviði Hi

Meðhöfundur: Sólveig Jakobsdóttir, dósent Menntavísindasviði Hi

Togstreita og tækifæri í samkennslu stað- og fjarnema við Kennaradeild MVS

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands var tekin sú ákvörðun að skólaárið 2010–2011 yrði stað- og fjarnenum á námskeiðum í grunnámi kennt saman. Þetta var gert að meginreglu en áður var stað- og fjarnenum yfirleitt ekki kennt saman nema þegar nemendur voru svo fáir að námskeið hefðu annars fallið niður. Í lok skólaársins fór fram úttekt í Kennaradeild með viðtölum við nemendur og kennara í 8 af 48 námskeiðum sem samkennd voru haustið 2010 og spurningalistakönnunum sem send var til kennara og grunnnema í Kennaradeild. Í erindinu eru niðurstöður úttektar kynntar. Fjallað verður um reynslu nemenda og kennara af þessu fyrirkomulagi og mat þeirra á gæðum samkennslu miðað við gæði náms

og kennslu í aðskildum hópum fjar- og staðnema. Niðurstöður gefa m.a. til kynna að samkennsla stað- og fjarnema hafi skapað ákveðna togstreitu en einnig að margir sjáí í þessu fyrirkomulagi áskorun og tækifæri til þróunar. Í lok erindis velta höfundar því fyrir sér hvernig nýjar hugmyndir um nám og kennslu, svo sem um nemendamiðað nám og myndun námssamfélaga geti stutt við þróun á umgjörð kennaranáms og hvernig nýta megi verkfæri upplýsinga- og samskiptatækni til að styðja nýjar leiðir í námi og kennslu kennaranema.

Halldór Árnason, framkvæmdastjóri Gráskinna – fræði og ferðalög

Fjarnámsbraut í auðlindanýtingu og umhverfisfræði

Framhaldsskólarnir á Hornafirði, Grundarfirði, Ólafsfirði og Egilsstöðum hafa tekið höndum saman við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og félag sem starfar á sviði fjarnáms og ferðaþjónustu um þróun fjarnámsbrautar í auðlindanýtingu og umhverfisfræðum. Á fjarnámsbrautinni verður boðið upp á heildstætt fjarnám til stúdentsprófs. Landshættir og byggðarlög í nærumhverfi skólanna fjögurra eru ólík og sérstæð um margt. Þessi munur verður nýttur til að styrkja námið. Framhaldsskólarnir hafa með sér náið samstarf við þróun, rekstur og kennslu á fjarnámsbrautinni. Með samstarfinu bjóða skólarnir nemendum upp á nám óháð búsetu og styrkja með því nærsamfélögin. Að undanförnu hafa orðið stórstígar framfarir í upplýsinga- og tölvutækni og í tengdri uppeldis- og kennslufræði. Innan námsumhverfisins verður þróaður vettvangur sem gerir nemendum kleift að vinna náið saman óháð búsetu og tengjast þannig skólaböndum. Einnig verður skapaður vettvangur innan námsumsjónarkerfisins fyrir kennara til að vinna saman að sífelldum umbótum. Þannig geta þeir, þrátt fyrir að fjarlægðir kunni að skilja þá að, unnið náið saman við að efla starfið á fjarnámsbrautinni. Hugsunin er að námið og kennslan verði sífellt skilvirkari vegna umbótastarfs sem þar verður unnið. Meðal forsendna fyrir hönnun er að fjarnámsbrautin uppfylli skilyrði nýrrar námsskrár, byggi á opnum námsbjörgum og að kennsla hefjist haustið 2012. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði.

Leikir og upplýsingatækni í grunnskólastarfi; Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Anna Guðrún Sigurvinssdóttir, bókasafns- og upplýsingarfræðingur, meistararanemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Frá yfirvöldum til kennslustofu. Hvernig kennsla upplýsinga- og samskiptatækni endurspeglar skóla- og aðalnámskrár

Aðalnámskrár og skólanámskrár liggja til grundvallar kennslu upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í grunnskólum á Íslandi. Í þessari rannsókn er skoðað hvernig stefna stjórnvalda kemur fram í aðalnámskrám grunnskólanna, skólanámskrám fimm grunnskóla og kennslu í þremur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Tekin voru viðtöl við tölvukennara, tölvuráðgjafa og bekkjarkennara auk þess sem farið var í vettvangsheimsóknir í two grunnskóla. Með aðstoð tölvunotkunarra Twining er skoðað í

aðalnámskrám, skólanámskrám, í viðtolum og á vettvangi, hversu mikill tími fer í tölvunotkun, hver tilgangur tölvunotkunarinnar er og til hvers þær eru notaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna meðal annars að bekkjakennrar sinna kennslu UST í auknum mæli í þeim skólum sem skoðaðir voru. Upplýsinga- og samskiptatækni er meðal annars notuð sem verkfæri við annað nám og þá til stuðnings, útvíkkunar og umbreytingar á því. Einnig er greint frá áhugaverðum verkefnum þar sem UST er samþætt við aðrar námsgreinar.

Halla Ingibjörg Svavarsdóttir, kennari Lækjarskóla í Hafnarfirði

Meðhöfundur: Kristín H. Thorarensen, deildarstjóri verkefna Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, forstöðumaður skólasafns Álfhólsskóla í Kópavogi

Skólasöfn í grunnskólum: Vannýtt auðlind í þágu skólapróunar?

Hér er greint frá þremur rannsóknum sem gerðar voru í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu veturninn 2010–2011. Könnuð var starfsemi skólasafna, viðhorf til þeirra og aðbúnaður. Þær voru allar unnar undir merkjum eiginlegra rannsóknaraðferða þar sem notuð voru markviss úrtök og gagna aflað með opnum viðtolum. Markmið rannsóknanna var að kanna viðhorf skólastjórnenda og bókasafns- og upplýsingafræðinga til skólasafna og aðkomu þeirra að upplýsingalæsi sem og samstarf bókasafns- og upplýsingafræðinga, fagaðila í tölvum og kennara. Þrátt fyrir að nálgun þessara rannsókna sé frá þremur ólíkum sjónarhornum má finna nokkurn samhljóm í niðurstöðum. Viðhorf skólastjórnenda til skólasafna virðist skipta máli um vægi þeirra innan skólanna og þá starfsemi sem þar fer fram en einnig vegur þungt virkni og áhugi starfsmanna. Best virðist ganga þar sem bókasafns- og upplýsingafræðingar stýra skólasöfnum og eru í góðu samstarfi við fagaðila í tölvum og kennara. Efling upplýsingalæsis virðist undir góðu samstarfi þessara aðila komið og markmiðssetningu skólanámskrár. Miklu máli skiptir að Aðalnámskrá grunnskóla og löggjöf um skólasöfn sé skýr hvað varðar markmið þeirra og starfsemi. Hugtakið upplýsingalæsi virðist hvorki skólastjórnendum né kennurum tamt.

Hildur Óskarsdóttir, verkefnastjóri Saga Media

Notkun tölvuleikja í kennslu – Raunveruleikurinn í grunnskólastarfi

Almenna viðhorfið gagnvart tölvuleikjum er að þar sé á ferð einföld skemmtun, fræðimenn hafa hinsvegar sýnt fram á að mikið nám eigi sér stað við spilun tölvuleikja (t.d. Gee, 2005). Þar komi saman nám og skemmtun og djúpstæð þekking verði til. Í þessu erindi verður fjallað um notkun tölvuleikja í kennslu. Fræðimenn hafa bent á gagnsemi tölvuleikja en þó einnig gagnrýnt innleiðingu þeirra í kennslu. Rannsókna er þörf á gerð og hönnun tölvuleikja. Sú mikla þekking sem til er í tölvuleikjaiðnaðinum gæti nýst þeim sem standa að námsefnisgerð. Í erindinu verður fjallað um rannsókn sem gerð var á Raunveruleiknum, sem er gagnvirkur íslenskur hermileikur spilaður í 9. og 10. bekkjum grunnskóla um allt land. Leikurinn gæti flokkast sem skemmtimennt (e. edutainment) sem er nám sem sett hefur verið innan ramma skemmtiefnis. Rannsóknin var tvíþætt. Safnað var gögnum með spurningalistakönnun (rafrænni) sem send var til 115 kennara sem hafa skráð sig inn í leikinn og svoruðu 61 (55% svörun). Þá voru einnig tekin nokkur viðtöl, fjögur við kennara sem hafa notað leikinn í kennslu en einnig tvö við

kennara sem hafa kosið að gera það ekki. Fyrstu niðurstöður benda til þess að flestir notendur úr hópi kennara séu ánægðir en ýmsar ábendingar komu fram um hvernig bæta megi leikinn. Í erindinu eru dregnar saman tillögur og ábendingar um þróun og notkun leiksins sem gætu nýst forsvarsmönnum hans og notendum. Niðurstöður gætu einnig nýst þeim sem hafa áhuga á nýtingu skemmtimenntar og leika í skólastarfi. Raunveruleikurinn hefur verið í notkun í sjö ár en aldrei áður gerð úttekt eða rannsókn á notkun hans. Áhugavert væri að gera fleiri rannsóknir og fá þá einnig fram viðbrögð nemenda en ekki var rætt við þá í þessari rannsókn.

Guðrún Margrét Sólonsdóttir, kennari Garðaskóla og MA-nemi Menntavísindasviði HÍ Samfélagsfræði í „Second Life“

Í þessu erindi verður fyrst fjallað um Second Life sem er sýndarveruleikaheimur á netinu. Second Life byrjaði sem samskiptavefur sem hefur þróast og breyst með notendum. Kynntar verða rannsóknir á notkun Second Life og sýnd dæmi um hvernig það hefur verið nýtt í skólastarfi. Fjölmargar menntastofnanir erlendis eru nú farnar að nota Second Life. Þessar stofnanir hafa t.d. byggt upp svæði innan Second Life sem eru sýndarkennslurými og/eða eftirlíkingar af hlutum eða landsvæðum sem nýtast í kennslu. Á hinn bóginn hefur lítil sem engin nýting verið á möguleikum Second Life hér á landi a.m.k. í menntun og skólastarfi. Í lok erindisins verður stuttlega kynnt þróunarverkefnið Samfélagsfræði í Second Life sem hlaut styrk úr Sprotasjóði 2011 og er frumkvöðlastarf í nýtingu sýndarveruleika í kennslu hér á landi. Samfélagsfræði í Second Life er hugsað sem hjálpartæki við samfélagsfræðikennslu. Námsefni 9. bekkjar í samfélagsfræði verður fylgt þar sem námsefnið er bæði landafræði og saga. Í landafræði hlutanum er námsefnið heimsálfurnar en í söguhlutanum er farið yfir sögu Íslands frá siðaskiptum til 20. aldar. Í verkefninu verður ferðast innan Second Life til staða sem tengjast námsefninu. Nemendur vinna verkefni og halda dagbók og skila myndum frá ferðalögum sínum. Í seinni hluta verkefnisins, þegar Íslandssagan verður kennd, er hugmyndin að kaupa landsvæði i Second Life og nemendur byggðu þar upp svæði til að kynna menningu og sögu Íslands. Nemendur munu sjálfir þróa þetta svæði og gæti það annað hvort verið landsvæði eða byggingar sem hýstu kynningarefnið.

Torg, gáttir og önnur rými: Könnunarferð um kjörlendur náms- og starfssamfélaga. Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

NETTORG: Uppbygging tengsla- og félagsneta í menntun og rannsóknum

Mikil þróun á sér nú stað í uppbyggingu óformlegra tengslaneta og formlegri samfélaga. Sífellt flóknara er að byggja upp hentugt stafrænt umhverfi sniðið að þörfum viðkomandi samfélaga þar sem nýir miðlar, verkfæri og tæknimöguleikar eru í stöðugri þróun. Vanda þarf til vals þeirra og þeirra aðferða sem nýttar eru til að fá góða þátttöku og virkni. Um er að ræða nýtt rannsóknarsvið þar sem þörf er á að

skapa meiri þekkingu. Í þessu erindi verður greint frá stefnum og straumum og rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast þessu efni. Kynntar verða hugmyndir um NETTORG – fyrirhugaðað rannsóknar- og þróunarverkefni hér á landi undir forystu RANNUM með þáttöku fleiri rannsóknastofa við Menntavísindasvið. Í verkefninu munum við skoða uppbyggingu tengsla- og félagsneta í menntun og rannsóknum (starfendarannsókn með 10 samfélögum). Einnig munum við skoða sérstaklega ákveðið samfélag, Tungumálatorgið sem hefur samastað á netinu. Um er að ræða bæði þróunarverkefni til að stuðla að uppbyggingu torgsins fyrir mismunandi notendahópa og rannsóknir þar sem nýtingin og áhrif hennar eru skoðuð með eigind- og megindlegum aðferðum. Verkefnið getur skapað fræðilegan og hagnýtan þekkingargrunn á nýju sviði sem getur gagnast vel til að nýta og þráa nýjar leiðir með nýjum miðlum og tæknimöguleikum í menntun og rannsóknum.

Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Tungumálatorgi

Spuni 2011 – netverkfæri til náms og kennslu

Á netinu má finna mikið af hugbúnaði sem kemur að góðum notum í skólastarfi og hefur úrval af verkfærum sem nýtast vel við nám og kennslu tungumála aldrei verið meira. Á vormisseri 2011 var boðið upp á námskeiðið Spuni 2011 á Tungumálatorgi þar sem athyglið var beint að verkfærum á neti sem tengjast samskiptum, skapandi verkefnavinnu, hljóð- og myndvinnslu, miðlun efnis, höfundarétti o.fl. Námskeiðið sem styrkt var af Endurmenntunarsjóði grunnskóla fór fram í fjarnámi. Náms- og kennsluefni var miðlað á vef námskeiðsins á Tungumálatorgi og samskipti þátttakenda fóru fram á vefnum og í tölvupósti. Áhugi og tími til að fylgjast með kynningum, taka þátt í umræðunni, skrá eigin ástundun í dagbók/lotubók og prófa valin verkfæri með hópi nemenda á námskeiðstímanum var forsenda fyrir þáttöku. Í erindinu verður fjallað um hönnun og útfærslu námskeiðsins, þáttöku kennara og notkun þeirra með nemendum. Kynntar verða niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í lok námskeiðs, fjallað um hugmyndafræði starfssamfélaga og möguleika starfsþróunarnámskeiða í anda Spuna þar sem áhersla er lögð á samræður, ígrundun, samvinnu kennara og samhengi við starfið.

Salvör Gissurardóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Hackerspaces og ný verkenning – Samfélög um verklag, tækni og skapandi vinnu

Í erindinu er fjallað um tilviksrannsókn á íslenska Hackerspace fyrri hluta ársins 2011. Skoðuð er þróun samfélagsins, hvers konar nám og starfsemi fer þar fram og hvaða hugmyndafræði samfélagið byggir á. Gögnum var safnað með etnógrafískri aðferð en leitast við að skoða og greina Hackerspace samfélagsrýmið og starfsemi þess út frá menningar- og sögulegri starfsemiskenningu (e.g. Cultural Historical Activity Theory, CHAT) () og skoða mótt þess við önnur starfsemiskerfi og greina árekstra. Leitast er við að greina hvernig samspil verkfæra og samfélags, reglna og þess sem búið er til breyta starfseminni. Líta má á Hackerspace sem menningarkima sem á upptök sín í hakkaramenningu, félagsrými þar sem ný gerð verkenningar er í móttun. Framleiðslumenning skapast sem hverfur frá fjöldaframleiðslu iðnaðarsamfélags með skýrum skilum milli framleiðenda og neytenda og þar sem framleiðandi framleiðir vöru með ákveðið tiltekið notagildi, yfir í gerandamenningu eða skapandi iðju

þar sem vörur eru framleiddar og settar saman á vettvangi, af þeim sem nota þær. Framleiðsla er þá síkvikt samvinnuferli þar sem teknar eru einingar úr öðrum vörum og endurblandað í nýja vöru eða virkni. Skoðuð er þróun hackerspaces sem samfélags um slíkra verkmenningu og sem lið í þróun opinna samfélaga, þróun sem hófst með samfélögum um opinn hugbúnað og barst áfram yfir í samfélög um opið efni og vex nú upp í samfélög um opinn vélbúnað.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Meðhöfundur: Tryggvi Björgvinsson, tölvuverkfrafæðingur

Þróun og hugmyndafræði nýrrar Menntagáttar

Á þessu ári hefur verið í smíðum ný Menntagátt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við 3f Félag um upplýsingatækni og menntun og RANNUM Rannsóknarstofu um upplýsingatækni og miðlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í erindinu verður hugmyndafræði Menntagáttarinnar kynnt og hvaða þarfir henni er ætlað að uppfylla. Menntagáttin er unnin í samræmi við stefnu stjórvalda um frjálsan og opinn hugbúnað. Markmiðið er að hún þróist út frá samfélagini frekar en að hún sé þróuð fyrir samfélagið. Henni er m.a. ætla að veita upplýsingar um allt nám á Íslandi og þá þjónustu, ráðgjöf og aðstöðu sem nemendum stendur til boða. Hún veitir aðgengi að rafrænni innritun og býður upp á öflugt menntasamfélag og verkfæri til að miðla efni og búa til efni sem nýtist til náms og kennslu. Þá er henni ætlað að auðvelda kennurum að nýta sér upplýsingatækni og miðlun við kennslu, auk þess að auðvelda námsefnishöfundum að höfundaréttarmerkjum efnið sitt með frjálsum leyfum. Gáttinni er auk þess ætlað að veita aðgengi að opnum menntaefnis- og verkfærabanka og mun bjóða upp á verkfæri til að búa til námsbrautir, áfanga og skólanámskrár.

Sjálfræði og fatlað fólk; Rannsóknarstofa í þroskaþjálfafræðum

Ástríður Stefánsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Sjálfræði sem siðferðilegt hugtak; merking þess og gildi

Á undanförnum áratugum hefur gætt vaxandi áherslu á umfjöllun um mannréttindi og jafnan aðgang allra hópa að þeim gæðum sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er dæmi um þessa þróun. Í samningnum kemur skýrt fram að fólk með fötlun þarf oft að vinna gegn þeirri staðalímynd að þau séu „eilíf börn“ þar sem þeim er neitað um þátttöku í samfélagini sem fullorðnir einstaklingar. Er samningurinn einmitt settur fram til að styrkja fólk í þeirri baráttu. Í þessari umræðu er mikil lagt upp úr sjálfræði sem siðferðilegu gildi og byggt á hugmyndum um sjálfræði við útfærslu þessara markmiða. Í þessum fyrirlestri verða skoðaðar ólíkar skilgreiningar á sjálfræðishugtakinu til að fá dýpri mynd af merkingu þess. Jafnframt verður skoðað siðferðilegt gildi sjálfræðis til að skilja betur mikilvægi þess í umræðu um hvoru tveggja fullorðinshlutverkið og fullgilda samfélagsþátttöku. Markmið greiningarinnar á hugtakinu er að fá betri skilning á þeim valdaþáttum sem eru að verki í samfélagini og geta leitt til aðgreiningar einstaklinga með fötlun frá hinum ófatlaða

meirihluta. Jafnframt er umfjölluninni ætlað að byggja sterkari fræðilegan grunn fyrir þá valdeflingu sem einstaklingar með þroskaskerðingu þurfa á að halda í fullorðinshlutverkinu.

Kristín Björnsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kynverund og sjálfræði: Konur með þroskahömlun

Í erindinu verður gert grein fyrir eigindlegrí rannsókn sem hófst 2011 og snýr að kynverund kvenna með þroskahömlun, upplifun þeirra og reynslu. Árið 2007 skrifaði fulltrúi Íslands undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og viðurkenndi þar með full mannréttindi og sjálfræði fatlaðs fólks. Í samningum er meðal annars kveðið á um rétt fatlaðs fólks til að stofna til sambands og ganga í hjónaband ásamt því að halda frjósemi sinni til jafns við aðra. Þrátt fyrir að samningur þessi hafi enn ekki verið lögfestur á Íslandi hefur hann áhrif á stefnumótun og þjónustu við fatlað fólk. Misræmi er á milli samningsins og íslenskrar löggjafar því enn eru til að mynda í gildi lög frá árinu 1975 sem heimila ófrjósemisaðgerðir án samþykkis einstaklingsins sé það mat sérfræðinga að hann sökum greindarskerðingar sé ekki fær um að taka þessa ákvörðun sjálfur. Ef aðstæður kvenna með þroskahömlun eru skoðaðar í sögulegu samhengi kemur í ljós að algengt var að þær færū í ófrjósemisaðgerðir jafnvel án samþykkis og vitundar. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um slíkar aðgerðir í seinni tíð, en margt bendir til að konum með þroskahömlun sé mismunað og ekki borin virðing fyrir kynverund þeirra, litið sé á þær sem „börn að eilífu“ og þær vanmetnar í hlutverki sjálfráða fullorðinna kvenna. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum og beinir sjónum að upplifun og reynslu kvennanna, samspili fötlunar, kyngervis og sjálfræðis og hvernig það hefur móttandi áhrif á kynverund þeirra. Þátttakendur eru sex konur á aldrinum 26–46 ára sem greindar hafa verið með þroskahömlun. Í erindinu verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og fjallað um reynslu þeirra af kynfræðslu, hugmyndum um kynlíf, kynferði og kyngervi. Sérstakri athygli er beint að skilningi þeirra að eigin líkama og hugmyndum um sjálfræði.

Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Sjálfræði og ófrjósemisaðgerðir á konum með þroskahömlun

EKKI er langt síðan farið var að ræða um hugtakið sjálfræði í tengslum við hópa eins og fólk með þroskahömlun. Í sögulegu samhengi var þessi hópur oftast nær sviptur möguleikunum til sjálfræðis og eru ófrjósemisaðgerðir undir fölsku yfirskini eitt versta dæmi þess. Langt fram á 20. öld tókaðist bæði hér á landi og víða í hinum vestræna heimi að konur með þroskahömlun væru látnar gangast undir ófrjósemisaðgerðir. Þrátt fyrir það hefur lítið verið fjallað um reynslu og upplifun kvenna með þroskahömlun af slíkum aðgerðum. Í erindinu er byggt á eigindlegrí rannsókn sem hófst árið 2011 og snýr að kynverund kvenna með þroskahömlun. Hluti rannsóknarinnar beinist að því að kanna hver sé reynsla og upplifun kvenna með þroskahömlun af ófrjósemisaðgerðum og hvaða áhrif þessi reynsla hefur haft áhrif á kynverund kvennanna. Í erindinu er byggt á viðtölum við sex konur með þroskahömlun á aldrinum 46–66 ára. Fyrstu niðurstöður benda til að helmingur kvennanna hafi farið í ófrjósemisaðgerðir undir fölsku yfirskini, þeim var öllum tjáð að um botnlangaskurð væri að ræða. Enn fremur kemur fram að þessi reynsla var flestum konunum afar sár og þær höfðu ekki haft mörg tækifæri til að vinna sig í

gegnum hana. Svo virðist sem mikil þöggun hafi ríkt um þessar aðgerðir og „ekki megi tala um þetta“ eins og ein konan orðar það. Þá kom líka fram hjá konunum að þær höfðu ekki allar áhuga á að eignast börn þratt fyrir að þær teldu sig ráða við foreldrahlutverkið. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þær töldu að barneignir myndu draga verulega úr möguleikum þeirra til sjálfstæðis og þær treystu ekki þeirri félagslegu aðstoð sem í boði er.

Lilja Össurardóttir, þroskaþjálfi og MA í fötlunarfræði

Fullorðinshlutverk og sjálfraði

Fullorðinshlutverkin eru margþætt og mismunandi og í mörgum samfélögum tengjast þau sérstökum mannvígluathöfnum þar sem unga fólkvið er formlega tekið í fullorðinna manna tölu. Löng leið er að þeim þroska sem þarf til að takast á við ný hlutverk í lífinu og enginn einn atburður gerir fólk fullorðið. Ferlið sem allir ganga í gegnum áður en þeir verða fullorðnir tengist ólíkum tímabilum í lífi þeirra. Breytilegt er milli menningarheima hvenær ungt fólk tekur á sig skyldur og ábyrgð fullorðinna og því er mismunandi hversu langt tímabil þetta er. Það er hluti af þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem fylgir hlutverki hins fullorðna að fylgja lögum og reglum samfélagsins og bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum, en í því felst meðal annars það að stofna fjölskyldu. Mikilvægt hlutverk fullorðinsárranna er að taka sjálfstæðar ákvarðanir er varða eigið líf ásamt því að bera fjárhagslega ábyrgð á sér og sínum. Það gerir fólk með því að stunda launavinnu og skila þannig hlutverki sínu til samfélagsins og fjölskyldunnar. En þannig tengjast líka hugmyndir okkur um fullorðinshlutverk hugmyndum um sjálfraði. Í erindinu verður gert grein fyrir eigindlegri rannsókn sem gerð var á árunum 2008 og 2009 og miðar að því að varpa ljósi á það hvaða skilning ungt fólk með þroskahömlun leggur í það að vera fullorðinn og hvernig sá skilningur samræmist hefðbundnum samfélagslegum hugmyndum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 57 talsins, en lykilþátttakendur voru fimm ungar konur með þroskahömlun. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að staða ungs fólks með þroskahömlun í samfélagini er mjög ólík stöðu ófatlaðra jafnaldra. Þau eru í sérúrræðum tengdum skóla, tómstundum, íþróttastarfi, sérbrautum í framhaldsskóla, búsetu og atvinnutækifærum. Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í samfélagini sýna niðurstöður að ungu konurnar hafa nánast sömu sýn á fullorðinshlutverkið og almennt er viðurkennt í samfélagini. Niðurstöðurnar sýna einnig að þær upplifa ákveðnar hindranir þegar kemur að sjálfstæði og sjálfraði. Í erindinu verður leitast við að lýsa því hvernig samfélagið styður eða hindrar fólk með þroskahömlun í því að taka fullan þátt í fullorðinshlutverkinu.

Þjónusta við fatlað fólk; Rannsóknarstofa í þroskaþjálfafræðum

Sigrún Þ. Broddadóttir, aðjúknt Menntavísindasviði Hi

Meðhöfundur: Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent Menntavísindasviði Hi

Sýn foreldra á gæði þjónustu í búsetu

Í erindinu verður fjallað um hvað foreldrar ungs fólks með þroskahömlun upplifa sem góða þjónustu á heimilum fullorðinna barna sinna og hvað má betur fara. Erindið byggir á gögnum sem aflað var í tengslum við meistararitgerð höfundar sem ber heitið: Að flytja úr foreldrahúsum: Upplifun og reynsla ungs fólks með þroskahömlun og foreldra þeirra (febrúar, 2010). Markmiðið með erindinu er að varpa ljósi á reynslu foreldra af stuðningi og aðstoð sem veitt var á heimilum unga fólksins og hvernig þeir töldu að best væri að haga þjónustunni. Rannsóknin var unnin samkvæmt eigindlegri aðferðafræði og á sviði fötlunarfræða. Gagna í þeim hluta rannsóknar sem hér er til umfjöllunar var aflað með viðtolum við 11 foreldra. Foreldrar töldu meðal annars að góð þjónusta endurspeglalist í því að unga fólkis fengi tækifær og stuðning til þátttöku í samfélaginu sem og hæfilega aðstoð og leiðsögn við daglegt líf inni á heimilum sínum. Það sem foreldrar töldu helst misbrest á var að þeir væru ekki hafðir með í ráðum og virtir sem hluti af lífi fullorðinna barna sinna eftir að þau væru flutt að heiman. Foreldrar höfðu til dæmis efasemdir um að starfsfólk gæti metið þörf fyrir þjónustu án þess að hafa foreldra með í ráðum, ekki síst ef unga fólkis átti erfitt með að tjá sig og/eða koma óskum og þörfum á framfæri.

Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði og doktorsnemi í fötlunarfræðum

Fjölskyldumiðuð nálgun: samstarf fjölskyldna og fagfólks

Oft er litið á fjölskyldur fatlaðra barna sem sérstakan hóp og hefur hugtakið „fatlaðar fjölskyldur“ orðið til vegna þeirrar félagslegu, fjárhagslegu og persónulegu sérstöðu sem þessar fjölskyldur búa við. Almennt er viðurkennt að gott samstarf fagfólks við foreldra fatlaðra barna sé mikilvæg forsenda árangurs en rannsóknir benda til að oft sé óljóst hvernig haga eigi samstarfinu og í hverju það eigi að felast. Síðastliðin ár hefur fjölskyldumiðuð nálgun í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra átt fylgi að fagna innan þjónustukerfisins hér á landi. Fjölskyldumiðuð nálgun byggir á þeiri sýn að barnið og fjölskyldan sé eitt kerfi og að þarfir fjölskyldunnar í heild skuli hafðar að leiðarljósi þegar stuðningur er veittur. Í erindinu er fjallað um hin flóknu tengsl foreldra ungra fatlaðra barna og fagfólksins sem starfar innan félags- og menntakerfisins. Horft er á þessi tengsl í ljósi fjölskyldumiðaðrar nálgunar og verða nýjar hugmyndir um samstarf foreldra og fagfólks ræddar. Erindið byggir yfirstandandi doktorsrannsókn höfundar sem unnin er samkvæmt eigindlegri rannsóknarhefð. Tekin voru viðtöl við foreldra fjögurra barna og ráðgjafa innan þjónustukerfisins. Niðurstöðurnar eru skoðaðar í ljósi hugmynda um gæðaþjónustu sem byggist á fjölskyldumiðaðri nálgun. Markmið rannsóknarinnar í heild er að kanna, greina og útskýra hið meinta misræmi á milli yfirlýstra markmiða félags- og menntakerfisins og reynslu foreldra af þjónustu og samstarfi innan þessara kerfa.

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við HA

Raddir framhaldsskólanemenda með hreyfihömlun

Markmið: Tilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að kanna hvernig nokkrum börnum sem tóku þátt í doktorsrannsókn minni, Þátttaka nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi á árunum 2000-2005, hefur vegnað og að rýna í aðstæður þeirra, félagslega þáttöku og viðhorf. Greint verður frá þeim hluta rannsóknarinnar sem viðvíkur skólakerfinu, sér í lagi upplifun og reynslu nemendanna af grunnskólagöngunni annars vegar og framhaldsskólanum hins vegar. Aðferð: Gögnum er safnað með opnum viðtölum við ungmennin og vettvangsathugunum í skólum þeirra. Stuðst er við túlkunarfræðilega úrvinnslu og aðferð grundaðrar kenningar við greiningu gagna. Helstu niðurstöður: Ungmennin eru ólík en eiga þó ýmislegt sameiginlegt. Almennt eru þau sátt við framhaldsskólann og sammála um að hann komi mun betur til móts við þarfir þeirra en grunnskólinn, bæði námslega og félagslega séð. Auk þess virðist umhverfi framhaldsskólanna að mörgu leyti aðgengilegra en í grunnskólanum. Félagsleg þátttaka nemendanna er hins vegar æði misjöfn, sem og viðhorf þeirra og væntingar til skólakerfisins og til framtíðarinnar. Fjallað verður stuttlega um einkenni og aðstæður hvers þátttakanda og hópsins í heild. Teft verður saman nýjum og eldri rannsóknargögnum, og niðurstöður túlkaðar út frá kenningum um tímamót og umskipti í lífi fatlaðra barna.

Menntun; Rannsóknarstofa í þroskaþjálfafræðum

Anna Björk Sverrisdóttir, þroskaþjálfí

„Hvað getur skólinn gert meira?“: Reynsla fjögurra ungmenna sem áttu erfitt uppdráttar í grunnskóla

Stefna um skóla án aðgreiningar er bundin í lögum um grunnskóla frá 2008 en þar segir m.a. að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsparfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður meistaraprófsritgerðar sem unnin var árið 2009. Ritgerðin ber heitið: „Hvað getur skólinn gert meira?“ og byggir á eigindlegrí lífssögurannsókn. Tekin voru viðtöl við fjögur ungmenni sem áttu erfitt uppdráttar í skóla af ólíkum ástæðum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að skólinn hafi átt erfitt með að koma til móts við þarfir ungmennanna á einstaklingsgrundvelli og greina mátti úrræðaleysi gagnvart þeim erfiðleikum sem ungmennin stóðu frammi fyrir. Þrátt fyrir ólíkan vanda var upplifun þeirra oft á tíðum mjög áþekk og þau komu meðal annars inn á það að nám og kennsla hafi aðeins að litlu leyti verið sniðin að þeirra þörfum. Einnig kom fram að þau upplifðu neikvætt viðmót kennara í sinn garð og leið betur í samskiptum við starfsmenn utan bekkjar. Í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar og þeirrar staðreyndar að skóla ber að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda verður sjónum einnig beint að hæfni og undirbúningi þeirra sem starfa með ungu fólk með sérþarfir innan skólans.

Ágústa Rós Björnsdóttir, verkefnastjóri diplómunáms fyrir fólk með þroskahömlun Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Hulda Sigurjónsdóttir nemi og Sigríður Sigurjónsdóttir nemi

Frá Íslandi til Írlands og aftur heim

Árið 1996 urðu þáttaskil í sögu sérkennslu á Íslandi. Sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskóla af ríkinu, en framhaldsskólarnir voru áfram á hendi ríkisins. Í kjölfarið var framhaldsskólunum falið að sjá um menntun unglings með þroskahömlun. Nú stunda nemendur með þroskahömlun í auknum mæli nám í sömu framhaldsskólum og ófatlaðir jafnaldrar þeirra. Önnur þáttaskil urðu haustið 2007 þegar Háskóli Íslands bauð í fyrsta sinn upp á starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Tveir hópar hafa nú útskrifast úr náminu, en það eru tiltölulega fáir háskólar í heiminum sem bjóða upp á háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun og fátítt að námið skuli vera án aðgreiningar. Nemendur í starfstengdu diplómanámi við Háskóla Íslands sækja námskeið á Menntavísindasviði samhliða öðrum stúdentum og eiga þess kost að taka virkan þátt í stúdentalífinu. Í júníbyrjun 2011 fóru 17 útskriftarnemendur úr starfstengda diplómanáminu í námsferð til Írlands þar sem sóttur var heim Trinity College í Dublin sem einnig býður upp á nám fyrir fólk með þroskahömlun. Í erindinu verður gerð grein fyrir ferðinni og námsbrautinni við Trinity College og leitast við að svara því á hvern hátt námið þar er frábrugðið náminu við Háskóla Íslands, hvað getum við lært af þeim og hvað geta þau lært af okkur? Einnig verður leitast við að svara því hvort og þá hvernig skipulag þessara námsbrauta samræmist yfirlýstri alþjóðlegri stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?

Ingibjörg Harðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Að auka víðsýni, umburðarlyndi og skilning gagnvart ólíkum fjölskyldum með ólíkar þarfir og viðhorf: Vætingar þroskaþjálfanema í námskeiðinu Fjölskyldan/samvinna

Í þroskaþjálfanámi hefur verið námskeið um samvinnu í fjölskyldum og við fjölskyldur síðan haustið 1993. Námskeiðið hefur frá upphafi verið kennt að hausti á síðasta námsári (5. misseri). Umsjónarmaður hefur haft að leiðarljósi að stuðla að virkni nemenda og gefið þeim tækifæri til að hafa áhrif á innihald námskeiðsins. Í þeim tilgangi hafa nemendur í fyrsta tíma námskeiðsins unnið í hópum og sett fram skriflega vætingar sínar til námskeiðsins og íhugað hvaða hæfni þau vilji ná. Greind hafa verið gögn frá árunum 1996 til 2010 og hafa alls um 300 nemendur tekið þátt og sett fram vætingar sínar. Ekki eru upplýsingar um fjölda nemenda í öllum árgögum en þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir er þátttaka 75-92% af nemendum námskeiðsins. Í erindinu verða kynntar vætingar nemendanna, en þær hafa breyst töluvert á þessu tímabili. Varpað verður fram hugmyndum um hvernig vætingarnar endurspegla ríkjandi hugsunarhátt og hugmyndafræði í þroskaþjálfanáminu annars vegar og þjóðfélaginu hins vegar.

Kristín Lilliendahl, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ

Hvað getur kennari lært af námsháttum nemenda? Könnun á námsháttum nemenda á þroskaþjálfabraut og áhrif á starfhætti kennara

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir könnun sem gerð var vorið 2010 á vinnubrögðum og námsvenjum þroskaþjálfanema á fjórða misseri í námskeiðinu Einstaklingsmiðuð þjónusta; starfshættir þroskaþjálfa, í því skyni að fá betri skilning á stöðu nemenda gagnvart námsefninu og laga kennslu enn betur að þörfum þeirra og námsstíl. Fjallað verður um tilurð könnunar, helstu niðurstöður og velt upp spurningum um hvernig könnun sem þessi nýtist kennara til viðbótar hefðbundnum kennslukönnunum sem nemendur svara jafnan á netinu. Þá verður einnig velt vöngum yfir hugsanlegum áhrifum kannana eins og þessarar á starfsþróun kennara og samvinnu þeirra við nemendur.

Grunnskólinn: Viðhorf, sjálfþræði og umbótastarf; Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Gerður G. Óskarsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu um þróun skólastarfs HÍ

Kynning á rannsókninni Stafshættir í grunnskólam

Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri

Námsumhverfi grunnskóla: „Mér finnst hún lokuð en samt opin“

Rannsóknin beinist að viðhorfum nemenda til námsumhverfis skólans, þ.e. skólahúsnaðis, skólalóðarinnar og búnaðar sem nýttur er í náminu, en einnig að þeim stöðum sem skólinn nýtir sem námsumhverfi nemenda t.d. söfnum og útkennslustofum. Markmiðið er að gefa mynd af ytra námsumhverfi grunnskóla og fá fram viðhorf nemenda til þess. Leitað er svara við eftirfarandi spurningum:

- Hver eru viðhorf nemenda til umhverfisins?
- Hvaða breytingar leggja nemendur til?
- Er draumaskólastofa/-skóli nemanda frábrugðin þeirra eigin umhverfi?

Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum við 4 -5 nemendur í 6. bekk í sex skólum. Fyrstu niðurstöður benda til að atriði sem nemendur vilja breyta fari saman við þær kröfur sem talið er að þurfi að einkenna skóla 21. aldarinnar eins og gott aðgengi að tölvum, misstór rými sem taka tillit til mismunandi námsstíls og viðfangsefna hverju sinni. Hönnun og skipulag skóla og viðhorf nemenda til þess eru þættir sem lítið hafa verið rannsakaðir í íslenskum grunnskólam. Það er brýnt að fá fram viðhorf nemenda til námsumhverfis og geta tekið mið af þeim við skipulag skóla í þeim tilgangi að stuðla að góðri líðan

nemenda og bættum námsárangri. Rannsóknin er meistaraverkefni höfundar og er unnin innan Rannsóknarverkefnisins Starfshættir í grunnskólum.

Ingibjörg V. Kaldalóns, doktorsnemi og stundakennari Menntavísindasviði

Starfshættir í skólastarfi: Stuðningur við sjálfræði nemenda

Til umfjöllunar er hluti af doktorsverkefni sem fjallar um stuðning við sjálfræði nemenda í grunnskólum en rannsóknir sýna að sjálfræði er mikilvægur þáttur náms og velferðar. Í málstofunni verður sjónum beint að starfsháttum á miðstigi grunnskóla þar sem kannað var hvernig stuðningi við sjálfræði nemenda er háttað. Sjálfræði byggist á þeiri tilfinningu að athafnir séu sjálfsprottnar, þær séu í samræmi við eigin áhuga, gildi og vilja. Stuðningur við sjálfræði nemenda í skólastarfi vísar til þess hvaða aðstæður og möguleikar eru skapaðar í skólastarfi svo nemendur upplifi sjálfræði í athöfnum sínum, t.d. að hvaða marki nemendur fá tækifæri til 1) að taka ákvarðanir um sitt nám, 2) að setja sér markmið og þróa með sér gildi, áhuga o.fl. Gagnaöflun var unnin á vegum rannsóknarinnar Starfshættir í grunnskólum 2009–2011 þar sem gögnum var safnað með spurningalistum, vettvangsathugunum og viðtölum við kennara og nemendur í 20 grunnskólum. Frumniðurstöður sýna að óvíða má sjá kennsluhætti sem sýna að markvisst sé stutt við sjálfræði nemenda þótt sjá megi dæmi um slíka starfshætti. Í þessari kynningu verður rýnt í ólíkar niðurstöður skóla, þ.e.a.s. hversu ólíkir starfshættir eru milli skóla með tilliti til stuðnings við sjálfræði nemenda og hvernig það birtist.

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Sóley Halla Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Að nýta rannsóknargögn við innra mat og þróunarstarf

Tuttagu samstarfsskólar tóku þátt í rannsókninni Starfshættir í grunnskólum. Ein af hugmyndunum á bak við verkefnið var náið samstarf við starfsfólk skólanna og að það gæti nýtt sér rannsóknargögnum með ýmsum hætti, m.a. til innra mats (sjálfsmats) og við gerð umbótaáætlana og þróunarverkefna. Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar var að unnt yrði að nýta niðurstöður fyrir þróunarstarf á vegum sveitarfélaga og einstakra skóla til að auka gæði og árangur náms.

Í erindinu verður leitast við að varpa ljósi á ýmsa möguleika við að nýta gögnum í þessu skyni og dæmi gefi úr einum skóla þar sem gögnum hafa verið nýtt með fjölbreyttum hætti og einnig ráðist í þróunarverkefni í samstarfi við tengilið úr rannsóknarteyminu.

List- og verkgreinar í grunnskólum; Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Brynjar Ólafsson, aðjúknt Menntavísindasviði HÍ

Viðhorf og hegðun nemenda í list- og verkgreinum

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á starfshætti við kennslu list- og verkgreina í íslenskum grunnskólum en bent hefur verið á mikinn skort á rannsóknum á list- og verkgreinum. Fjallað er um hegðun nemenda út frá svörum kennara við spurningalistum og viðtölum og hvort kennrarar í list- og verkgreinum telji sig eiga auðveldara með að koma til móts við nemendur með sérþarfir en aðrir. Einnig er spurt um viðhorf nemenda og foreldra til list- og verkgreina. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Gagna var aflað með spurningakönnunum til kennara, nemenda á unglingsastigi og foreldra í 20 grunnskólum um landið, vettvangsathugunum ásamt viðtölum við smíðakennara í 9 grunnskólum og rýningu gagna. Í spurningakönnun kom fram að mikill meirihluti list- og verkgreinakennara telur kennsluskipulag koma „mjög vel“ eða „frekar vel“ til móts við nemendur með hegðunarörðugleika, námsörðugleika og bráðgera nemendur. Einnig kom það greinilega fram í viðtölum. Munur var á viðhorfum list- og verkgreinakennara og annarra kennara í skólunum til þessa. Þegar nemendur eru spurðir hvor þeim finnist mismunandi námsgreinar mikilvægar þá eru list- og verkgreinar ekki meðal þriggja efstu greina. Hins vegar þegar spurt er hvort námsgreinar séu skemmtilegar þá eru list- og verkgreinar í þremur efstu sætunum.

Kristín Á. Ólafsdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði HÍ

List- og verkgreinar í grunnskólum: Kennrarar og aðalnámskrá

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á list- og verkgreinar í íslenskum grunnskólum en skortur á upplýsingum um nám og kennslu í listgreinum hefur verið sagður standa þróun í þessum greinunum fyrir þrifum (UNESCO, 2006/2007; Bamford, 2006). Spurt er hvernig kennrarar skipuleggja nám og kennslu í list- og verkgreinum, hversu sýnilegar greinarnar eru í grunnskólum, s.s. að hvaða marki nemendur koma fram fyrir áhorfendur eða hvernig verk þeirra birtast í kennlustofum og almenningsrýmum. Þá er spurt um viðhorf kennara, nemenda og foreldra til greinanna. Þessi rannsókn er hluti af stærri rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Gagna var aflað með spurningakönnunum til kennara, nemenda á unglingsastigi og foreldra í 20 grunnskólum um landið, vettvangsathugunum ásamt viðtölum við kennara og stjórnendur og rýningu gagna. Tæp 30% kennara sem svöruðu spurningakönnunum kenndu list- eða verkgrein. Af átta greinum voru aðeins fjórar með 20 eða fleiri kennara, þannig buðu nokkrir skólanna ekki fram kennslu í sumum þessara greina. Fæstir voru danskennrarar en íþróttakennrar flestir. Af þeim sem kenndu list- eða verkgrein í fleiri en einum árgangi voru 80% sem einungis kenndu eina list- eða verkgrein.

Fyrstu niðurstöðu benda til þess að list- og verkgreinakennarar styðjist minna við aðalnámskrá í kennslu en aðrir kennarar.

Rósa Kristín Júlíusdóttir, lektor HA

Meðhöfundur: Kristín Ísleifsdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kennsla og aðstaða í list- og verkgreinum

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á starfshætti list- og verkgreina í íslenskum grunnskólum en í Vegvísí fyrir listfræðslu á 21. öldinni (UNESCO, 2006/2007) segir að „stór svið listfræðslu hafa hvorki verið rannsökuð né skoðuð með formlegum hætti.“ Þessi rannsókn er hluti af stærri rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Gagna var aflað með spurningakönnunum til kennara, nemenda á unglingsastigi og foreldra í 20 grunnskólum um landið, vettvangsathugunum ásamt viðtolum og rýningu gagna. Spurt var meðal annars hvernig kennarar skipuleggja nám og kennslu í list- og verkgreinum og hvernig búið er að þessum greinum í skólunum. Í skýrslu Anne Bamford á list- og menningarkennslu á Íslandi (2009) bendir hún á að kanna þurfi tengsl formlegs náms í skóla og tækifæra á þessu sviði utan skólabygginganna. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur í ljós að útikennsla og vettvangsferðir eru sjaldnar en 1-3 sinnum í mánuði hjá 42% list- og verkgreinakennara. Þrátt fyrir það vill 61% þeirra nota útikennslu og vettvangsferðir í meira mæli. Fyrstu niðurstöður benda til að kennsluskipulag list- og verkgreinakennara komi frekar til móts við einstaklingsþarfir nemenda en hjá öðrum kennurum. List- og verkgreinakennrarar bjóða nemendum í hverjum hópi oftar ólík viðfangsefni til að vekja áhuga hvers og eins.

Sigrún Guðmundsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Samstarf list- og verkgreinakennara innbýrðist og við aðra kennara

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á starfshætti list- og verkgreina í íslenskum grunnskólum. Gagna var aflað með spurningakönnunum til kennara, nemenda á unglingsastigi og foreldra í 20 grunnskólum um landið, ásamt vettvangsathugunum og viðtolum og rýningu gagna. Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir meðal annars að starfshættir grunnskólans skuli mótað af lýðræðislegu samstarfi. Þar segir orðrétt, „skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra“. Í rannsókninni var meðal annars spurt um samstarf list- og verkgreinakennara innbýrðis og samstarf þeirra við aðra kennara. Niðurstöður úr svörum benda til þess að list- og verkgreinakennarar séu almennt í minna samstarfi en aðrir kennarar, bæði innbýrðis og við aðra. En samstarf list- og verkgreinakennara innbýrðis mælist þó aðeins meira en samstarf við aðra kennara. Það má greina örlítinn mun á milli aldursstiga, það er aðeins minna samstarf við kennara á unglingsastigi en við kennara yngri barna. Það sama má segja um samstarf kennara í stærri verkefnum eða þemaverkefnum. List- og verkgreinakennrarar taka sjaldnar þátt í stærri samvinnuverkefnum/þemaverkefnum en aðrir kennarar. Á málstofunni verður farið ítarlegar í niðurstöður um samstarf list- og verkgreinakennara.

English in Iceland

Í þessari málstofu verður kynnt rannsóknarverkefnið enska á Íslandi. Fyrirlestrarnir eru hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem enn stendur yfir og er styrkt er af RANNÍS og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Ásrún Jóhannsdóttir, doktorsnemi Hugvísindasviði HÍ

The Ideal, Ought-to-Selves and vocabulary size of 4th grade students in Iceland

The focus of this study is to explore 4th grade students' attitude towards English and the contributing factors that affect their motivation and vocabulary attainment at the beginning of formal instruction. 388 4th grade children from 12 schools around Iceland took part in the study in the spring of 2010. In this lecture I present results that demonstrate how their Idea Self and Ought-to-Self (Dörnyei, 2005) distribute between five external factors (peer, family, media and school influence plus current and future needs). In addition, results from two vocabulary tests will be presented and the relationship between vocabulary size and motivational factors explored. Preliminary results show that there is a high degree of interest in English as a language. Notably, the results show that students who start formal instruction in the 4th or 5th grade are scoring equal and even better than students who start formal instruction in 1–3rd grade. What this indicates will be discussed as well as other implication.

Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Ásrún Jóhannsdóttir, doktorsnemi Heilbrigðisvísindasviði HÍ

Teaching English in Lower Secondary Schools within the Expanded Circle

It has been postulated that English in Iceland is neither a foreign nor a second language (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007) and as such the use of English belongs to the expanded circle (Kachru, 1985). An earlier study amongst upper secondary school teachers indicated that teachers seem aware of this but have not taken decisive measures to adapt their teaching to this change in the use and status of English (Hafdís Ingvarsdóttir, 2007). Here we propose to give a presentation exploring the question of whether and how teachers in lower secondary schools in Iceland seem to respond to this change. Little work has been done in Iceland as well as internationally on how teachers and schools react to this situation in their choice of content, syllabus and teaching emphasis. The data was collected through questionnaires and semi-structured interviews from teachers in eighteen schools. In this lecture, preliminary findings will be discussed which indicate that only in rare instances do teachers seem to have adapted to this development in the use of English in Iceland.

Anna Jeeves, doktorsnemi Hugvísindasviði HÍ

„Everyone wants to be better at English“: Reflections on the relevance of English at secondary school

The research seeks to explore the relevance of English and English studies at secondary school to the lives of young Icelanders. Relevance is a new concept in foreign-language learning, but is closely connected to established areas such as motivation, self-concept, needs analysis, and international orientation. Based on qualitative data obtained from semi-structured interviews, the study is primarily concerned with the experience and perspective of students at school or university, and of young people in employment, and aims at allowing their voices to be heard. Interviews with secondary school students aged 18–22 suggest that relevance is linked to an increased language proficiency seen as potentially useful in the future when students enter employment or further study abroad, and to an expansion of general knowledge (Jeeves, 2010). Enhanced self-confidence and collaborative skills are also viewed as being developed through English studies.

This proposed presentation will consider how young Icelanders aged 24–28 reflect with hindsight on the relevance of their English studies at secondary school to their present lives. Preliminary analysis of data hints at accuracy in the productive skills of writing and speaking being considered a valuable gain, along with a realisation of the value of literature. Some participants appear to have had minimal benefit from English classes at secondary school level.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Exposure to English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study

Very little research is available on the amount and type of English the average adult in Iceland encounters in his or her daily life. In this presentation, results of two studies of the amount and nature of English exposure in Iceland will be presented. The first study is a telephone survey of over 750 informants throughout Iceland who were asked about their exposure and use of English. This is a representative sample of the population. The other is a qualitative study designed to give a clearer view of individuals' exposure to English. Fifteen Icelandic men and women of different ages in different locations were asked to keep a diary over their encounter with English during the course of an average day. The results provide a good picture of Icelanders' exposure to and use of English. They show a high and consistent exposure to English. However, the exposure is mostly receptive and varies between age and location but not gender.

Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna (RannUng)

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi Garðabæjar

Tengsl leiks og læsingar í leikskóla

Í erindinu er fjallað um starfendarannsókn sem fram fór í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur voru tveir kennarar sem tóku þátt í rannsókninni í samstarfi við rannsakendur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið var að skoða hvernig hugmyndir um tengsl leiks og náms þróuðust hjá kennurum á meðan á starfendarannsókninni stóð og hvernig þeir tengdu leik og læsi með elstu leikskólabörnunum. Fylgst var með þróun hugmynda og starfsaðferða kennaranna með fjölbreyttum aðferðum; myndböndum, ljósmyndum, athugunum, viðtölum, fundargerðum, skráðum heimildum og dagbókum. Niðurstöður benda til þess að þátttaka í starfendarannsókninni hafi haft áhrif á starfsaðferðir og hugmyndir kennaranna. Þeir urðu meðvitaðri um gildi leiks fyrir nám barna og hvernig þeir gátu skapað aðstæður og stutt við nám barnanna í leik. Þeir breyttu hins vegar ekki eða sleptu tökum á þeim leiðum sem þeir höfðu áður tileinkað sér við þjálfun læsis í skipulögðum stundum.

Guðbjörg Pálsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Stærðfræðinám í kubbaleik

Á árunum 2009–2010 stóð RannUng að starfendarannsókninni Á sömu leið. Í þeirri rannsókn tóku þátt fimm til sjö ára börn, kennarar í leikskóla og grunnskóla og sérfræðingar af Menntavísindasviði HÍ. Eitt af viðfangsefnum rannsóknarinnar var stærðfræðinám í leik. Unnið var að þróun hugmynda um hvernig styrkja má börn í stærðfræðinámi með því að gefa þeim tækifæri til að leika sér með Kaplakubba. Hluti rannsóknargagnanna voru ljósmyndir af byggingum barnanna. Valdar ljósmyndir hafa verið greindar með tilliti til þess hvaða stærðfræðihugmyndir börnin eru að glíma við og hvaða hugmyndum þau hafa náð valdi á. Skoðað er hvernig börnin byggja og hvernig byggingarnar eru samsettar. Sýnd verða dæmi um hvernig börnin nota kubbana til að túlka sýn sína á umhverfið. Sjónum verður einnig beint að því hvað í skólaumhverfinu hafði áhrif á byggingarnar og hvaða þróun átti sér stað. Niðurstöður varpa ljósi á leiðir til að nota leik sem námsleið í stærðfræði.

Hrönn Pálmaðóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Raddir yngstu leikskólabarnanna

Í erindinu verður fjallað um rannsókn með börnum á aldrinum eins til þriggja ára í leikskóla. Markmiðið er að dýpka skilning á reynslu barnanna af félagslegum samskiptum og tengslum innan barnahópsins í leik. Rannsóknin fellur undir rannsóknir með börnum þar sem sjónarhornið er þátttaka barna og hæfni til að veita fullorðnum upplýsingar um líf sitt og jafningjamenningu. Byggt er á fyrirbærafræðilegri nálgun þar sem litið er á barnið sem virkan geranda sem notar líkamann til að kynnast félags- og efnislegu umhverfi sínu og skapar merkingu í ljósi reynslunnar. Leitast er við að lýsa athöfnum barnanna og túlka þær í því samhengi sem þær eiga sér stað. Rannsóknin fór fram í leikskóla í Reykjavík árið 2009.

Þátttakendur eru börn á aldrinum fjórtán mánaða til þriggja ára. Gögnum var safnað með þátttökumathugunum; myndbandsupptökum og vettvangsnótum. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að í líkamlegri tjáningu barnanna í leik mynda skynjun, tilfinningar, hreyfing og hugsanir eina heild. Börnin nota líkamann og látbragð auk orða til að gefa afstöðu sína og sjónarhorn til kynna í leik.

Merkingarsköpun barnanna er tengd ferli þar sem börnin byggja upp sameiginlegan skilning (e. intersubjectivity) sem er forsenda fyrir þróun leiksins.

Pallborð

Íslenskukensla í grunnskóla; Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

Anna Sigríður Þráinsdóttir, lektor Menntavísindasviði

Viðhorf íslenskukennara til málfræðikennslu

Greint verður frá niðurstöðum viðtala við íslenskukennara á unglingsastigi grunnskóla. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að fá fram viðhorf íslenskukennara til málfræði og málfræðikennslu og hvernig þau endurspeglast í kennslu þeirra. Tekin voru viðtöl við átta íslenskukennara í 9. og 10. bekk í fjórum grunnskólum í Reykjavík. Kennararnir voru spurðir um viðhorf þeirra til málfræðikennslu og samanburð við aðra námsþætti íslenskunnar, kennsluaðferðir, námsefni og námsmat og áhuga nemenda á málfræði. Jafnframt var fylgst með málfræðitímum í 9. og 10. bekk hjá þessum átta kennurum. Helstu niðurstöður voru á þann veg að kennararnir eru yfirleitt sammála um að málfræðikennsla sé mikilvæg en jafnframt að hún sé ein á báti innan námsgreinarinnar íslensku. Þeim finnst flestum erfitt að tengja málfræðikennsluna við námsþættina talað mál og hlustun og lestar og bókmennitir en auðveldara að finna sameiginlegan flót við ritun, einkum stafsetningu. Kennararnir hafa áhyggjur af því hve nemendur eru áhugalausir um íslensku og segjast reyna að kveikja áhuga hjá þeim. Má velta því fyrir sér hvort kennsluaðferðir og námsefni eigi einhvern þátt í áhugaleysi nemenda.

Hanna Óladóttir, aðjúknt Menntavísindasviði HÍ

Málfræði handa unglingum

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna í hvaða samhengi íslensk málfræði er kennd og með hvaða aðferðum. Til að svara því var skoðað námsefni í málfræði sem hefur orðið fyrir valinu í unglingadeildum fjögurra skóla í Reykjavík. Einnig var stuðst við viðtöl við átta kennara í viðkomandi skólam og efni úr kennslustundum í málfræði hjá 9. og 10. bekkjum skólanna. Sérstaklega var tekið fyrir hvernig framsetningu efnisins væri háttáð, einkum með tilliti til þess hvort það væri sett í samhengi við eðli tungumálsins, mismunandi málsnið og máltilfinningu nemenda. Í skólunum var námsefnið ekki að öllu leyti það sama þótt um nokkra skörum væri að ræða. Það átti þó sameiginlegt að ekki var minnst á muninn á talmáli og ritmáli, málsnið eða máltilfinningu nemenda, nema að mjög takmörkuðu leyti. Því má segja að málfræðin sé slitin úr samhengi við tungumálið og nemendur fái mjög þrónga og skekkta mynd af málinu. Framsetningin er miðuð við rétta íslensku án þess að það sé skýrt nánar eða sett í samhengi við margbreytileika tungumálsins og mismunandi aðstæður. Niðurstöðurnar eru innlegg í umræðuna um hvaða málfræði eigi að kenna í grunnskóla, hvers vegna og hvernig, en einnig hverju sú hefðbundna nálgun skilar sem finna má í umræddu námsefni.

Sigurður Konráðsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum

Tilgangur rannsóknarinnar er að athuga hvernig nemendum í grunnskóla gengur að tileinka sér þekkingu og færni í íslensku sem móðurmáli. Til þess að svara því voru skoðuð samræmd könnunarpróf í íslensku í 4., 7. og 10. bekk. Niðurstöður nemenda voru kannaðar með ýmsu móti. Nemendum var skipti í hópa þar sem miðað var við árangur þeirra í 4. bekk og hópnum síðan fylgt eftir í 7. og 10. bekk. Einnig var einstökum nemendum fylgt eftir og greint hvaða breytingar komu hjá þeim á milli prófa. Gögnum um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk var steyppt saman í einn gagnagrunn (í SPSS). Einungis voru teknir með þeir sem fæddust árið 1994 og þreyttu öll prófin, samtals 3529 nemendur, sem er 79,4% allra fæddra barna það ár. Öll svör við sérhverri fjölválssprungu eru hneppt í grunninn og fjöldi stiga þar sem það á við (t.d. mismunandi þáttum í mati á ritgerðum). Áhersla var lögð á að greina breytingar á milli prófa, með sérstakri áherslu á málfræði- og stafsetningarhluta. Einnig var athugað samhengi á milli einstakra þátta, t.d. lesskilnings og ritunar. Frumniðurstöður benda til þess að breytingar á milli hópa séu ekki ýkja miklar. Það merkir að árangur nemenda í 10. bekk er að verulegu leyti fyrirsjáanlegur þegar í prófunum í 4. bekk. Þó er þetta ekki algilt og rannsóknin beinist nú að því að athuga gaumgæfilega nokkra einstaklinga í hverju prófi og athuga alla þætti sérhvers prófs. Með því er að vænta þess að svör fáist við spurningum um hvaða þættir náms gætu skipt meira máli en aðrir í kennslu yngstu barna í grunnskólum.

Pallborð – fyrirlesarar og tveir gestir: Íslenskt mál og kennsla

Lífsmarkmið, skuldbinding og sjálfstjórni nemenda

Steinunn Gestsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundar: Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Fanney Þórssdóttir, lektor Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands

Sjálfstjórni meðal íslenskra ungmenna

Sjálfstjórni vísar til hæfni fólks til að stjórna eigin hugsun, tilfinningum og hegðun. Í þessari rannsókn er sjónum beint að sjálfráðri sjálfstjórni (e. intentional self-regulation) sem felur í sér markmiðsbundna hugsun og hegðun. Erlendar rannsóknir benda til að sjálfstjórnarferli taki breytingum og gegni lykilatriði í þroska á unglingsárum. Markmið þessarar rannsóknar er að meta hvort sjálfstjórni 14 og 18 ára íslenskra ungmenna samanstandi af aðgreindum ferlum líkt og meðal fullorðinna og tengsl sjálfstjórnar við annars konar undirstöðufærni í námi er metin. SOC spurningarlisti var notaður til að meta ferli sjálfstjórnar. Rúmlega 500 ungmanni í grunnskóla (51% stúlkur) og 533 framhaldsskóla (60% stúlkur) í þremur byggðarkjörnum á landinu tóku þátt. Staðfestandi þáttagreining sýndi að sjálfstjórni 14 og 18 ára íslenskra ungmenna samanstendur af einum undirliggjandi þætti en ekki þremur aðgreindum þáttum líkt og á fullorðinsárum. Einn, almennur sjálfstjórnarþáttur hefur fylgni við trú á eigin getu (e. self-efficacy)

og mat á eigin velferð (e. positive goals) í yngri ($r = .38$, $p < 0.000$; $r = .25$, $p < 0.000$) og eldri ($r = .33$, $p < 0.000$; $r = .20$, $p < 0.000$) hópnum. Niðurstöður verða bornar saman við niðurstöður erlendra rannsókna og þýðing þeirra fyrir íslenskt skólastarf verður rædd.

Katrín Ósk Eyjólfssdóttir, MA-nemi Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Sif Einarsdóttir, dósent Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Tengsl starfsáhuga og persónuleika við lífsmarkmið

Frá því grunnskóla lýkur þurfa íslensk ungmenni að finna sér nám og störf sem hæfa eiginleikum þeirra á sama tíma og sjálfsmynd þeirra er í mikilli mótnum. Nýlegar rannsóknir sýna að einstaklingsbundnir eiginleikar eins og persónuleiki (personality) tengist því hvaða stefnu ungmenni taka í lífinu. Í náms- og starfsráðgjöf hefur starfsáhugi (vocational interests) til dæmis verið lagður til grundvallar þegar ungt fólk fær aðstoð við náms- og starfsval. Markmið þessarar rannsóknar er að prófa kenningaleg líkön um tengsl persónuleika, starfsáhuga og lífsmarkmiða (life-goals) íslenskra ungamenna. Persónuleikaprófið NEO-FF sem metur fimm persónuleikabætti (s.s. úthverfa, samviskusemi), Bendill, áhugakönnun sem metur sex áhugasvið (s.s. handverks-, athafna-, og félagssvið) ásamt spurningalista sem metur sjö lífsmarkmið (s.s. fagurfræðileg, félagsleg, efnahagsleg) voru lögð fyrir 485 nemendur í 10. bekk og 1368 frambaldsskólanema. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar benda til að saman skyri starfsáhugi og persónuleiki á bilinu 16-49% af dreifingu einstakra lífsmarkmiða. Rannsókn þessi er mikilvægur liður í því að auka skilning okkar á þróun sjálfsmyndar og hvernig ungt fólk á mótnarskeiði finnur sér farsælan farveg í lífi og starfi. Rætt verður um hvaða þýðingu rannsóknin hefur fyrir náms- og starfsráðgjöf og hvernig skólakerfið í heild getur ýtt undir markmiðssetningu og þróun náms- og starfsferils.

Kristjana Stella Blöndal, lektor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Foreldrahlutverkið og brotthvarf ungmenna frá námi

Markmið þessarar rannsóknar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að kanna með hvaða hætti foreldrar geta með uppeldisaðferðum sínum ýtt undir skuldbindingu (engagement) nemenda gagnvart námi og skóla á unglingsárum og í öðru lagi hvort uppeldisaðferðir foreldra dragi úr líkum á brotthvarfi úr námi vegna þess að þær ýti undir skuldbindingu nemandans. Með skuldbindingu nemenda er átt við þátttöku nemenda og viðhorf þeirra til náms og skóla. Rannsóknin byggist á gögnum úr langtímarannsókn á áhættuhegðun reykvískra ungmenna. Fyrri niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að annars vegar uppeldisaðferðir foreldra á unglingsárum og hins vegar skuldbinding nemenda á unglingsárum spái fyrir um hvort þeir ljúka frambaldsskólaprófi. Í þessari rannsókn er sjónum aftur á móti beint að samsplili uppeldisaðferða foreldra og skuldbindingar nemenda í tengslum við brotthvarf þeirra. Í þeim hluta rannsóknarinnar sem fjallað verður um í erindinu er 832 ungmennum fylgt eftir í sjö ár eða frá 14 ára til 22 ára aldurs. Sérstaklega er litið til fyr nefndra tengsla með tilliti til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og hvort í hlut eiga stúlkur eða piltar. Foreldrar gegna lykilhlutverki í skólagöngu barns síns.

Tilgangurinn er að auka skilning á því hvernig foreldrar geta sem best stuðlað að góðu námsgengi barna sinna. Niðurstöður verða kynntar í erindinu.

Malla Rós Valgerðardóttir, MA-nemi Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Kristjana Stella Blöndal, lektor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og Jón Torfa Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla

Framhaldsskólinn er fyrir alla samkvæmt íslenskum lögum og í samfélaginu er almennt litið svo á að allir eigi að fara í framhaldsskóla. Ekki er lengur spurt hvort, heldur í hvaða framhaldsskóla nemendur ætli að loknum grunnskóla. Langflestir fara í framhaldsskóla en hlutfallslega heltast margir úr lestinni á Íslandi miðað við það sem er í mörgum nágrannalöndum okkar. Ómarkvisst námsval er ein þeirra skýringa sem gefin hefur verið fyrir óvenju miklu brotthvarfi. Jafnframt hefur mikil áhersla á bóknám í samfélaginu verið nefnd sem skýring. Skuldbinding (engagement) nemenda gagnvart námi og skóla er lykilhugtak í kenningum um brotthvarf frá námi. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna skuldbindingu nýnema í ljósi áhuga þeirra á verknámi miðað við bóknám, námsvals þeirra og markmiðssetningar í námi. Óvenju fjölbættir mælikvarðar eru notaðir á skuldbindingu nemenda, þ.e. mat er lagt á tilfinningalega, vitsmunalega og hegðunarlega skuldbindingu. Rannsóknin náði til um 1000 nýnema í öllum framhaldsskólum landsins. Fyrstu niðurstöður benda til þess að nemendur sem hafa áhuga á verknámi sýni minni skuldbindingu gagnvart námi og skóla en nemendur sem hafa áhuga á bóknámi. Jafnframt benda niðurstöður til tengsla milli brautarvals nemenda og hversu markvisst námsval þeirra er á fyrsta ári í framhaldsskóla við skuldbindingu þeirra.

Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar; Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum

Fríða B. Jónsdóttir, verkefnastjóri Leikskólasviði Reykjavíkur og MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Allt sem þú þorir ekki að tala um verða fordómar seinna meir.“ Hvert er hlutverk leikskólakennara í fjölmenningarlegu leikskólastarfi?

Í erindinu er sagt frá meistaraprófsverkefni, eigindlegri rannsókn þar sem með viðtölum og vettvangsathugunum var leitað svara við því hvernig þrír leikskólakennrar sjá og framkvæma hlutverk sitt í leikskólum þar sem hlutfall barna af erlendum uppruna er hátt eða yfir 30%. Niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar í ljósi gagnrýnnar hugmyndafræði þar sem áhersla er lögð á að til þess að tryggja jafnræði allra barna til náms þurfi að huga að breytingum á skólastarfinu í heild en ekki bara einstökum þáttum þess. Með það að leiðarljósi var sjónum beint að undirliggjandi stefnumótun, viðhorfum og sýn leikskólakennaranna, þekkingu þeirra, reynslu og trú á eigin getu. Hugað var að umhverfi leikskólanna, samskiptum við erlenda foreldra, skipulagi námsumhverfis, efnivið og aðferðum í

vinnu með börnum af erlendum uppruna. Helstu niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir ólíka reynslu og þekkingu leikskólakennaranna eru viðhorf og væntingar þeirra gagnvart börnum af erlendum uppruna jákvæð. Mikil áhersla er lögð á framfarir í íslensku en einnig félagsþroska, almenna þátttöku í leikskólastarfínu og gott samstarf við fjölskyldur. Námsúmþverfi barnanna í þessum þremur leikskólum var mjög ólíkt og hafði það áhrif á tækifæri barnanna til lýðræðislegrar þátttöku sem og möguleikann á því að læra í gegnum leikinn.

Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Hildur Blöndal, doktorsnemi og aðjúnkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Stjórnun og skólamenning: Lýðræðisleg þátttaka kennara í leik- og grunnskólum

Markmið rannsóknarinnar sem fram fór í þremur leikskólum og þremur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem kennarahópar eru fjölbreyttir hvaðar varðar uppruna, tungumál og trúarbrögð, var að athuga hvernig kennrarar af ólíkum uppruna upplifa möguleika sína til þátttöku í ákvarðanatöku í skólanum og hvernig þeir meta áhrif sín á skólastarfíð. Annað markmið var að athuga sýn skólastjóranna og á hvaða hátt þeir teldu fjölbreytta kennarahópa vera skólanum til framdráttar. Sérstaklega var horft til hinnar ólíku reynslu sem fjölbreyttir kennarahópar koma með inn í skólastarfíð og hvernig sú reynsla nýtist skólanum. Rannsóknin var eiginleg og voru tekin einstaklingsviðtöl við skólastjórana, svo og rýnihópaviðtöl við erlenda starfsmenn skólanna í febrúar og mars 2011. Einnig var gerð spurningalistakönnun meðal allra starfsmanna skólanna. Loks var athuguð skólastefna og framtíðarsýn skólanna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennararnir hafi góða möguleika til þátttöku í ákvarðanatöku og telji sig hafa töluverð áhrif á skólastarfíð. Þeir telja skólastjórana jákvæða í garð fjölbreytileikans og að þeir hafi gott svigrúm til að taka þátt í þróun og mótu skólastarfsins. Skólastjörnarnir eru jákvæðir gagnvart fjölbreytileikanum í starfsmannahópnum, hafa fjölmenningarlega sýn og telja fjölbreytta kennarahópa mjög mikilvæga fyrir fjölbreytta barna- og nemendahópa.

Hildur Blöndal, doktorsnemi og aðjúnkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Raddir nemenda með alþjóðlega vídd í lífi sínu: Alþjóðleg skólaganga

Rannsóknin sem hér er kynnt er forrannsókn í tengslum við doktorsverkefni flytjanda sem unnið er undir leiðsögn Hönnu Ragnarsdóttur. Gögnum var safnað vor og sumar 2011. Um er að ræða einstaklings- og rýnhópaviðtöl við 5-8 nemendur á þremur skólastigum, grunn-, framhalds- og háskóla, sem hafa alþjóðlega vídd í lífi sínu. Alþjóðleg vídd er skilgreind sem skólaganga í alþjóðlegum skóla, skóla sem býður upp á alþjóðlegt nám (til dæmis alþjóðlegt stúdentspróf, alþjóðlegt nám í menntunarfræðum til BA og MA gráðu) auk reynslu af búsetu utan upprunalands. Mikið hefur verið rætt og ritað um þátttöku barna í rannsóknum á liðnum árum (Birbeck and Drummond, 2007; Dockett et al., 2009; Mishna et al. 2004; Twycross, 2009). Mikilvægt er að skapa börnum, jafnt sem fullorðnum, tækifæri til að tjá og deila reynslu sinni og tryggja þannig rödd þeirra í rannsóknum. Sjá t.d. 12. og 13. grein Barnasáttmála (UNICEF, 1989). Markmið rannsóknarinnar er að gefa einstaklingum á ólíkum aldri tækifæri til að tjá sig

um hvað það þýðir að hafa alþjóðlega vídd í lífi sínu. Niðurstöður viðtala og rýnhópa eru skoðaðar í ljósi þáttu eins og skólamenningar og hugmyndafræði alþjóðlegrar menntunar (Hayden, 2006; Hicks og Holden, 2007; Suarez-Orozco, 2007;). Sérstaklega er vikið að ólíkum stefnum alþjóðlegra skóla annars vegar og almennra opinberra skóla hins vegar, og mikilvægi menningarlegs margbreytileika í hópi kennara sem starfa með fjölbreyttum nemendahópum.

Róbert Berman, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundar: Samuel Lefever, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Anna Katarzyna Woźniczka MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Attitudes towards languages and cultures of Polish adolescents in Iceland

Sigríður Ólafsdóttir (2010) found that after two years in Iceland, the Icelandic proficiency of immigrant children did not seem to grow much. There are a number of factors that could explain this possible slow pace of second language acquisition among immigrant children, including various shortcomings in their Icelandic schooling, or lack of care in maintaining their first language. One possible factor could also be immigrant children's motivation to learn Icelandic, or as Krashen says, their being "open" to it (1981). It was decided to begin by examining the attitudes towards languages of young adolescents representing the largest immigrant group in Iceland: those from Poland. What were their attitudes towards the languages and cultures of Poland and Iceland? Were they motivated to learn (or maintain) these languages? Moreover, were they also motivated to learn English, and if so, was such an interest complicating their learning of Icelandic, or exerting a negative influence on their motivation to do so? We report here on the results of in-depth interviews with five Polish children. The interview results will be discussed in light of the intercultural environment of these children, and the social/psychological factors of second language acquisition.

Menntun og félagslegt réttlæti; Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Anh Dao Tran, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Is Icelandic the key to society? Immigrant youth at Upper Secondary Education Level

There are a number of upper secondary schools at the moment teaching Icelandic as second language to immigrant youth. However, whether these schools have adopted a particular philosophy of how the language is taught, what set of curriculum is being used for the teaching, and what kind of teaching material is employed, and how they are socially integrate in the schools, is unclear. A high rate of dropout for these students has persisted throughout the years. One published study indicates that a

high percentage of immigrant youth has been dropping out of upper secondary school. Further research is needed to provide, first, an understanding of these programs and exploration of their successes in teaching their students to learn from their experiences, and, second, to set up a further study of whether multicultural education philosophy should be adopted to benefit students with diverse backgrounds. Multicultural education is defined by a scholar in the field as “an idea stating that all students regardless of the groups to which they belong....should experience educational equality in schools” (Banks, 2007). The results will have implications for teachers, school leaders and policymakers responsible for immigrant youth education, and will suggest more critical approaches to the dropout rate of immigrant youth. The study will also address the issue of inclusiveness for every student where education benefits both majority and minority students. It will emphasize school as a middle ground where educational equality and equal citizenship are for all children as is stated in the Icelandic constitution.

Guðlaug Ólafsdóttir, grunnskólakennari

Farsælt fjölmennigarlegt skólastarf. Hvað má af því læra?

Rannsóknin sem greint verður frá var gerð í þremur skólum vorið 2010 í tengslum við meistaraprófsritgerð sem ber nafnið: Farsælt fjölmennigarlegt skólastarf. Hvað má af því læra? Leiðbeinendur voru Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. Hugmyndafræðin sem verkefnið byggir á er hugmyndafræði fjölmennigarlegrar menntunar en þar er aðalmarkmiðið að allir nemendur, líka nemendur af erlendum uppruna, hafi jöfn tækifæri til náms (Banks, 2005). Rannsóknir hér á landi sýna slaka stöðu barna af erlendum uppruna (Almar Miðvík Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2007, 2009; Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Þóroddur Bjarnason, 2006). Gerð var eigindleg tilviksrannsókn í þremur skólum, tveimur í Reykjavík og einum í London. Í rannsókninni var leitað svara við hvað einkenni farsælt fjölmennigarlegt skólastarf. Talað var við þrjá skólastjórnendur og þrettán kennara í skólunum þremur. Skólnir eiga það allir sameiginlegt að stór hluti nemendahópsins er af erlendum uppruna og hafa skólnir komið sér upp skipulagi til að mæta þessum nemendahópi. Áherslan í rannsókninni var á það sem vel hefur gengið í skólastarfi með nemendum af erlendum uppruna og viðmælendur mínr vilja þróa áfram. Markmiðið með verkefninu var að móta tillögur að skipulagi fjölmennigarlegs skólastarfs á grundvelli niðurstaðna. Tillögunum er skipt í þrjá flokka: Skólinn sem samfélag, nám og kennsla og samstarf skólans við foreldra og nærsamfélag en mikilvægt er að sinna öllum þessum þáttum til að hægt sé að tala um farsælt fjölmennigarlegt skólastarf.

Selma Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Mími

„Ég vil vera ég“ – Upplifun fullorðinna innflytjenda á íslenskunámi sínu hérlandis

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á áhrifavalda og bæta sýn á íslenskunám fullorðinna innflytjenda með von um áframhaldandi framþróun í þeim málefnum. Til að varpa ljósi á rannsóknarefnið var leitað í smiðju félagslegrar hugsmíðahyggju. Þær kenningar sem lágu til grundvallar voru kenningar félagsfræðingsins Bourdieu um félagslegan auð og menningarauð og auk þess þríliða

námskenning menntunarfræðingsins Illeris um það hvernig nám á sér stað. Einnig var stuðst við umfjallanir Knowles, Brookfield og Wlodkowsky um hvað einkennir fullorðinn námsmann, menningarlegt sjónarhorn og hvata. Sagt er frá upplifun sjö fullorðinna innflytjenda í íslenskunámi á Íslandi. Rannsóknin var eigindleg, framkvæmd á tímabilinu frá október 2009 til febrúar 2010 og stuðst við etnógrafískt rannsóknarsnið. Niðurstöður leiddu í ljós að þáttakendur áttu það sameiginlegt að hafa allir einbeittan vilja til að aðlagast íslensku samfélagi þar sem þeir vildu vera hluti af heild. Þó sýndu niðurstöður að upplifun viðmælenda minna í íslenskunámi var misjöfn og leiðir þeirra sömuleiðis. Helstu áhrifavalda töldu þeir vera takmarkaða möguleika sína til landsins þurftu viðmælendur að bæta fyrir tap á félagslegum auði og menningarauði. Utanaðkomandi áhrifavaldar eins og vinnustaður og tengslanet höfðu mikið að segja varðandi hvata viðmælanda til að læra tungumálið. Draga má þá ályktun að til að stuðla að námi í íslensku fyrir fullorðna innflytjendur, þurfi að veita þeim tækifæri í samfélaginu, á vinnustað eða á námskeiðum sem miða að því að byggja upp félagslegan auð þeirra. Jafnframt að gera þeim kleift að viðhalda menningarauði sínum og trú á eigin getu í nýju samfélagi.

23.4 Susan Gollifer, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

Making Rhetoric a Reality – But Whose Reality Counts?

How can educational institutions best engage with society and promote social justice and human rights? The objective of the research is to contribute to critical reflection, dialogue and action to promote a social justice agenda in the schooling experience of High School students in Iceland. Social justice related terminology has become commonplace in curriculum documents and policy frameworks, internationally and nationally. The recently revised May 2011 Icelandic curriculum identified democracy and human rights as core themes and equality as another. Different views of the same social phenomena can create ontological and epistemological contradictions that create conflict in terms of practical application, especially for teachers. The question that such value-laden terminology raises includes, “what is understood by these terms and more to the point, by whom?” In the context of contending political, ideological and institutional forces, that can constrain the translation of policy rhetoric to classroom reality, I argue that it is imperative to start with organic and bottom-up responses and perspectives in order to address conflicts that educators face when confronted with value-based terminology that so easily becomes redundant and remains in the realm of rhetoric. This paper aims to present Martha Nussbaum’s Capabilities Approach as a possible theoretical framework to analyse the perspectives of students and teachers on social justice issues and to develop a process by which teachers can address the unique and diverse realities of their students and develop capabilities that help students to “flourish” in society rather than to merely “function”.

Menntun og kyngervi: Margbreytileg rannsóknarflóra; Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (Rannkyn)

Kristín Hjálmarsdóttir, MA-nemi á Félagsvíndasviði HÍ

Meðhofundur: Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi Félagsvíndasviði HÍ

Skaðlegar karlmennskuhugmyndir?: „... þú þarf að vera tanaður, tónaður og kjötaður...“ – Karlmannska Gillz

Í þessu erindi er skýrt frá niðurstöðum úr orðræðugreiningu á bókinni Mannasiðir Gillz. Í orðræðu-greiningunni var reynt að fanga þá karlmennskuhugmynd sem Egill Einarsson íþróttatrafæðingur heldur á lofti. Lögmæting þessarar karlmennsku virðist vera fengin í gegnum fjöldi en þar hefur Agli verið hampað mjög sem íþróttatrafæðingi og skemmtikrafti. Kenningar um karlmennskuhugtök eru fengin frá fræðimönnunum R.W Connell og Ingólfí Ásgeiri Jóhannessyni. Við orðræðugreininguna komu nokkur þemu í ljós, þau eru karlmannska, menntun og vinna, undirskipan annarrar karlmennsku, undirskipan kvenna, kynþáttafordómar og ofbeldi. Það er mat höfunda að þessar karlmennskuhugmyndir hafa alla burði til þess að verða ríkjandi hugmyndir í samfélaginu og hafa móttandi áhrif á börn og unglings. Höfundar telja „sanna karlmennsku“ Egils ekki til þess fallna að auka jafnrétti. Líklegra sé að karlmannskan skapi frjóan jarðveg fyrir ofbeldi, niðurlægingu og karlrembu.

Pórdís Pórðardóttir, lektor Menntavíndasviði HÍ

Lærðómar leikskólabarna um kyngervi í barnaefni

Hægt virðist miða í jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum þótt lög hafi kveðið á um hana í hartnær 40 ár. Nokkrar ástæður þess hafa verið nefndar til dæmis yfirfullar námskrár, að málefnið sé fjarlægt og að jafnrétti hafi þegar náðst og því óþarf að eyða orku og tíma í umfjöllun um jafnréttismál kynjanna. En eru jafnréttismál kynjanna í góðum farvegi? Til þess að skoða það er vert að huga að kynnum leikskólabarna, sem eru að feta sín fyrstu spor í menntakerfinu, af kyngervi og valdatengslum kynjanna. Barnaefni er ein helsta uppsprettu þekkingar leikskólabarna á gildum, siðum, reglum, menningu og umhverfi auk þess sem það er mikilvægt fyrir málfarslega hæfni. Leikskólabörn vinna úr upplýsingum sem gefnar eru í barnaefni. Þau máta eigin reynslu við inntakið, ræða það við félaga sína og kennara og í því ferli öðlast þekking þeirra merkingu. Birtingarmyndir kynjanna í barnefni eru oftar en ekki óraunsannar staðalmyndir sem börn máta við raunveruleikann. Í rannsókninni sem hér er greint frá var athugað hvernig fjögra til fimm ára börn í tveimur leikskólum í Reykjavík, túlka sögur, sögusvið og persónur í barnaefni og leitast við að varpa ljósi á félags- og menningarlegt hlutverk kyngervis eins og það birtist í frásögnum og leik barna. Rætt er hvernig niðurstöður sýna að staðalmyndir í barnefni geta hamlað námi leikskóladrengja og leikskólatelpna og dregið úr möguleikum þeirra til að hasla sér völl á sviðum sem eru á skjön við hefðbundnar hugmyndir um kynhlutverk.

Arna H. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Áhrif stefnumörkunar á faglegt hlutverk og sjálfsmýnd leikskólakennara

Í flestum löndum hafa stjórnvöld mikil áhrif á skynjun fagstéttu á fagmennsku sinni og virðingarstöðu. Fagstéttir semja um eða fá úthlutað faglegu umboði (professional mandate) frá stjórnvöldum með lögum, reglugerðum og ýmsum ákvörðunum, og jafnhlíða er komið á eftirlitskerfi þar sem metið er hvort fagstéttin viðinni í samræmi við umboðið. Á síðustu 20 árum hafa stjórnvöld sett ýmis ný lög og reglugerðir um leikskóla og hafa sveitarfélögin séð um framkvæmd og útfærslu fjölmargra ákvæða sem þar er að finna. Má í þessu sambandi nefna Lög um leikskóla frá 1991, 1994 og 2008, reglugerðir frá 1995 og 2008 svo og Aðalnámskrár leikskóla 1999 og 2011. Í fyrilestrinum verður fjallað um áhrif stefnumörkunar um fjölda barna á deildum og dvalartíma barna í leikskólum á faglegt hlutverk og sjálfsmýnd leikskólakennara í einu sveitarfélagi. Greint er frá því hvaða aðferðum fagaðilar beittu til að ná hlustun sveitarstjórnar svo og hvaða skoðanir hagsmunaaðilar höfðu á þessum málum. Kynningin er hluti af doktorsverkefni mínu, rannsóknin er eigindleg, sjónarhornið túlkandi svo og er sjónarhóllinn femínískur þar sem rannsóknin gefur konum rödd og veruleikanum er lýst og hann túlkaður á grundvelli þeirra reynslu. Jafnframt er höfð í huga sú tilhneiting að hefðbundin kvennastörf hafa ekki notið jafn mikillar virðingar í samfélaginu og hefðbundin karlastörf.

Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindaviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði

Jafnrétti og kennaramenntun: Rannsóknarniðurstöður

Jafnréttisfræðsla á öllum skólastigum hefur verið lögbundin skv. jafnréttislögum í áratugi, og nú eru ný ákvæði um jafnréttisfræðslu bæði í grunnskólaþögum og í aðalnámskrá grunnskóla. Í 25. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 um markmið náms kemur fram að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms í námsgreinum grunnskólans, og þar eru jafnréttismál meðtalin. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011), viðmiðunarstundaskrá, eru samfélagsgreinar skilgreindar sem félagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki. Í aðalnámskrám allra skólastiga frá 2011 eru 6 grunnþættir hafðir að leiðarljósi, þar af er einn um jafnrétti. Af þessu tilefni og einnig vegna lengingar á kennaramenntuninni frá 2011 úr þrem árum í fimm þykir áhugavert að skoða hvernig tekið er á jafnréttisfræðslu í menntun kennara og annarra fagstéttu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hér verður greint frá fyrstu niðurstöðum úr rannsókn RannKyn á stöðu jafnréttisfræðslu í kennslu á Menntavísindasviði. Gagnasöfnun fór fram með viðtölum við lykilaðila, sendur var spurningalisti til kennara sviðsins og tekin voru viðtöl við rýnihópa um jafnréttisfræðslu í mismunandi fræðigreinum. Niðurstöður liggja ekki fyrir enn þar sem gagnasöfnun er ólokið. Niðurstöður verða bornar saman við fyrri athuganir innan KHÍ og sambærilegar athuganir á jafnréttisfræðslu í menntun kennara frá Finnlandi og víðar.

Kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun; Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun

Markmið þessarar málstofu er að fá fram umræðu um viðfangsefnið jafnréttismál í skólum milli þeirra sem hafa verið að rannsaka jafnréttisfræðslu í skólum og í kennaramenntuninni annars vegar og fulltrúa frá ráðuneyti, MVS og starfandi kennara í skólum hins vegar.

Þorgerður Einarsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Til hvers jafnréttisfræðslu í skólum ef við erum best í öllum heiminum?

Hver er raunveruleg staða jafnréttismála á Íslandi og hver er þáttur skólakerfisins í að staðan er eins og hún er? Eitt megininkenni á jafnréttisumræðunni er að hún er þversagnakennd. Alþjóðlegar mælingar sýna sterka stöðu Íslands í jafnréttismálum, jafnvel að hún sé sú besta í heimi, meðan innlendar rannsóknir staðfesta viðvarandi aðstöðumun kynja og valdatengsl. Í erindinu verður fjallað um stöðu jafnréttismála og sjónum sérstaklega beint að skólakerfinu. Áratugagamalt ákvæði jafnréttislaga um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum er ekki virt. Í erindinu verður skoðað hvað geti skýrt þá tregðu og hvar séu möguleikar til breytinga. Rýnt verður í samfélagsumræðu síðustu ára og að hvaða marki hún hafi hindrað eða auðveldað jafnréttisstarf í skólum. Er staðan svo góð að ekki er þörf á lögboðinni jafnréttisfræðslu? Eða eru ráðandi viðhorf ekki í samræmi við raunverulega stöðu? Fjallað verður um bakslag í jafnréttisviðhorfum, svo sem drengjaorðræðuna, klámvæðingu, afneitun á kynjamisrétti og ótta við femínisma, en einnig á aðstæður innan skólakerfisins svo sem sterka stöðu námsgreina, skort á hefðum fyrir þverfaglegrí samvinnu og almennt áhugaleysi á kynjafræði. Þá verður sjónum beint að samtvinnun mismunarbreysa og (e. intersectionality) og hvernig megi nýta nálganir í þeim anda til að styrkja kynjajafnréttisfræðslu í skólakerfinu í stað þess að veikja hana.

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Átak á sviði jafnréttisfræðslu í kennaramenntun

Árið 2008 voru samþykkt lög um 5 ára kennaramenntun svo og ný lög um öll skólastig. Það nýmæli kom þá inn í grunnskólalögin (nr. 91/2008) að jafnréttismál eru nefnd í 26. grein, með upptalningu á þeim greinum sem á að fjalla um inntak og skipulag á í aðalnámskrá. Markmið þessarar greinar er að leita svara við því hver formleg staða jafnréttismála eða fræðslu um jafnréttismál er í námskrám og kennaramenntuninni; hvað hefur þegar verið gert í kennaramenntuninni á sviði jafnréttismála; og hvað megi læra af nýju átaksverkefni frá Finnlandi á þessu sviði. Að lokum verður greint frá starfi og rannsókn RannKyn, rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun að þessu málefni og hugmynd stofunnar að átaki á þessu sviði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands kynnt. Stefnt er að því að koma kynjafræðilegri sýn inn í 5 ára kennaramenntunina enda skylda að kveða skýrt á um jafnrétti í aðalnámskrám (2011) og ljóst að reglugerð um inntak kennaramenntunar getur rúmað slíkar áherslur. Tillögur úr finnska verkefninu þykja álitlegar, þ.e. að fjalla markvisst um jafnrétti, kynferði og skólastarf bæði í skyldunámskeiði og í valnámskeiðum, samþætta umfjöllun um kynjajafnrétti inn í önnur

námskeið, gera jafnréttismál að þema í vettvangsnámi og aðstoða áhugasama framhaldsnema við rannsóknir á sviðinu.

Pallborð – Jafnrétti í skólum og kennaramenntun.

Lagaákvæði, námskrár og framkvæmd. Þátttakendur: Fulltrúar frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntavísindasviði, kennrarar í skólum auk frummælenda.

Úrræði við langvarandi hegðunarerfiðleikum nemenda

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, kennari Hlíðaskóla

„Nú er ég alveg búinn að fatta hvernig ég á að vera“ – Áhrif stuðningsáætlana með stigvaxandi kröfum á truflandi hegðun og námsástundun grunnskólanemenda með alvarlegan hegðunarvanda

Fjallað verður um rannsókn á áhrifum einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana byggðum á virknimati (functional behavioral assessment, FBA) á erfiða hegðun og námsástundun nemenda með langvarandi hegðunarvanda. Virknimat er gagnreynð leið sem tekur tillit til þess hvaða ástæður liggja að baki erfiðri hegðun nemanda. Í einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun eru notaðar fyrirbyggjandi aðgerðir auk kennslu og styrkingar viðeigandi hegðunar. Þátttakendur voru fjórir grunnskólanemar, 7-8 ára með hegðunarvanda. Þrír þeirra voru með greiningu um athyglisbrest með ofvkni og fleiri erfiðleika. Áhrif mismunandi útgáfna af einstaklingsmiðuðum stuðningsáætlunum með stigvaxandi kröfum voru metin með endurteknum beinum mælingum í margföldu grunnlínusniði með ABAB viðsnúningi. Lykilatriði í áætlunum var hvatningakerfi og þjálfun þátttakenda gegnum hlutverkaleiki og umræður. Áhersla var á að allir þátttakendur áttuðu sig á því hvaða markmið voru sett fram varðandi hegðun, jákvæðri hegðun veitt meiri athygli, m.a. með aðstoð hvatningabókar þar sem skráð var hvort markhegðun fyrir afmörkuð tímabil var náð. Athuganir sýndu að truflandi hegðun þátttakenda minnkaði og námsástundun jókst verulega.

Leiðbeinandi: Anna-Lind Pétursdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ

Helga Helgadóttir, grunnskólakennari og MA Menntavísindasviði

Meðhöfundur: Rafn Emilsson, MS Heilbrigðisvísindasviði HÍ og Sara Tosti, MS Heilbrigðisvísindasviði HÍ

„Það er bara skemmtilegt að læra þegar maður veit hvað maður á að gera“: Dæmi um íhlutun án lyfjagjafar fyrir grunnskólanemanda með ADHD og langvarandi hegðunarvanda

Virknimat (functional behavioral assessment) er gagnreynð aðferð til að koma auga á þá þætti sem viðhalda og auka óæskilega hegðun einstaklinga. Notast var við virknimat til að móta heildstæða stuðningsáætlun við hegðunarvanda hjá nemenda í 6. bekk grunnskóla. Nemandinn hafði greiningu um athyglisbrest með ofvkni (ADHD) og var ekki á lyfjagjöf við kvillanum. Samkvæmt starfsfólk skóla hafði

nemandinn sýnt óæskilega hegðun í þrjú ár, fylgdi illa fyrirmælum og var óvirkur í kennslustundum. Notast var við beint áhorf í kennslustundum til að meta umfang vandans fyrir og eftir íhlutun með AB einstaklingsrannsóknarsniði. Nemandinn sýndi háa tíðni óæskilegrar hegðunar fyrir íhlutun og litla virkni í tíma. Eftir að einstaklingsmiðaða stuðningsáætlunin var komin í framkvæmd minnkaði óæskilega hegðun nemandans um 67% og virkni í kennslustundum jókst um 42%. Þessi áhrif komu fram við íhlutun og einungis þá. Samkvæmt starfsfólki skóla var óæskileg hegðun nemandans ekki meiri en annarra barna í umsjónarbeknum eftir íhlutun og virkni í tíma sambærileg við samnemendur. Einnig kom fram ánægja hjá nemandanum með stuðningsáætlunina.

Leiðbeinandi: dr. Anna-Lind Pétursdóttir dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Marianna Jóhannsdóttir, framhaldsskólakennari, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Íris Valsdóttir, grunnskólakennari, M.Ed.-nemi

„Mér gengur miklu betur núna, tíminn nýtist betur og líður hraðar“

Framkvæmd virknimats og einstaklingsmiðaðrar stuðningsáætlunar fyrir nemandi með langvarandi náms- og hegðunarvanda á fyrsta ári í framhaldsskóla

Fjallað verður um notkun virknimats til að móta einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun við náms- og hegðunarvanda nemandi á fyrsta ári í menntaskóla. Virknimat (functional behavioral assessment) er gagnreynd aðferð til að koma auga á þá þætti sem viðhalda og auka óæskilega hegðun einstaklinga. Hér var virknimat framkvæmt með viðtölum við kennara, foreldra og nemandi og greiningu á fyrirliggjandi gögnum auk beinnar athugunar á hegðun. Nemandinn hafði greiningu um lesblindu og átti erfitt með að halda athygli við dagleg störf. Samkvæmt upplýsingum frá móður og gögnum frá grunnskóla hafði nemandinn lengi sýnt óæskilega hegðun, fylgdi illa fyrirmælum og var óvirkur í kennslustundum.

Notaðar voru beinar athuganir í kennslustundum til að meta virkni fyrir og eftir íhlutun. Nemandinn sýndi litla virkni í tíma við upphaf mælinga. Eftir að einstaklingsmiðaða stuðningsáætlunin var komin í framkvæmd jókst virkni í kennslustundum um 65%. Hluti af íhlutun fólst í að niðurtalningarklukku var varpað á vegg í kennslustofunni sem nýttist öllum beknum. Einnig var útbúið skráningarblað fyrir nemandann þar sem hann skráði sjálfur vinnu sína og hve oft hann óskaði eftir aðstoð frá kennara. Skráningarblaðið var síðan yfirfært á allan bekkinn þar sem allir kepptust að við að nýta tímann og safna

stigum. Við það jókst námsástundun nemenda til muna. Fram kom mikil ánægja hjá foreldri og nemandanum með stuðningsáætlunina.

Leiðbeinandi: dr. Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Sesselja Árnadóttir, grunnskólakennari og MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Moldin sem börnin þrifast í þarf að vera dálítið hlý“ – Upplifun nemenda, foreldra, kennara og skólastjörnenda á virknimati og stuðningsáætlunum

Í erindinu verður lýst niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar á upplifun nemenda með langvarandi hegðunarvanda, foreldra þeirra, kennara og skólastjörnenda á virknimati og stuðningsáætlunum. Virknimat er aðferð til að meta áhrifaþætti á erfiða hegðun og stuðningsáætlun lýsir heildstæðu inngrípi til að bæta hegðun. Meðal þátttakenda voru fjórir 7-8 ára nemendur sem fengu einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun nýlega, foreldrar þeirra og kennarar. Tekin voru hálfopin við tölvu við þá fyrir og eftir inngríp. Einnig voru tekin við tölvu við kennara og skólastjörnendur sem höfðu a.m.k. tveggja ára reynslu af þessum vinnubrögðum og two 15-16 ára nemendur sem áður hafa fengið heildstæða stuðningsáætlun til að fá sýn nemenda sem lengra eru komnir frá ferlinu. Nemendurnir höfðu allir langa sögu um hegðunareriðleika og meirihluti þeirra hafði greiningu um frávik í hegðun og/eða þroska. Viðtölin voru tekin upp, skráð orð fyrir orð og greind í þemu. Þátttakendum bar saman um að aðferðin skili góðum árangri bæði hvað varðar líðan og námsárangur nemenda. Nemendur vilja að komið sé fram við þá af virðingu og óska eftir leiðbeinandi til sögn. Foreldrar greindu almennt bætta líðan hjá nemendum. Kennarar nefndu hvaða þættir gætu bætt framkvæmdina eins og símenntun, skilningur skólastjörnenda, hvatning og aukinn tími. Skólastjörnendum bar saman um að jákvætt viðmót kennara og trú þeirra á aðferðinni gerði gæfumuninn.

Leiðbeinandi: Dr. Anna-Lind Pétursdóttir dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Félagakennsla og bein kennsla

Anna Lind Pétursdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Áhrif félagakennslu á félagsleg samskipti nemandra á einhverfurófinu

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um áhrif PALS-félagakennslu (Peer Assisted Learning Strategies) í lestri á félagsleg samskipti nemandra með greiningu á einhverfurófinu við jafnaldra sína. Þátttakendur voru fjórir piltar í fyrsta bekk grunnskóla. Í upphafi rannsóknar reyndust engin félagsleg samskipti eiga sér stað milli piltanna í frjálsum leik. Margfalt ABA- grunnlínusnið milli þátttakenda var notað til að kanna áhrif af félagakennslu í lestri á tíðni félagslegra samskipta í frjálsum leik eftir lestrartímann. Engin áhrif mældust fyrr en inn í lestraræfingarnar var fléttarð leik sem piltarnir gátu haldið áfram í eftir að lestraræfingunum lauk. ABA-einstaklingsrannsóknarsnið sýndi greinileg áhrif þessarar leikhlutunar á félagsleg samskipti milli piltanna sem unnu saman að lestraræfingunum. Einnig komu fram alhæfingaráhrif í formi aukinna samskipta við aðra pulta.

Gunnhildur María Sæmundsdóttir

Innleiðing læsisverkefnisins: PALS, Þór að læra saman í Mosfellsbæ

Fjallað verður um innleiðingu PALS verkefnisins sem hófst vorið 2009 í Mosfellsbæ. PALS er upprunnið í Bandaríkjunum og var fyrst þróað sem kennsluaðferð við að kenna börnum að læra að lesa annað tungumál en móðurmálið sitt og er framkvæmd kennslunnar þannig að börnin vinna í þórum. Reynsla af þessari kennsluaðferð reyndist henta öllum börnum vel og hefur breiðst út í Bandaríkjunum sem kennsluaðferð fyrir alla. Í PALS aðferðinni er einnig lögð áhersla á börnin læri smá saman að draga ályktanir af texta og geti sett saman forspá um áframhald textans. Það sem einkennir kennsluaðferð af þessu tagi er að börnin leiðbeina hvert öðru í gegnum hlutverk „þjálfara“ og „lesara“ ásamt þeirri félagsþjálfun sem felst í að skiptast á, bera virðingu fyrir og leiðbeina öðrum. Sagt verður frá innleiðingu í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar og viðbrögðum barnanna. Þá verður komið inná sjónarhorn foreldra og upplifun þeirra af PALS.

Rafn Emilsson, MS-nemi Heilbrigðisvíndasviði

Meðhöfundur: Zuilma Gabríela Sigurðardóttir, dósent Heilbrigðisvíndasviði Háskóla Íslands

Áhrif Beinnar kennslu (Direct instruction, DI) á frammistöðu gítarnema á unglingsaldri við nótnalestur

Í rannsókninni voru áhrif „Beinnar kennslu“ (Direct instruction, DI) á frammistöðu nemenda við nótnalestur skoðuð. Bein kennsla er aðferð sem var þróuð af Sigfried Engelman og Wesley Becker á 7. áratugnum og sýna rannsóknir á árangri hennar síðustu áratugi að hún sé ein árangursríkasta kennsluaðferðin sem til er fyrir grunnfærni í ýmsum fögum eins og lestri, stærðfræði, skrift o.fl. Þessi aðferð hefur þó ekki verið notuð í tónlistarkennslu áður. Þáttakendur voru 3 gítarleikarar á unglingsaldri sem höfðu stundað tónlistarnám í þrjú ár. Notast var við margfalt grunnlínusnið yfir hegðun og þáttakendur til að meta áhrif kennslunnar á námið. Við grunnlínu fengu nemendurnir kennslu í nótnalestri eftir almennum kennslubókum og hefðbundinni aðferð en við inngríp voru notaðar aðferðir DI. Frammistaða nemenda var metin á lestri tónhæðar, hryns og hefðbundinna laglína. Allir nemendur bættu frammistöðu sína í nótnalestri þegar líkani DI var beitt og einungis þá. Gerð var bein endurtekning á rannsókninni og voru niðurstöður seinni rannsóknar sambærilegar, allir nemendur bættu frammistöðu sína þegar líkani DI var beitt og einungis þá.

Stærðfræðinám og -kennsla – Markmið, fræði og framkvæmd; Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

Ágúst Benediktsson, grunnskólakennari

Hvernig er vægi inntaksmarkmiða í kennslubókum í stærðfræði og samræmdum prófum ákveðið?

Í rannsókninni var vægið í kennslubókum og samræmdum prófum borið saman við námskrá og niðurstöðurnar voru notaðar í viðtölum við fólk sem með vinnu sinni hefur áhrif á hvernig vægi þeirra birtist í kennslubókum og prófum. Einn námsþáttur, tölfræði og líkindafræði, var skoðaður sérstaklega. Viðmælendur í rannsókninni voru fimm talsins, tveir höfundar stærðfræðikennslubóka, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun, stærðfræðikennari í ungingadeild grunnskóla og höfundur samræmdra prófa hjá Námsmatsstofnun.

Þó að ekki megi alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar gefur hún vísbendingar um að:

- vægi námsþáttarins tölfræði og líkindafræði sé svipað í námskrá og í kennslubókum
- verulegur munur sé á vægi námsþáttarins tölfræði og líkindafræði í samræmdum prófum (2009–2010) og í kennslubókum (og námskrá)
- túlkun kennslubóka og námsmats sé byggð á Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, en vægi námsþáttu byggist aðallega á þrepamarkmiðum námskrárinnar
- leið breytinga og þróunar í námi og kennslu liggi í gegnum kennslubókina en þurfi samt stuðning og jákvæð viðhorf kennara
- tregða sé á allar breytingar á skólastarfi sem og á starfsemi stofnana og sjóða, breytingar taki langan tíma og venjur og hefðir hafi mikið að segja um hvernig hlutirnir eru gerðir.

Ingólfur Gíslason, doktorsnemi Menntavísindasviði Hi

Hönnun stærðfræðináms í samvinnu kennara og rannsakanda

Erindið fjallar um rannsókn á þróunarsamstarfi framhaldsskólakennara og rannsakanda. Þróunarstarfið sprettur af áhuga kennarans á því að útfæra stærðfræðikennslu byggða á þrautarlausnum og leiðsagnarmati og áhuga rannsakanda á því hvernig það megi gerast. Stuðst er við ferli hönnunartilrauna (e. design experiments) þar sem kennari og rannsakandi ígrunda saman markmið og leiðir, hanna saman námsumhverfi og athafnir, og greina árangurinn með það fyrir augum að bæta hönnunina og smíða litlar kenningar (e. local theories) um notkun hennar. Niðurstöður sem komnar eru felast í greiningu á þeim vandkvæðum sem eru á því að kenna stærðfræði með þessum hætti: Nemendur eru vanir að fá skýr fyrirmæli um það til hvers er ætlast af þeim, uppskera refsingu eða umbun í formi einkunna og eru ekki vanir því að sjá eða leita að merkingu í stærðfræði. Fyrir nemendum virðist hlutverk kennara vera að reka þá áfram, og árangur í stærðfræði sé að geta reiknað einhverja tegund af dæmum hratt og örugglega. Í stærðfræðikennslu með þrautarlausnum er hlutverk kennarans hins vegar ekki að gefa

nemendum aðferðirnar. Því þarf að hanna verkefni og námsumhverfi þannig að önnur gildi taki við í skólastofunni en hin hefðbundnu sem nemendur eru vanir.

Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Fræði og framkvæmd – Rannsóknir á stærðfræðinámi og -kennslu og tengsl þeirra við vettvang

Í erindinu verður fjallað um tengsl rannsókna á stærðfræðinámi og -kennslu við starfið í grunnskólum. Þeir sem fást við menntarannsóknir þurfa að ígrunda á hvern hátt kenningar um nám og niðurstöður rannsókna á námi og kennslu geta haft áhrif á skólastarf. Fræðimenn á sviði menntarannsókna þurfa að eiga samstarf við kennara um hvernig þeir geta nýtt sér rannsóknir sem tengjast starfi þeirra. Áhersla í rannsóknum á skólastarfi undanfarna áratugi hefur færst frá því að skoða tengsl milli kennslu og árangurs af skólastarfi yfir í að greina það ferli sem á sér stað í kennslustofunni og þátttaka kennara í rannsóknum á skólastarfi hefur aukist. Starfendarannsóknir og samstarf kennara og rannsakenda gegna lykilhlutverki í að gefa upplýsingar um starfið á vettvangi og nýtast til að þróa kenningar um nám og kennslu. Gefin verða dæmi um rannsóknir þar sem kennrarar hafa unnið með fræðimönnum að því að skoða stærðfræðikennslu sína og greina það nám sem fer fram í skólastofunni, bæði stærðfræðinám nemenda og eigin þróun í kennslu. Markmiðið með erindinu er að sýna fram á hvernig samstarf fræðimanna og stærðfræðikennara getur varpað ljósi á þætti sem eru mikilvægir fyrir þróun stærðfræðimenntunar.

Kristín Bjarnadóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

Markmið stærðfræðináms og markmið námsbrauta í framhaldsskóla – eiga þau samleið?

Fram yfir miðja tuttugustu öld lutu kennslubækur í reikningi mynstri sem rekja má aftur til síðmiðalda. Kenndar voru aðferðir við reikniaðgerðirnar fjórar í heilum töldum og brotnum, hlutfallareikningur í formi þríliðu og flatarmál. Aðferðunum var fylgt eftir með orðadæmum, annars vegar úr daglegu lífi en hins vegar með sagnablæ liðins tíma. Sjónarmið sem tengdust „nýju stærðfræðinni“ um 1970 voru m.a. að reikningur ætti að hafa almennt fremur en hagnýtt gildi og vægi dæma úr daglegu lífi í reikningsbókum dróst saman. Samtímis var tekið að sameina bóknám, iðnnám og starfsnám undir einum hatti fjölbautaskóla. Nemendur á ólíkum námsbrautum sitja í sömu áföngum í grunngreinum. Af því er félagslegur ávinningur og fjárhagslegur, kennslukraftar nýtast betur en ella í fámennum skólum, en á kostnað þess að stærðfræðinámið verði hagnýtt með tilliti til einstakra námsbrauta. Í erindinu er greint frá rannsókn á námsefni, prófum og gengi nemenda í STÆ 102 á vorönn í fjölbautaskóla. Niðurstöður benda til þess að námsefnið sé í litlum tengslum við markmið námsbrauta nemenda og stuðli ekki nægilega að hæfni þeirra til að takast á við frekara nám, framtíðarstarf eða þátttöku í samfélagslegri umræðu.

Lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi

Gunnar J. Gunnarsson, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Trú og tilvistartúlkun

Erindið tengist rannsókn sem rannsóknarhópur innan Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum er að framkvæma á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks (18-22 ára) í fjölmenningsarsamfélagi. Í því verður athyglinni sérstaklega beint að trúarviðhorfum og tilvistartúlkun ungmennanna. Fræðilegt samhengi þessa þáttar er skilgreining á nokkrum lykilhugtökum sem hafa verið til umræðu um nokkurt skeið í tengslum við rannsóknir á lífsviðhorfum barna og unglings í nágrennslöndunum. Í brennidepli er sá skilningur að manneskjan sé merkingarskapandi vera og leitist við að gefa lífi sínu og tilvist sinni merkingu og tilgang. Gengið er út frá þeim skilningi á menningu sem leggur áherslu á það sem er merkingargefandi og túlkun þess. Samkvæmt því felur menning í sér það sem við tengjum við merkingu, tilgang og gildi og þær leiðir sem við höfum til að skapa og staðfesta þá merkingu. Þessu tengast hugtökin tilvistarsprungar og tilvistartúlkun sem fela í sér íhugun fólks á reynslu sinni og aðstæðum og viðleitni þess til að skilja líf sitt og samhengi. Rætt verður um þennan fræðilega bakgrunn verkefnisins og tekin dæmi úr fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar um hvernig trú og tilvistartúlkun birtist í viðhorfum ungmennanna.

Gunnar E. Finnbogason, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Lífsgildi og gildismat

Á tímum einstaklingsvæðingar sýna rannsóknir á ungu fólk að sú samfélagsþróun sem orðið hefur í kjölfar hennar hefur haft mikil áhrif á afstöðu ungs fólks og aðstæður. Í erindinu verður reynt, í ljósi þessarar samfélagsþróunar og með vísun í rannsóknargögn, að kanna hvernig ungt fólk tjáir sig um lífsviðhorf sitt og gildismat. Gildi tengjast spurningunni um hið góða líf. Þau snúast um áherslur í lífinu, hvaða stefna er tekin og hafa þar með áhrif á athafnir einstaklingsins. Gildin stuðla að því að skapa samhangandi sýn á tilveruna sem ungt fólk hefur þörf fyrir. Gildismat verður því hluti af sjálfsmynd einstaklingsins og sjálfsskilningi og hefur áhrif á hvernig hann túkar líf sitt. Lífstúlkun tengist þannig viðleitni einstaklingsins til að finna merkingu og tilgang í reynslu sína af lífinu og tilverunni. Rætt verður um, með hliðsjón af rannsóknargögnum, hvernig ungt fólk tekst á við gildi í hinu daglega lífi og hvernig það upplifir þýðingu þeirra bæði sem einstaklingar og í samskiptum við aðra.

Halla Jónsdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Samskipti í hnattvæddu samfélagi

Hér verður fjallað um fyrstu niðurstöður hluta rannsóknar sem rannsóknarhópur innan Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum er að gera á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks (18-22 ára) í fjölmenningsarsamfélagi. Í þessu erindi verður athyglinni sérstaklega beint að samskiptum ungmennanna

í hnattvæddu samfélagi. Í brennidepli er skilningur J. Deweys á mikilvægi samskipta og J. Bruners um að tungumálið sé okkar helsta verkfæri í samskiptum, einnig á hinn nýja skilning á samskiptum í netvæddum heimi, þar sem alþjóðavæðingin er einstaklingseign. Þá verður einnig litið til þess sem lesa má út úr niðurstöðum rannsóknarinnar um áhrif samskipta við ólíkra aðila á sjálfsmynd og smekk ungs fólks (sbr. Bourdieu). Skoðuð eru bæði neikvæð samskipti eins og einelti, en einnig jákvæðar hliðar samskipta við vini og fjölskyldu. Skoðað er hvort munur er á kynjum varðandi þessa þætti samskipta og jafnframt í ljósi menntunar foreldra.

Sigurður Pálsson, stundakennari Menntavísindasviði HÍ

Trúarbragðafræðsla í opinberum skólum. Af vettvangi Evrópuráðsins

Um miðja síðustu öld settu þjóðfélagsfræðingar fram kenningar um að veraldarvæðing (secularization) vestrænna þjóðfélaga myndi leiða til þess að hið trúarlega hætti að skipta máli í opinberri umræðu og þróun í þá átt yrði hröð á síðari hluta aldarinnar. Reynslan hefur orðið önnur. Nú er rætt um endurkomu trúarbragðanna á vettvang stjórnmálanna. Þetta, ásamt vaxandi fjölmenningu, hefur vakið umræðu innan Evrópuráðsins um mikilvægi trúarbragðafræðslu í opinberum skólum. Í fyrilestrinum verða kynntar skýrslur frá Evrópuráðinu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum, þar sem færð eru rök fyrir mikilvægi hennar og bættrar kennaramenntunar. Staðhæft er að þekking og skilningur á eigin trúarbrögðum og annarra efli skilning og umburðarlyndi manna á milli, sem er forsenda friðsamlegra samskipta og virðingar fyrir lýðræði og mannréttindum. Kynntar verða niðurstöður og tillögur ráðstefnu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum sem haldin var í Toledo á Spáni árið 2007 á vegum OSCE (Organization for Security and Co-operation in Europe) nánar tiltekið ODHIR (Office for Democratic Institutions and Human rights.): Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools. Í lok fyrilestrarins verða dregnar ályktanir um stöðu trúarbragðafræðslu í opinberum skólum á Íslandi með það í huga að nú stendur yfir endurskoðun Aðalnámskrár grunnskóla og menntun kennara er í deiglu vegna lengingar námsins um tvö ár.

Hreyfing, félagslegir þættir og heilbrigði; Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Ingi þór Einarsson, aðjúnkt og doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ, Barbara Dröfn Fischer, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ, Marta Ólafsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ og Sigurlín Garðarsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ.

Líkamsástand íslenskra barna með meðal-til-mikla þroskahömlun

Rannsóknir á börnum og unglungum í íslenskum grunn- og framhaldsskólum sýna að þau hreyfa sig of lítið, eru of þung og með of hátt hlutfall líkamsfitu þrátt fyrir að þrek þeirra sé nokkuð gott. Erlendis hreyfir mun lægra hlutfall barna með þroskahömlun sig nægilega mikið og hlutfallslega fleiri börn eru of

þung og of feit. Íslensk börn með þroskahömlun hafa hins vegar ekkert verið rannsökuð. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna líkamsástand íslenskra barna á grunnskólaaldri með þroskahömlun. Rúmlega 40 börn af báðum kynjum með meðal-til-mikla þroskahömlun tóku þátt. Holdafar þeirra var metið út frá hæð, þyngd, líkamsþyngdarstuðli, mittismáli og húðfellingarmælingum auk þess sem líkamssamsetningin var mæld með DXA-tæki. Þrek var mælt með hjólaprófi, hreyfing með hröðunar-mælum og blóðþrýstingur í hvíld var einnig mældur. Algengi ofþyngdar og offitu var hærra (tæplega 35%) á meðal þáttakenda í rannsókninni heldur en fundist hefur á meðal íslenskra barna án þroskahömlunar. Rúmlega 40% höfðu hækkaðan blóðþrýsting og mittismálið var yfir viðmiðunarmörkum hjá rúmlega 30% þáttakenda. Þrek þessara barna var einnig mun lægra og þykkt húðfellinga meiri en fundist hefur hjá íslenskum börnum án þroskahömlunar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mun meiri líkur séu á því að íslensk börn með þroskahömlun þrói með sér lífstílssjúkdóma síðar á lífsleiðinni heldur en börn án þroskahömlunar og að börn með þroskahömlun séu í raun sérstakur áhættuhópur hvað varðar lífstílssjúkdóma.

Gunnhildur Hinrikssdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Frosti Sigurðsson, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Ragnar Bjarnason, prófessor Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Líkamsástand unglings á afreksbrautum og hefðbundnum brautum í framhaldsskóla

Inngangur: Afreksbrautir hafa verið að ryðja sér til rúms í framhaldsskólum landsins undanfarin misseri þar sem unglungum sem stunda íþróttir er gert auðveldara að sinna þeim meðfram skólasókn. Tilgangur: Að bera saman líkamssamsetningu og líkamlegt þrek einstaklinga sem skrá sig á afreksbrautir og á hefðbundnar brautir í framhaldsskóla. Aðferðir: Gerðar voru mælingar á hæð, þyngd, ummáli, blóðþrýstingi og þykkt húðfellinga hjá 16 ára ungmennum á afreksbrautum ($n=18$) og hefðbundnum bóknámsbrautum ($n=136$) auk þess sem þau undirgengu hámarkspróf á hjóli. Niðurstöður: Unglingar á afreksbrautum höfðu marktækt lægri neðri mörk blóðþrýstings, þykkt húðfellinga og hlutfall líkamsfitu miðað við unglings á hefðbundnum brautum. Unglingar á afreksbrautum náðu jafnframt marktækt hærri wöttum sem og wöttum per kg á hjólaprófinu og þar af leiðandi hærri áætlaðri súrefnisupptöku. Enginn munur mældist á krökkunum í hæð, þyngd, BMI, efri mörkum blóðþrýstings, hámarks hjartslætti, ummáli mittis og upphandleggjar. Af þessu má leiða líkum að því að unglings á afreksbrautum eru í mun betra líkamsástandi en jafnaldrar þeirra á hefðbundnum bóknámsbrautum og því með minni áhættu á að þróa með sér lífsstílssjúkdóma.

Hervör Alma Árnadóttir, lektor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Félagsleg færni ungmenna: Tengsl félagslegrar færni og ofþyngdar

Bakgrunnur: Félagsleg færni hefur áhrif á það hvernig einstaklingar mynda tengsl sína á milli og hvernig einstaklingum gengur að leysa verkefni dagsins. Í flókinni veröld samtímans reynir mikið á félagslega færni. Þeim þáttum fer fjölgandi sem krefjast samvinnu margra ólíkra aðila og teymisvinna og þverfaglegt samstarf er hluti að daglegu lífi margra. Því er mikilvægt að þekkja sem best þá þætti sem geta haft áhrif á félagslegan þroska einstaklinga. Tilgangur: Markmiðið með doktorsverkefni mínu er meðal annars að rannsaka hvort að tengsl séu á milli þess að vera yfir kjörþyngd og félaglegrar færni. Tilgátan er sú að ungmanni sem eru yfir kjörþyngd séu ekki eins félagslega fær og þau sem eru í kjörþyngd. Aðferð: Doktorsverkefnið er hluti af stærri langtímarannsókn sem hófst árið 2003. Haustið 2011 verður gagna aflað. Til að dýpka rannsóknina stefni ég einnig að því að taka eigindleg viðtöl. Niðurstöður: Markmiðið er að nýta niðurstöður rannsóknarinnar á markvissan hátt til að byggja upp fræðslu og forvarnarstarfi með börnum og ungmennum. Því verður lögð áhersla á að kynna þær fyrir fagfólk innan velferðar- og menntamála ásamt því að birta þær í formi fræðigreina.

Kristján Þór Magnússon, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Þórarinn Sveinsson, dósent Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Erlingur Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Er hreyfing og þrek ungra skólabarna að minnka? Samanburður á þreki og hreyfingu níu ára reykvískra barna með fimm ára millibili 2003 og 2008

Inngangur: Mikið hefur verið fylgst með þróun ofþyngdar og offitu meðal barna undanfarna áratugi, enda vandamálið alvarlegt í hinum vestræna heimi. Ekki hefur verið fylgst eins markvisst með þróun þreks (e. cardiovascular fitness) eða tíðni og magni hreyfingar (e. physical activity) barna yfir sama tímabil. Markmið þessarar rannsóknar var að bera saman magn hreyfingar níu ára barna yfir viku tímabil 2003 við hreyfingu annars hóps níu ára barna sem mæld voru 2008. Enn fremur að kanna hvort munur væri á þreki barnanna milli hópa. Aðferðir: Rannsóknarúrtakið samanstóð af reykvískum níu ára þátttakendum tveggja rannsókna framkvæmdum árin 2003 og 2008. Megin útkomubreyturnar voru tvær; þrek (vött/kg) sem mælt var með þrepaskiptu hámarksprófi á þrekhjóli og hreyfing (slög/mín) sem mæld var með hröðunarmælum (e. accelerometers). Notast var við fjölþrepaaðhvarfsgreiningu til að kanna mun á þreki og hreyfingu milli hópanna tveggja og leiðréttu fyrir áhrifum kyns, líkamsþyngdarstuðuls og innanflokkafylgni skóla (e. intraclass correlation). Niðurstöður: Hópurinn sem mældur var 2008 hreyfði sig að jafnaði minna virka daga (meðaltalsmunur = 107.7 slög/mín; 95% ÖM: 30.7, 184.8) og um helgar (meðaltalsmunur = 109.0 slög/mín; 95% ÖM: 15.2, 202.8). Á sama hátt leiddi samanburður hópanna í ljós að þátttakendur rannsóknarinnar frá 2008 höfðu tölfraðilega marktækt lakara þrek en þeir níu ára einstaklingar sem mældir voru á sama hátt fimm árum áður, árið 2003 (meðaltalsmunur = 0.31 vött/kg, 95% ÖM: 0.13, 0.49), eftir að leiðrétt var fyrir kyn, líkamsþyngdarstuðul

og innanflokkafylgni skóla. Ályktanir: Vera má að hreyfing og þrek níu ára reykvískra barna sé að minnka sé tekið mið af vísbendingum mælinga þessarar rannsóknar.

Hreyfing, félagslegir þættir og heilbrigði; Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði

Ingí Þór Einarsson, aðjúknt og doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Líkamleg geta sundmanna með væg þroskafrávik

Kynning: Þroskahamlaðir íþróttamenn hafa ekki fengið að taka þátt í Ólympíumóti fatlaðra (Paralympics) síðan árið 2000 vegna þess að ekki hefur þótt sýnt nægilega vel fram á að væg þroskafrávik hafi neikvæð áhrif á að ná árangri í íþróttum. Þrátt fyrir að vitað sé að þessir íþróttamenn æfi álíka mikið við sömu aðstæður og með sömuþjálfa og hinir ófötluðu er mikill munur á beinum árangri á milli þessara tveggja hópa. Aðferð: Sextíu og sjö afreks sundmenn úr röðum þroskahamlaðra voru mældir í sjö líkamssamsetningar mælingum, sjö liðleikamælingum og fjórum styrktarmælingum auk fjölbreyttra þol og hreyfigetu mælinga, á heimsleikum þroskahamlaðra og árangur þeirra borin saman við ófatlaða sundmenn með svipaðan bakgrunn. Niðurstöður: Þegar þroskahömluðu sundmennirnir sem syntu til úrslita eru bornir saman við ófatlaða sundmenn kemur í ljós að meðaltali röðuðust þeir undir 40. hundraðshlutamarkið hjá ófötluðum í líkamssamsetningar mælingunum og að meðaltali um 15. hundraðshlutamarkið í styrkleika mælingum. Það var aðeins í liðleikamælingunum sem meðaltalið nálgæðist 50. hundraðshlutamarkið. Ófatlaðir sundmenn sem keppa til úrslita eru að meðaltali yfir 90. Hundraðshlutamarkinu í öllum þessum mælingum. Umræður: Samkvæmt þessari rannsókn er marktækur munur á íþróttamönnum með væga þroskahömlun og ófatlaðra, og rannsaka þarf betur hvað þar er nákvæmlega sem veldur þessum mun.

Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Sandra Jónasdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Hervör Alma Árnadóttir, lektor Margrét Indriðadóttir, MS-nemi Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Eygló Traustadóttir, MS-nemi Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Kristján Þór Magnússon, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Þórarinn Sveinsson, dósent Heiðbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Þóroddur Bjarnason, prófessor HA, og Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Atgervi ungra Íslendinga: Líkamlegt atgervi, félagslegir þættir og andleg líðan

Inngangur: Tíðni ofþyngdar og efnaskiptasjúkdóma hefur vaxið í nútímasamfélagi vegna aukinnar kyrrsetu og rangs mataræðis einstaklinga. Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing stuðlar að betri heilsu og líðan. Markmið: Tilgangur rannsóknarinnar er að rannsaka langtíma- og aldurshópabreytingar á holdafari, hreyfingu, þreki, andlegri líðan og félagslegum þáttum í tveimur hópum ungs fólks (17 og 23

ára). Um er að ræða framhald rannsóknarinnar Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga, frá árinu 2003. Það er í fyrsta skipti sem síkar langtímaþreytingar á ákveðnum hópi eru skoðaðar á Íslandi. Aðferð: Áhersla verður lögð á að skoða áhrif líkamlegs atgervis og hreyfingar á andlega líðan, sjálfsvirðingu, líkamsímynd og almenna lífsánægju. Einnig að skoða hvort munur sé á áhugahvöt kynjanna fyrir því að hreyfa sig og hver hann sé. Gagnasöfnun rannsóknarinnar fer fram á nokkrum stöðum á landinu frá ágúst 2011 til janúar 2012. Ályktanir: Með rannsókn sem þessari fást upplýsingar um breytingar á heilsu og lífsstíl sem eiga sér stað á ofangreindum heilsutengdum þáttum milli unglings- og fullorðinsára. Niðurstöður gætu gefið vísbindingar um hvaða samsláttarþættir það eru sem hafa áhrif á tengsl hreyfingar og andlegrar líðanar. Niðurstöðurnar ættu jafnframt að geta stuðlað að markvissari fyrirbyggjandi aðgerðum gegn lýðsjúkdómum.

Janus Guðlaugsson, aðjúkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundar: Vilmundur Guðnasona, prófessor Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, dósent Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Áhrif sex mánaða fjölþættrar þjálfunar á hreyfifærni eldri einstaklinga: Víxlað snið með handahófskenndu vali í hópa

Markmið: Að meta áhrif sex mánaða fjölþættrar þjálfunar (MTI) á hreyfifærni og afkastagetu eldri einstaklinga og athuga hvernig breytingar varðveitast hálfu og einu ári eftir að þjálfun lýkur. Aðferð: Víxlað snið með handahófskenndu vali í hópa. Sex mánaða MTI og eftirfylgnimælingar hálfu og einu ári eftir að þjálfun lauk. Umgjörð: Dagleg göngupþjálfun utanhúss og styrktarþjálfun tvisvar í viku á líkams- og heilsuræktarstöð. Þátttakendur: Eldri einstaklingar ($n=117$), 63 konur og 54 karlmenn á aldrinum 71–90 ára. Mælingar: Hreyfifærniþrófin Short Physical Performance Battery test (SPPB) og 8-foot up-and-go notuð til að mæla hagnýta færni, hreyfigetu og jafnvægi. Styrktur mældur í sérhönnuðu styrktarmælingatæki; a dynamometer chair, þol mælt með sex mínumánuða gönguprófi og líkamleg virkni mæld með hreyfimælum, accelerometers. Spurningakönnun var notuð til að meta heilsutengd lífsgæði og daglega líkamlega virkni hvers einstaklings. Niðurstöður: Tölfræðilega marktækur niðurstöður komu í ljós eftir sex mánaða MTI í nær öllum mælingum. Áhrif MTI komu fram þegar hópur 1 sem fékk þjálfun í upphafi var borinn saman við viðmiðunarhóp (hópur 2). Tölfræðilega marktækur munur kom í ljós innan hóps 2 þegar víxlað var og hópurinn fékk þjálfun í sex mánuði. Hópi 1 hrakaði ekki í neinni mælingu á víxlunartímabili (sex mánaða eftirfylgni). Þegar hópur 1 og hópur 2 eru skoðaðir saman kom í ljós tölfræðilega marktækur munur ($p<0.05$) á öllum mælingum þeirra 98 þátttakenda sem kláruðu sex mánaða MTI. Ályktun: Regluleg og vel skipulögð sex mánaða MTI getur bætt og viðhaldið hreyfifærni og afkastagetu hjá eldi einstaklingum, haft áhrif á lífsstíl þeirra og að öllum líkindum haft áhrif á sjálfstæði og ótímabæra stofnanavist.

Katrín Gunnarsdóttir, MS-nemi á Félagsvísindasviði

The Effect of a Health Intervention on Academic Achievement: A study in 7–9 year old Icelandic Children

Health and education can be seen as two types of human capital investments. The aim of this study is to examine the relationship between health and educational achievement in children, with focus on the hypothesis that an improvement in health via a health-intervention program affects educational achievement. The majority of data utilized originates from the project “Lifestyle of 7–9 year old children”, a cluster randomized health intervention trial carried out in the years of 2006-2008. This data includes various health measures before and after a health intervention in three intervention schools ($n=163$) and three control schools ($n= 170$). The second data source contains the results of standardized tests that were carried out in the fall of 2008 by the Educational Testing Institute of Iceland. Estimates of the association between the health intervention and a child’s deviation of test scores from their school average in prior years were obtained using traditional regression techniques. The analysis shows that the children in the intervention group do substantially, and statistically significantly better in language achievement. Covariate estimates are generally as expected, with different factors being strongly related to academic achievement, such as parental SES. Substantial gender differences are observed, as well as differences according to the child’s post-intervention activity level. Results indicate that a school intervention might possibly have an effect on health and academic achievement of sedentary children.

Starfendarannsóknir – gildi, gæði og vinnubrögð: Að skapa nýjan skilning úr reynslu og fræðum

Hafþór Guðjónsson, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kennarinn sem rannsakandi

Starfendarannsóknir virðast njóta vaxandi vinsælda á Íslandi. Sífellt fleiri kennrarar stunda slíkar rannsóknir í skólum sínum og á menntavísindasviði Háskóla Íslands hafa námskeið um starfendarannsóknir verið vel sótt. Að auki hefur meistararitgerðum með slíku sniði fjölgæð ört. Í erindi mínu leitast ég við að varpa ljósi á þessa þróun og þá um leið á þennan nýgræðing í íslensku samfélagi. Hvaðan kemur hann og hvers eðlis er hann? Ef að líkum lætur er hér um nokkurs konar blending að ræða. Áhrifa gætir úr ýmsum áttum, til dæmis frá Ástralíu, Bandaríkjunum og Englandi. Hvað einstaka fræðimenn varðar er óhætt að fullyrða að Jean McNiff hefurengt lykilhlutverki í þróun starfendarannsókna hér á landi. McNiff leggur áherslu á að kennrarar séu fullfærir um að rannsaka eigið starf og geti með því móti skapað verðmæta þekkingu fyrir sjálfa sig og skólasamfélagið. Lykilatrið er, segir hún, að kennrarar spryji sjálfa hvað þeim sé umhugað um, hvaða gildi þeir vilja halda í heiðri og hvernig þeir geti bætt starfshætti þannig að þeir samræmist betur þessum gildum. Undirtónninn hjá McNiff er valdefling. Hún telur að með starfendarannsóknum geti kennrarar öðlast betra vald á eigin starfi og haft aukin áhrif á

þróun skólastarfs. Í erindi mínu hyggst ég að skoða þessa hluti gagnrýnum augum. Einkum og sér í lagi mun ég staldra við spurninguna um kennarann sem rannsakanda: Ættu kennarar að líta á sjálfa sig sem rannsakendur? Færi vel á því?

Karen Rut Gísladóttir, grunnskólakennari

Gæði kennararannsókna: Að horfast í augu við eigið sjálf

Kennararannsóknir eru um margt ólíkar öðrum rannsóknaraðferðum. Helsti munurinn er sá að í kennararannsóknum er það kennarinn sem rannsakar sitt eigið starf, þ.e. kennarinn tekur stöðu kennararannsakandans. Kennarinn sem rannsakandi leggur upp í rannsókn sína með það að markmiði að skilja betur og þráða eigið starf í þágu nemenda. Þrátt fyrir góðan ásetning kennararannsakandans um að bæta eigið starf er ekki hægt að fullyrða að það eitt að kennarar rannsaki starfið sitt leiði af sér betri kennslu. Kennararannsóknir gera þær kröfur til kennara-rannsakandans að hann ígrundi stöðu sína innan kennslunnar og rannsóknarinnar á gagnrýnnin hátt. Gæði kennararannsókna felst að hluta til í því að kennararannsakandinn geri grein fyrir því ferli sem hann gengur í gegnum til að horfast í augu við eigið sjálf innan rannsóknarferlisins og hvaða áhrif það hefur á niðurstöður rannsóknarinnar. Í doktorsverkefni mínu tók ég stöðu kennararannsakandans og rannsakaði það ferli sem ég sem íslensku kennari heyrnarlausra barna fór í gegnum til að byggja kennslu mína á mál- og menningarauðlindum nemenda. Í þessum fyrirlestri mun ég beina sjónum að því hvernig ég sem kennararannsakandi tókst á við það verkefni að horfast í augu við eigið sjálf innan rannsóknarferlisins.

Hafdís Guðjónsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Rýnt í vinnubrögð starfendarannsókna og hinar ólíku leiðir við gagnaöflun og úrvinnslu þeirra

Starfendarannsóknir eru umbótamiðaðar og tilgangur þeirra er að hver og einn bæti eigið starf. Í kennararannsóknum er tilgangurinn að stuðla að bættri menntun nemenda og betri árangri. Í þessu erindi verða aðferðir við gagnaöflun og úrvinnslu þeirra í starfendarannsóknum skoðaðar. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða mismunandi vinnubrögð í starfendarannsóknum, allt frá því að rannsóknarsprungur er sett fram og þar til rýnt er í niðurstöður. Markmiðið með rannsókninni er að skoða mismunandi leiðir við gagnaöflun, úrvinnslu þeirra og framsetningu niðurstaðna. Spurt er hvernig rannsóknarsprungur þróast og áhrif hennar á val aðferða við gagnaöflun. Frásagnir af niðurstöðum starfendarannsókna eru til að sýna öðrum hvað rannsakandinn hefur lært, hvernig það hefur áhrif á gerðir hans og hvernig þróun í starfi hjálpar öðrum þannig að þeim fer einnig fram. Með frásögnunum geta þeir sem þær lesa sett sig í spor rannsakandans, samsamað sig reynslu hans og reynt að taka gerðir hans til umhugsunar, ígrundunar eða til fyrirmynadar og þannig bætt sig í starfi. Í erindinu verða kynntar hinar mörgu ólíku leiðir við gagnaöflun og vinnubrögð og úrvinnsla þeirra skoðuð. Gefin verða dæmi um hvernig rannsakendur safna gögnum um starf sitt og hvernig þeir hafa unnið úr þeim á gagnrýnnin hátt.

Megumi Nishida, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

International studies in education. My Action Research: A Journey to be a Good Critical Friend

This research explores possibilities for critical friend's diverse roles. I teamed up with my friend Rekah's action research. The research question was: what does it mean to be a critical friend in action research? Action research is a practitioner based form of research most often done by teachers researching their teaching. Critical friend is someone who gives critical opinion and different perspectives to a teacher-practitioner through collaboration in action research. I used journal writing, took notes to keep my comments and suggestions while observing Rekah's sessions as well as recording sessions and our conversation. While she started showing improvement in her skills, I confronted with some dilemmas: I was offering my critical comments and suggestions to support, but I was also feeling that my suggestions could make my friend too dependent to me that interfered her own analysis and interpretation. I found that our discussion was basically about how she would carry out her action research and we lacked in communication about what and how I should support her to become independent. It caused me to offer too much support. Throughout these dilemmas, I learned that critical friend's role can be diverse according to the situation such as I could be a coach and a cheerleader for my friend's success in research.

Á vit djúphyggjunnar; Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglings

Ólöf Helga Pálmadóttir, leikskólastjóri

Um þróunarverkefnið: Á vit djúphyggjunnar

Á vit djúphyggjunnar er þróunarverkefni leikskóla í Seljahverfi í Reykjavík. Leikskólarnir hafa í mörg ár verið í samstarfi við grunnskóla hverfisins í þeim tilgangi að efla sameiginlega sýn á milli skólastiganna tveggja. Bæði skólastigin hafa lengst af tekið þátt í þróunarstarfinu þar til nú, að grunnskólarnir sáu sér það ekki fært. Þróunarverkefnið Á vit djúphyggjunnar er því sjálfstætt verkefni leikskólanna. Markmið þróunarverkefnisins var að athuga hvaða skoðanir elstu börn í leikskólum hverfisins hafa á reynslu sinni í leikskólunum og um væntingar þeirra að byrja í grunnskóla. Viðtöl voru tekin við börnin. Verkefnið var framkvæmt þannig að samstarf var frá byrjun til loka á milli sérfræðings á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og aðila á vettvangi, þ.e. leikskólastjóra og annarra í leikskólunum. Þessir fagaðilar skiptu með sér verkum í rannsóknarferlinu og komu saman að því að túlka gögn og niðurstöður. Í erindinu verður gerð grein fyrir tilurð verkefnisins og sameiginlegri ábyrgð fagaðila í rannsóknarstarfinu og um þær væntingar sem reynslan af verkefninu vekur um áherslur fram á veg. Niðurstöður sýna að börnin eru örugg og hafa jákvæða skoðun á dvöl sinni í leikskólunum og að eftirvæntingar gætir hjá þeim að byrja í grunnskóla.

Sigríður Kr. Jónsdóttir, leikskólastjóri

Leikið og lært í leikskóla og grunnskóla

Leikskólastjórar í leikskólunum Hálshaborg, Hálshakotí, Jöklaborg, Seljaborg og Seljakotí í Seljahverfi í Reykjavík hafa um árabil verið í faglegu samstarfi sín á milli og við grunnskóla hverfisins. Á tímum fyrri þróunarverkefna skólanna voru formlegar leiðir um upplýsingar um börn frá leikskólam til grunnskóla ekki til en í dag er lögbundið að upplýsingar fari á milli. Ein þeirra spurninga sem upp komu meðal leikskólastjóra og leikskólkennara í tengslum við skilin þegar elstu börn hætta í leikskólanum var hvort nægjanlega væri litið til skoðana barnanna um líf sitt á þeim tímamótum. Eitt af markmiðum þróunarverkefnisins Á vit djúphyggjunnar var að kanna hvernig elstu börnin í hverfinu litu á leikskólan og líf sitt þar og muninn á skólastigunum tveimur. Í viðtölum sem tekin voru við börnin kom fram að þau þekkja hugtökin að læra og leika og gera greinarmun á þeim. Niðurstöður sýndu að börnin leika margvíslega leiki í leikskólanum en læra þar að taka tillit til annarra. Þau læra í grunnskólanum „erfiðara“ en í leikskólunum og að lesa, skrifa og reikna. Í grunnskólanum leika þau í frímínútum. Þau líta þannig á að leikur sé ríkjandi í leikskólam, en víkjandi í grunnskólam. Börnin líta á grunnskólagögöngu sem eðlilegan þátt í lífi sínu.

Rannveig Jóhannsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Að skrifa nafnið í leikskóla – að lesa í grunnskóla

Markmið þróunarverkefnisins Á vit djúphyggjunnar var að leita eftir skoðunum elstu barna í leikskólunum fimm í Seljahverfi í Reykjavík, um reynslu þeirra í leikskólunum og um væntingar þeirra að byrja í grunnskóla. Elstu börnin eru níutíu og eitt talsins og í viðtölum við áttatíu og níu þeirra, þar sem þau voru þrjú til fjögur saman í hóp, komu margvísleg sjónarhorn fram. Eitt af því sem gögnin leiddu í ljós voru skýrar vísbendingar um það að mörg barnanna eru komin á veg í læsisþróun þar sem þau þekkja hlutverk ritmáls, kunna bókstafi, skrifa nafnið sitt og geta lesið orð og jafnvel lengri texta. Einnig kom fram að í huga barnanna er skýr munur á því hvort þau eru að leika og æfa þessa þætti eða að læra þá. Og jafnframt hvar hvort um sig fer fram. Þáttur foreldra og heimila kemur fram er þetta varðar og einnig að í leikskólanum er leikið með bókstafi en í grunnskóla á að læra þá. Þar á einnig að læra að skrifa og lesa. Í erindinu verður ljósi varpað á niðurstöður sem speglar áhugaverðan merkingarmun í huga barnanna á hugtökunum að leika og að læra í þáttum sem tengjast læsi.

Anna Bára Pétursdóttir, leikskólastjóri

Framtíðin, hvers er að vænta, hvert liggur leið?

Markmið þróunarverkefnis leikskólanna í Seljahverfi, Á vit djúphyggjunnar var m.a. að kanna hug elstu barna í leikskólunum um það að kveðja leikskólam og væntingar þeirra um að byrja í grunnskóla. Fram kom í viðtölum við börnin að þau vita að þau eru að hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla og þekkja af öryggi nafnið á grunnskólanum. Þau eru hins vegar ekki vel að sér um það hvernig skólastarfið fer fram og átta sig misvel á framtíðinni sem bíður á nýju skólastigi. Þekking þeirra byggir á reynslu annarra og börn sem eiga eldri systkini virtust vita meira um það hvernig lífið gengur fyrir sig í grunnskólanum en

hin. Þau hræðast almennt ekki það sem framundan er og eru tilbúin að mæta því óþekkta. Öll voru börnin á þeirri skoðun að í grunnskóla lærðu þau að lesa, skrifa og jafnvel reikna í þeim tilgangi að vita um hvað lífið snúist. Útivera í frímínútum og hollt fæði var á meðal þess sem þau voru viss um að biði þeirra og að kennaranum ber að hlýða. Framtíðin í samstarfi milli leik- og grunnskóla byggir á reynslu en mikilvægt er að kennrar beggja skólastiga séu skapandi og leiti til barnanna eftir „aðstoð“ við áætlunargerð þar um.

Þátttakendur í þróunarverkefninu Anna Bára Pétursdóttir, leikskólastjóri Jöklaborg, , Ágústa A. Friðriksdóttir, leikskólastjóri Seljaborg, Inga Dóra Jónsdóttir, leikskólastjóri Hálssakot, Ólöf Helga Pálmadóttir, leikskólastjóri Hálsaborg, Sigríður K. Jónsdóttir, leikskólastjóri Seljakot, Rannveig Jóhannsdóttir, lektor.

Learners of all ages – learning in a globalised world

The work is related to the program International studies in education, issues of sustainability, multicultural studies and education.

Anna Katarzyna Woźniczka, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

The home language environment of Polish children in Iceland and their achievement in Icelandic compulsory schools

The paper deals with the following question: How does the quality of mother tongue input, including reading and other child-parent language interactions affect the bilingual child's language development and achievement in school? Examining this matter is particularly interesting in Iceland, which in recent decades changed from a rather homogenous country to a multicultural one, with number of foreign citizens oscillating around 8%. Although there has been research on acquisition of the second language of immigrant children in Iceland, there is a need for deeper insight into various language environments of a particular immigrant group and their possible influences. This study is based both on qualitative and quantitative inquiry. The field work consisted of semi-structured interviews with fifteen children of the Polish speaking community in Iceland. Moreover, their parents received a questionnaire on frequency of child-parent activities related to language development. Later, children's grades in Icelandic were collected. Data were systematised, interrelated and interpreted. Results indicated that Polish played an important role in parent-child home language interactions. However, it seemed that parents' attitude towards Icelandic did not deter their children from achieving good results in that language, because parents, concentrating on interactions in the Polish language, were unintentionally helping their children to develop language skills that transferred to Icelandic.

Mica Allan, MA-nemi og kennari

Motivating the multicultural student – fact or fiction?

This study explores how multicultural students aged between 16 and 20 are motivated to attend further education and what drives attendance and participation in school. Qualitative research and semi-structured interviews are used to explore this area, taking interviews with six secondary school students from different cultures enrolled in the ‘Multicultural school’, one of eleven schools which make up the Technical School. Students at the school were chosen for the study, for as young adults they have both the choice and the responsibility for continuing in education rather than attending school by law. Interviews were also taken with two older students in their 30s to explore their motivation in pursuing education. Finally, interviews were taken with four Icelandic teachers at the school. Data from the interviews is analysed using a theory of goal acquisition and explores the students’ drivers of motivation. In exploring the role of goals in motivation the Stanford professor Ford has developed Motivational Systems Theory and identified a taxonomy of 24 goals across six categories. These goals have relevance for the challenge to an individual of living and learning in a culture that is not their own. Also of interest is whether the students’ educational experience recognises and accommodates their own cultural background. Findings have the potential to impact on school curriculum, school policy and national educational policy regarding multicultural students within Iceland.

Allyson Macdonald, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Auður Pálsdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Creating educational settings

The International Studies in Education programme, which is taught in English in the School of Education at the University of Iceland, enrolled its first group of students in fall 2008. One of three required courses in the autumn semester is Educational Settings, the other two being Research Methodology in Education and Academic Skills. The purpose of the course on Educational settings is to introduce university students to the diversity and development of educational settings. The aim is that students will be able to identify and discuss some of the issues involved in establishing and maintaining educational settings, both formal and informal. Learning experiences are structured so students will have the opportunity to consider different cultural values behind different versions of good practice and will be able to form judgements about what might constitute good practice in a variety of settings. We will discuss the way in which the course is designed such that students themselves become a part of the different settings and become aware of their own role in shaping their learning and development. The analysis is based on records of discussions and assignments on My Blackboard, and interviews with students from all years taken in 2011. Cosmopolitanism and the ethics of caring are themes which emerge from the analysis.

Caitlin Wilson, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Mary Frances Davidson, sjálfstæður rannsakandi

Capacity building away from home – the case of the UNU FTP

In the winter and spring of 2011, the researchers conducted an evaluation of the United Nations University – Fisheries Training Programme (UNU-FTP) based in Reykjavík, Iceland. Established in 1998, the UNU-FTP is the product of a trilateral agreement between the United Nations University, the Marine Research Institute, and the Icelandic Ministry of Foreign Affairs. The goal of the UNU-FTP is to contribute to institutional capacity building by providing post-graduate training in various areas of the fisheries sector for practicing professionals in areas where fisheries are of national or provincial importance. The majority of fellows are from Africa and Asia. The primary purpose of our evaluation was to analyze the progress the UNU-FTP has made towards achieving its strategic goals. Using the Logical Framework Approach for evaluation of development cooperation, we developed a survey for former FTP fellows, conducted deep interviews with key stakeholders in Iceland, and reviewed strategic planning documents for the FTP and its partner organizations. Our work draws on the experience of international fellows from a range of developing countries working in Iceland over a six-month training period as well as the experiences of the Icelandic partners who work with them. We examine why Iceland is a good place to do this type of capacity development work, and what potential limitations exist for such a program in the Icelandic context.

Að boða nýjungr með námsefni; Rannsóknarstofa námsgagna

Bjarni Þorsteinsson, bókaútgáfan Bjartur

Þrútið loft og þungur sjór í námsgagnaútgáfu

Í þessu erindi verður fjallað um einkarekna námsgagnaútgáfu á Íslandi en hún stendur á erfiðum krossgötum um þessar mundir. Með gríðarlegum niðurskurði á Námsgagnasjóði er orðið nánast ómögulegt fyrir aðra útgefendur en Námsgagnastofnun að gefa út námsefni fyrir grunnskóla. Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér fyrir skóla, útgefendur og námsgagnahöfunda? Samhliða auknum kröfum til námsgagna á framhaldsskólastigi hefur stórgægilega dregið úr sölu á námsbókum fyrir framhaldsskóla – skiptibókamarkaðirnir hafa á sama tíma eflst til muna. Þetta hefur gert að verkum að tekjur útgefenda og námsgagnahöfunda hafa dregist verulega saman og er nú svo komið að víða halda útgefendur að sér höndnum þegar kemur að útgáfu á nýju námsefni. Reynt verður að benda á leið út úr þessum óbærilegu ógöngum. Ný lög um framhaldsskóla munu umturna kennslubókamarkaðinum. Ekki verður lengur hægt að semja og gefa út námsefni sem hentar til kennslu í öllum framhaldsskólum landsins sem er ein af forsendum þess að hægt er að halda úti námsgagnaútgáfu fyrir framhaldsskóla hér á landi. Gerð verður tilraun til að rýna inn í framtíðina og geta sér til hvernig skólar, námsgagnahöfundar og útgefendur muni bregðast við þessum nýja veruleika.

Þorsteinn Helgason, dósent Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Guðrún Helga Sigurðardóttir, nemi Menntavísindasviði HÍ

Námsefni, námsefnisval og kennarinn

Í ritgerð með þessu nafni var gerð grein fyrir könnun á þætti kennara þegar kemur að vali á nýju námsefni. Fjallað er um hvernig Námsgagnastofnun kynnir nýtt námsefni fyrir kennurum og öðrum þeim sem hafa með kennslu að gera. Rætt er um þátt höfunda námsefnis og tengsl þeirra við starfandi kennara, einnig er spurt hver þáttur nemenda sé og hvort þeir séu spurðir. Þær spurningar sem lagt er upp með eru: Hvað hefur áhrif á val kennara á námsefni? Hvað gera kennarar til að tileinka sér nýtt námsefni? Hvernig mætti bæta val kennara á námsefni? Tilgátur höfundar eru að líklegasta skýring kennara á því hvers vegna þeir sækja ekki eða kynna sér ekki til hlítar nýtt námsefni sé tíma- og fjárskortur, þ.e. að ekki sé gert ráð fyrir tíma í að kynna sér nýtt námsefni og að kennarar fái ekki borgað fyrir þær aukastundir sem þeir verja í að kynna sér nýtt efni sem tekur tíma, og þá sérstaklega í upphafi.

Tryggvi Jakobsson, Námsgagnastofnun

Hvað segja úthlutunartölur um viðtökur nýs námsefnis?

Meðhöfundur: Ellen Eyjólfssdóttir, Námsgagnastofnun

Í erindinu verður farið yfir áherslur og aðferðir í kynningarstarfi Námsgagnastofnunar, hvað vel hefur reynst og hvað miður. Lagt verður út af þeirri hugmynd að talsvert vanti upp á að þorri kennara sé vel að sér um hvaða námsefni þeim stendur til boða og hvaða úrræði nemendum standa til boða til að ná að tileinka sér efnið sem best. Einnig virðist stafrænt efni ekki notað eins og skyldi. Velt verður upp spurningum um hvort beita þurfi nýjum aðferðum við kynningarstarfið og hvaða möguleikar standa þar til boða.

Inntak og hugmyndafræði í námsgögnunum; Rannsóknarstofa námsgagna

Haukur Arason, dósent Menntavísindasviði HÍ

Notkun eðlisfræðikennslubóka á unglingsastigi grunnskóla frá sjónarhlí starfsemiskenningarinnar

Fjallað verður um hvernig fræðilega megi skoða notkun kennslubóka frá sjónarhlí starfsemiskenningarinnar (e. activity theory) og hvernig það sjónarhorn geti orðið grundvöllur empirískrar rannsóknar á notkun kennslubóka í eðlisfræði á unglingsastigi í íslenskum grunnskólum. Starfsemiskenningin fjallar um tengsl geranda, verkfærис og viðfangs og við fyrstu sýn mætti beita því líkani að

nemandinn sé gerandi, eðlisfræðibekkingin viðfangið og eðlisfræðikennslubókin verkfærið. Notkun kennslubókar í skólaumhverfinu er þó öllu flóknari en svo að hægt sé að beita þessu einfalda líkani. Það er til dæmis ekki augljóst hvort nemandinn læri eðlisfræði með hjálp kennslubókarinnar eða að nemandi læri kennslubókina með hjálp kennara. Væntanlega verður að líta á kennslubókina að hluta til sem hjálpartæki við námið og að hluta til sem sjálft viðfangsefni námsins. Hlutverk gerandans er heldur ekki alveg einfalt því bæði kennrarar og nemendur eru notendur kennslubókarinnar í skólaumhverfinu þótt með ólíkum hætti sé og nauðsynlegt að fræðileg sýn á kennslubókarnotkun taki til hvoru tveggja. Enn fremur þarf fræðileg sýn á kennslubókarnotkun að taka til sambandsins milli kennarans og kennslubókarinnar þar sem kennslubókin kemur að hluta til í staðinn fyrir kennarann en hún er líka í hlutverki hjálpartækis fyrir kennarann og jafnframt hefur kennarinn nauðsynlegu hlutverki að gegna til að kennslubókin nýtist til náms.

Michael Dal, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Danskan í miðdepli

Í mörg ár hefur verið gefið út kennsluefni til notkunar í dönsku kennslu í grunnskólunum á Íslandi. Í staðinn fyrir að styðjast við danskt kennsluefni búið til í Danmörku fyrir móðurmálskennslu hefur verið hefð fyrir að búa til og nota efni sem hefur verið sérstaklega framleitt til að kenna dönsku sem erlent mál á Íslandi. Í erindinu verður fjallað um rannsókn á því námsefni sem framleitt hefur verið á tímabilinu 1970–2010. Leitast er við að svara spurningunum hvort um er að ræða áherslubreyingar á þessum árum og þá um hvaða breytingar er að ræða. Einnig er leitast við að skoða orðaforða, textategundir og tengsl námsefnisins við aðferðafræðina sem stuðst er við í dönsku kennslu. Sérstaklega verður fjallað um þær breytingar sem orðið hafa með notkun netsins og hvaða þýðingu það hefur fyrir gerð kennsluefnis til notkunar í dönsku kennslu.

Bragi Guðmundsson, prófessor HA

Sagan, skólinn og menningin

Því hefur lengi verið trúáð að íslensk menning sé heildstæð og fyrir alla jafnt. Hugmyndin að baki er væntanlega sú að þjóðin sé einsleit, saga hennar sé um flest sameiginleg, svo sé enn og verði í næstu framtíð. Af þessu leiðir að kennslubækur í Íslandssögu taka jafnan lítið tillit til mismunandi bakgrunns eða búsetu þeirra sem þær lesa, vísanir í atburði og sögupersónur byggja um flest á gamalli (sjálfstæðisbaráttu)hefð og fremur fátt er um efnislegar nýjungar. Þarf þetta og á þetta að vera svona? Eru önnur viðfangsefni og aðrar leiðir fyrir hendi? Ef svo er hvar og hvernig má leita þeirra? Í fyrilestrinum verða settar fram spurningar um hvort námsefnishöfundar fyrir grunn- og framhaldsskóla leiti nægilega víða fanga við vinnu sína, hvort ekki sé kominn tími til að brjótast undan ægivaldi stjórnmálasögunnar og

hvort ekki sé rétt að huga að þeim viðfangsefnum menningarinnar sem hvarvetna eru nærtæk nemendum sem kennurum.

Guðmundur Hálfdanarson, prófessor Hugvísindasviði Há

Meðhöfundur: Þorsteinn Helgason, dósent Menntavísindasviði Há

Átök um söguna í kennslubókunum

Sagan sem sérstök kennslugrein í almannaskólum mótaðist að mestu í þjóðernishreyfingum 19. aldar og hafði lengst af það meginhlutverk að skilgreina sameiginlegar minningar þjóða og þjóðríkja. Öðru hverju hafa risið deilur um inntak þessarar sögu, einkum eins og hún birtist ábreifanlega í kennslubókum sem hafa löggildingu í skólum. Háværar hafa þessar deilur orðið þegar þær speglar átök milli landa og ríkja, svo sem á Balkanskaga, Kýpur, Palestínu og Austur-Asíu en þjóðernis-, kynþátta- og kynjasjónarmið hafa einnig valdið titringi á öðrum landsvæðum. Á Íslandi var Danaandúðin sterk í lífseigustu sögukennslubók landsins eftir Jónas frá Hriflu, bók sem vakti aðdáun en einnig gagnrýni. Samfélagsfræðin á 8. og 9. áratug síðustu aldar innleiddi gjörbreytt sjónarmið en síðan hún leystist upp hafa skipst á sjónarmið sem kenna mætti við fjölhæggju eða samhyggju. Hlutur Íslands og íbúa landsins í alþjóðasamfélaginu hefur verið í brennidepli. Í fyrirlestrinum er leitast við að greina meginþræði í þessum átökum og álitaefnum á Íslandi og alþjóðlega og bera kennslubókasöguna saman við stöðuna í fræðasamfélaginu, á almennum vettvangi og í stjórnálalífinu.

Hin ýmsu andlit Bolognainnleiðingar; Rannsóknastofa um háskóla

Anna Ólafsdóttir, lektor HA

Viðhorf háskólakennara og stjórnenda innan Há til áhrifa Bologna-ferlisins á gæði náms og kennslu

Á síðustu árum hefur umræða um gæðamál háskóla verið áberandi jafnt innan sem utan háskólasamfélagsins. Hér verður greint frá rannsókn þar sem skoðaðar voru hugmyndir meðal kennara og stjórnenda innan Háskóla Íslands um það í hverju gæði háskólakennslu felast sem og leitast við að greina hvaða innri og ytri kraftar leika hlutverk í gæðaumræðu og gæðastarfi háskóla. Leiða má líkur að því að í háskólastofnunum sem eru þáttakendur í Bologna-áætluninni leiki Bologna-viðmiðin veigamikið hlutverk í öllum ákvörðunum er varða gæðastarf. Í rannsókninni var gögnum safnað bæði með viðtölum og spurningalistu. Allir viðmælendur voru spurðir hvaða merkingu Bologna-ferlið hefði í huga þeirra, hvaða skilning þeir legðu í ferlið og hvernig þeir sæju það birtast í framkvæmd innan stofnunarinnar. Greina mátti nokkur þemu í svörum viðmælenda. Af þeim höfðu tvö beina skírskotun til gæðasjónarmiða. Hið fyrra tengdist hæfniviðmiðum sem hluta af Bologna-innleiðingunni en hið síðara þeim áhrifum sem viðurkenning náms samkvæmt viðmiðum Bologna hefði á stöðu námsins og stofnunarinnar á alþjóðavísu. Í máli viðmælenda mátti almennt greina jákvæð viðhorf til áhrifa Bologna-innleiðingarinnar á gæði og niðurstöður spurningalistakönnunar staðfestu þau viðhorf í flestu.

Baldur Sigurðsson, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Hvað mæla námseiningar – magn eða gæði?

Annar af tveimur meginhornsteinum Bologna-ferlisins er einingakerfið sem notað er til að mæla stærð námskeiða, ektukerfið svokallaða (ects). Fullt háskólanám á ári er 60 ektur og að baki hverri ektu á að liggja um 25 til 30 klukkustunda vinna stúdents. Þá er allt meðtalið; tímasókn, heimavinna, hópvinna, verkefni og próf. Námsumhverfi í háskólum hefur gerþreyst á undanförnum árum. Á Menntavísindasviði hefur verið gengið lengra en víðast annars staðar í að sameina staðnám og fjarnám, fjöldi fólks stundar fjarnám og fyrirlestrar eða kennslustundir eru annars eðlis og gegna ekki sama hlutverki og áður. Í erindinu verður fjallað um hvers konar mælieining ektan er og hvaða þýðingu ektukerfið hefur fyrir gæði háskólanáms, skipulag námskeiða, nýtingu námstímans og fyrirkomulag námsmats í þessu nýja umhverfi. Skylda stjórnenda og skipuleggjenda náms verður að tryggja að stúdentar geti sinnt náminu raunverulega eins og til er ætlast án þess að vinnuálag í viku hverri keyri úr hófi. Hlutverk kennarans er að miklu leyti fólgið í að skipuleggja þennan tíma stúdenta sem best í þágu námsmarkmiðanna. Mikilvægt er að huga vel að lengd kennslumissera, nýtingu prófatíma og dreifingu vinnuálags á námstímanum.

Gyða Jóhannsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Guðrún Geirdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Viðurkenning háskóla: Viðhorf starfsfólks og stjórnenda við Háskóla Íslands til undirbúnings og gagnsemi viðurkenningar háskóla

Íslensk stjórvöld innleiddu gæðatryggingu um starfsemi háskóla í lögum um háskóla 2006 en þar er kveðið á um að háskólar skuli sækja um viðurkenningu sem byggir m.a. á gæðakerfi í samræmi við gæðaviðmið Bologna-ferlisins. Hér er fjallað um íslenskan hluta rannsóknar þar sem gæðamat á starfsemi íslenskra og finnskra háskóla er kannað og boríð saman. Þetta er tilviksrannsókn og nær íslenski hlutinn til Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á framkvæmd og niðurstöður þessa gæðamats út frá sjónarhjóli háskólastofnana. Rannsóknin byggist á að greina opinber gögn og viðtöl sem tekin voru við aðila sem komu að viðurkenningarferlinu innan Háskóla Íslands. Rannsóknar-spurningarnar eru: Hvernig var staðið að undirbúningi gæðamats vegna umsóknar Háskóla Íslands um viðurkenningu? Að hvaða marki nýttist undirbúningur matsins svo og niðurstöður þess Háskólanum? Fyrstu niðurstöður sýna m.a. að stjórn Háskóla Íslands og miðlæg stjórnsýsla stýrði undirbúningsvinnunni en sendi deildum skýrar leiðbeiningar um hvaða gögnum skyldi safnað. Undirbúningsvinnan gagnaðist stjórn háskólangs; hún varð tæki til þess að ná betri tökum á ferlum og reglum sem ekki hafði verið fylgt nægilega vel eftir. Gagnsemi ytra mats fólst fyrst og fremst í viðurkenningunni, að öðru leyti þóttu starfsfólk skýrslur erlendu sérfraðihópanna frekar yfirborðskenndar og sumir efuðust um réttmæti matsins.

Guðrún Geirdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Innleiðing hæfniviðmiða við háskóla: Skrifræðisleg kvöð eða hjálplegt kennslufræðilegt verkfæri?

Hæfniviðmið voru kynnt til sögunnar innan Bologna-ferlisins árið 2005 og voru gerð að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla með lögum um háskóla 2006. Innan Bologna-ferlisins er litið á hæfniviðmið sem hluta af nemendamiðaðri kennslu en það er sú kennslufræði sem halddið er á lofti innan ferlisins. Hæfniviðmið eru talin mikilvægt markmið í innleiðingu ferlisins og lagt er til að þau séu nýtt sem mælikvarði á þróun kennsluháttar í háskólum. Rannsókn á námskrárgerð háskólastigins (Guðrún Geirdóttir, 2008) bendir til þess að umræða um námskrá sé þar fágæt og ekki heildstæð. Hér verður gerð grein fyrir könnun á innleiðingu hæfniviðmiða í háskólum þar sem reynt var að varpa ljósi á viðhorf háskólakennara til hæfniviðmiða. Könnunin var lögð fyrir háskólakennara í öllum háskólum landsins. Niðurstöður benda til þess að háskólakennrarar séu almennt sáttir við innleiðingu hæfniviðmiða og telji þau mikilvægan hluta af gæðastarfi háskóla. Nokkuð margir háskólakennrarar telja sig nýta hæfniviðmið í kennslufræðilegum tilgangi í námskeiðum sínum. Niðurstöður benda þó jafnframt til að heildstæð umræða um hæfniviðmið námsleiða sé fágæt og að talsvert skorti á að nemendur þekki til hæfniviðmiða og séu virkir þátttakendur í skilgreiningu þeirra.

Sif Einarsdóttir, dósent Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Innleiðing Bologna-hæfniviðmiða og endurskoðun náms í náms- og starfsráðgjöf. Gagnsæi og frelsun eða spennitreyja skriffinskunnar?

Við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands fór innleiðing hæfniviðmiða fram samhliða heildarendurskoðun námsins. Löggilding starfsheitis náms- og starfsráðgjafa, innleiðing Bologna-viðmiða um skipulag æðra náms, breytingar á þjónustunni auk alþjóðlegs ákalls um aukna fagmennsku í greininni kallaði á að námið væri endurskipulagt. Meginmarkmiðið var að þróa heildstætt tveggja ára meistara-nám í náms- og starfráðgjöf. Stór hluti af vinnunni fólst í að skilgreina inntak námsins og reyndist vel að leita í smiðju erlendra og alþjóðlegra fagfélaga sem hafa skilgreint hæfniviðmið (standards, competencies) fyrir náms- og starfsráðgjafa. Leggja þurfti mat á hversu vel þessi viðmið eiga við hérlandis og hvaða hæfni náms- og starfsráðgjafar þurfa að búa yfir til að geta veitt lög- og samningsbundna þjónustu í íslensku samfélagi. Erlendu hæfniviðmiðin voru einnig notuð til að meta hversu vel gildandi námsskipan mætti þessum viðmiðum. Þessi aðferð reyndist gagnleg og við gátum metið með kerfisbundnum hætti hvað við værum að gera vel, hverju væri mögulega ofaukið og hvaða áherslur vantaði. Þessi kerfisbundna notkun hæfniviðmiða lék lykilhlutverk við innleiðingu Bologna-hæfniviðmiða fyrir námið í heild og einstök námskeið. Endurskoðunarferlinu ásamt innleiðingu hæfniviðmiða verður lýst og rætt um kosti þess og galla að nota viðmið af þessu tagi.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Fósturfjölskyldan – hvers konar stuðningsþarfir?

Fósturfjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki fyrir börn sem dvelja utan eigin heimilis. Fóstur barna er aðgerð sem yfirvöld reiða sig á. Málefnið varðar skólakerfið þar sem um ræðir 300–400 börn hverju sinni sem oft standa höllum fæti og þurfa sérstakan stuðning bæði heima og í skóla. Í málstofunni er fjallað um fósturfjölskylduna og sjónum beint að þörfum fósturforeldra fyrir stuðning og fræðslu. Hér á landi hefur skipulegri fræðslu fyrir fósturforeldra verið komið á en árangurinn ekki verið metinn. Erlendir fræðimenn hafa rannsakað slíkan stuðning, fræðslu og þjálfun og benda á nauðsyn þess að meta áhrifin kerfisbundið. Einnig kemur fram að fósturforeldrar telja fræðslu gagnlega en ekki nógu sértauka og benda m.a. á viðbrögð við tilfinninga- og hegðunarferfiðleika barnanna og betra aðgengi að fagmönnum. Trúlegt er að þarfir skólafólks og fósturforeldra skarist að einhverju leyti. Þegar litið er til radda fósturbarna um væntingar þeirra til umbóta á vinnulagi virðist samhljómur milli þeirra og óska fósturforeldra. Þetta fjölskylduform getur vissulega veitt börnum sem þess þurfa jákvæð tækifæri í lífinu. Fósturfjölskyldan er lík öðrum barnafjölskyldum í mörgu tilliti en ber einnig sérstök einkenni sem taka þarf tillit til. Menntun fósturbarna er verkefni sem fósturforeldrar deila með skólafólk.

Vilborg Hjörný Ívarsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Stöðugleiki í fóstri

Erindið fjallar um rannsóknir á stöðugleika fósturbarna. Hvað einkenni farsæld þeirra með tilliti til stöðugleika? Stöðugleiki í lífi barna er ein af grundvallarforsendum fyrir vellíðan þeirra. Óhjákvæmilega verður rót á lífi fósturbarna þegar þau flytja af upprunaheimilinu. Rannsóknir sýna að stór hluti barna í umsjón barnaverndar upplifir rótlaust líf og flytur mikið á milli staða. Ein ástæða fyrir flutningi er fósturrof en rannsóknir sýna að það er sterkur ví�ir að lélegri heildarútkomu einstaklinga til lengri tíma. Traustur grunnur er talinn mikilvægur fósturbörnum. Fimm þættir þurfi að vera til staðar innan fósturfjölskyldna sem stuðla að farsæld barnanna en þeir eru: að vera til staðar (e. availability), tilfinninganæmi (e. sensitivity), viðurkenning (e. acceptance), samvinna (e. co-operation) og að tilheyra (e. family membership). Mikilvægt er að fylgjast með flutningi fósturbarna á milli heimila og hvernig hann ber að til að unnt sé að vinna skipulega að farsælu samstarfi fósturbarns, upprunaforeldra, fósturforeldra og starfsmanna barnaverndar.

Áslaug Berta Guttormsdóttir, sérkennari og MA-nemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Þau eru alltaf að fara“ – Hver er upplifun fósturbarna af tímabundinni skólagöngu?

Erindið byggir á rannsóknarverkefni þar sem athuguð er upplifun fósturbarna af skólagöngu í skóla sem þau sækja um skeið vegna tímabundinnar fósturráðstöfunar og hver reynsla þeirra er af samvinnu, þátttöku og valdeflingu varðandi eigin málefni. Fræðilegur styrkur er sóttur til félagslegrar hugsmíða-hyggju, nýrrar sýnar á miðbernskuna og réttindi barna og sýnar á börn sem þáttakendur í rannsónum. Rannsóknin er eiginleg viðtalsrannsókn. Markmiðið er, jafnframt því að öðlast innsýn í reynslu fósturbarna af tímabundinni skólagöngu, að bæta við fyrri þekkingu í fræðaheiminum, að skapa umræðu um málefni barna í tímabundnu fóstri og skólagöngu þeirra. Þess er vænst að rannsóknin geti skipt málí fyrir framtíð fósturbarna hérlandis að því leyti að bæta líðan þeirra í skóla og efla menntun þeirra. Innlendar rannsóknir á skólagöngu fósturbarna eru fáar en erlendar rannsóknir sýna að fósturbörn eru með viðkvæmustu hópum skólakerfisins. Þau eiga undir högg að sækja á öllum sviðum og vandi þeirra er alvarlegur. Samskiptaleysi félagslega kerfisins og skólakerfisins gerir stöðu þeirra enn bágbornari þrátt fyrir að farsæld þeirra til framtíðar felist í menntun. Aftur á móti virðist það markmið ekki nást nema með „sóknaráætlun“ varðandi skólagöngu þeirra.

Árni Guðmundsson, aðjúpnt og doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Inni í tjaldi, úti á palli“ – Útihátíðir ungmenna

Útihátíðir ungs fólks á Íslandi hafa ávallt verðið umdeildar. Höfundur þessa fyrirlesturs ritaði bókina *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992* (2006). Þar veltir hann fyrir sér þessari hlið unglingsmenningar hérlandis. Fyrirlesturinn byggir m.a. annars á gögnum sem höfundur fann við vinnslu bókarinnar og fyllsta ástæða var til þess að gefa frekari gaum. Um er að ræða gögn sem tengjast útihátíðum allt frá árinu 1957 er haldin var útihátíð í Hvalfirði. Í fyrirlestrinum er fjallað um hátíðir sem haldar voru á vegum opinberra aðila með beinum og óbeinum hætti. Dæmi um slíkar hátíðir voru hvítasunnuhátíðir í Þórs-mörk árin 1963 og 1965 og Saltvíkurhátíðin 1971, allar haldnar að tilstuðlan Æskulýðsrás Reykjavíkur, og hátíðin Vor i dal 1973 sem haldin var að tilstuðlan Æskulýðsrás ríkisins en framkvæmd af Ungmenna-felagi Íslands. Höfundur fjallar einnig um seinni tíma samkomur, s.s. Uxa 1996, Eldborgarhátíðina og „Einnar með öllu“ á Akureyri. Ekki er um tæmandi rannsókn að ræða en allar eiga þessar samkomur sammerkt að hafa verið umdeildar og lýsandi fyrir „útihátíðamenningu“ íslenskra ungmenna. Æskan er ávallt talin á glapstigum að mati þeirra sem eldri eru, sem auðnast þó ekki að setja hátíðum viðeigandi mörk eða skorður. Höfundur veltir fyrir sér og freistar þess að svara þeiri spurningu hvort eitthvað hafi breyst í þessum kima unglingsmenningar síðustu áratugina?

Ný aðalnámskrá – hvað svo?

Hringborð

Frummælendur:

Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Björk Ólafsdóttir, verkefnisstjóri Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyri
Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara

Haustið 2011 tekur gildi ný aðalnámskrá grunnskóla byggð á grunnskólalögum frá 2008. Í nýju nám-skránni eru veigamiklar breytingar frá aðalnámskrá 2007. Megintilgangur málstofunnar er að draga fram nýjungar í nýrri menntastefnu sem birtast í aðalnámskránni og hvernig staðið skuli að innleiðingu hennar. Með aðstoð þátttakenda verða álitamál krufin og brýn verkefni sem bíða kennara og skólastjórnenda í kjölfar nýrrar aðalnámskrár. Í stuttum erindum verður rætt um námskrárhugtakið og eðli og tilgang aðalnámskrár. Fjallað um nýjar áherslur í aðalnámskrá grunnskóla. Athygli verður sérstaklega beint að gerð skólanámskrár, en það verkefni bíður væntanlega stjórnenda og kennara í öllum skólum í kjölfar nýrrar aðalnámskrár. Rætt verður um stefnumörkun sveitarfélaga í skólamálum og áhrif nýrra laga og aðalnámskrár á hana. Bent verður á mikilvæga þætti í innleiðingu nýrrar menntastefnu, s.s. stuðningsefni fyrir kennara, námsefni, símenntunartilboð, starfsþróunarverkefni o.fl. Rætt verður um meginbreytingar sem vænta má í námsefni og starfsháttum skóla og vandamál og áskoranir sem kennrar og stjórnendur standa frammi fyrir á þessum tímamótum.

Háskólanám

Anna Helga Jónsdóttir, doktorsnemi Verkfræði- og náttúrvísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Gunnar Stefánsson, prófessor Verkfræði- og náttúrvísindasviði HÍ

Þróun vefkerfis til einstaklingsbundins náms

Kennsluvefurinn tutor-web (<http://tutor-web.net>) hefur verið þróaður og notaður sem tól til rannsóknna á vefstuddri kennslu við Háskóla Íslands. Innan þessa kerfis geta nemendur og kennrar geymt og nálgast kennsluefni sem er opið öllum. Ekki síst geta nemendur fengið frjálsan aðgang að krossaspurningum en kerfið er hannað til að nemendur læri af spurningunum fremur en að þær séu próftæki. Þannig getur nemandi farið inn í tiltekinn fyrirlestur og beðið um krossaspurningar, eina af annarri þar til kerfið metur að hann kunni efnið. Í erindinu verður kennsluvefurinn kynntur ásamt þeirri þróunarvinnu sem nú stendur yfir. Ein helsta rannsóknarspurningin sem reynt verður að svara er: Hvernig er best að úthluta næstu krossaspurningu í vefstuddri kennslu svo nemandinn læri sem mest? Verið er að þróa algrím þannig að spurningarnar þyngjast smátt og smátt eftir getu nemenda. Til að auka lærdóm og skilning munu nemendur einnig fá svipaðar spurningar og þær sem þeir hafa áður svarað rangt og spurningar úr gömlu námsefni til upprifjunar.

Hans Kristján Guðmundsson, forseti Viðskipta- og raunvísindasviði HA

Til hvers menntum við doktora – Doktorsmenntun á Íslandi og þróun á erlendum vettvangi

Íslendingar hafa útskrifast með doktorsgráður á erlendri grund um áratuga skeið, margir frá bestu háskólum heims. Á síðastliðnum áratugi hefur framboð doktorsnáms við íslenska háskóla aukist verulega og leitt til aukningar í innritunartölum og brautskráningum svo líkja mætti við sprengingu. Það er enn fremur ljóst af stefnu Háskóla Íslands að stefnt er á enn frekari fjölgun og aðrir háskólar hafa þegar hlutið viðurkenningu á framboði doktorsnáms á ákveðnum sviðum. Í erindinu verður brugðið upp mynd af þessari þróun og velt upp jákvæðum og neikvæðum hliðum hennar. Enn fremur verða þróun doktorsnáms erlendis gerð nokkur skil og velt upp ýmsum afleiðingum mikillar fjölgunar brautskráðra doktora. Brugðið verður upp myndum af samspili atvinnutækifæra og doktorsmenntunar og velt upp spurningum um það hvernig menntun doktora ætti að vera til að hún gagnist framþróun fræðasviðsins og nýtist til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi. Til hvers konar starfa eru doktorar menntaðir, hvaða færni þurfa þeir að hafa? Er raunhæft að ætlast til að þriggja ára doktorsnám í samræmi við Bologna-líkanið skili sjálfstæðum vísindamanni út í samfélagið, reiðubúnum til þess að vera hluti af framvarða-sveit vísindanna?

Þóra Christiansen, aðjúknt Félagsvísindasviði HÍ

Students' achievement goals and attitudes towards negotiation of course elements

The study is exploratory in nature; based on a survey of university students, aiming to uncover their views and attitudes towards the negotiability of course and task elements, such as grades, due dates, topics, or course content. Achievement goal theory has a long history in education research but has only fairly recently been the focus of research in negotiation. Findings have not been entirely consistent, but have suggested that process goal oriented individuals outperform outcome goal oriented individuals in dyadic negotiations. Research in both education and negotiation indicates that process goal oriented individuals outperform outcome goal oriented individuals in educational achievement as well. However, previous research by the author has suggested that outcome goal oriented students are more likely to initiate negotiation for extra course credit or higher grades and may thus improve their observed outcome. This finding opens an avenue for research into the interplay between students' achievement goal orientation, propensity to negotiate, and attitude towards what is negotiable, or what should be. The survey furthermore aims to explore the possibility of a link between goal orientations, students' attitudes toward the negotiability of course and task elements, and their reports of experiences with negotiating such elements.

Stefán Jökulsson, lektor Menntavísindasviði HÍ

Náms- og kennslufræði byggð á sköpun og samskiptum

Náms- og kennslufræði hefur lengi miðast við móttöku (reception) og byggst á þeirri hugmynd að kennrar geti „miðlað“ fróðleik til nemenda með talmáli, eða þá að hinir síðnefndu „tileinki“ sér bekkingu með því að lesa prentmál. Skólastarf hefur því að miklu leyti byggst á orðum en með tilkomu

stafrænnar tækni, sem ræður við mörg táknerfi og miðla, er hægt að „lesa og skrifa“ á nýjan hátt, t.d. horfa á stuttmynd eða búa til vef. Í þessu samhengi freista ég þess að svara tveimur spurningum: 1) Hvernig má endurskilgreina hugtakið læsi með hliðsjón af vinnu nemenda sem nota ýmiss konar miðla, t.d. myndmiðla eða hljóðmiðla, við efnisgerð? 2) Hvernig tekur náms- og kennslufræði sem tæki mið af slíkri skilgreiningu? Svörin byggi ég á rannsókn minni á því sem nemendur læra við það að búa til efni af ýmsu tagi en hún er liður í því setja fram kenningu um nám, hugmynd um náms- og kennslufræði, sem víesar til efnissköpunar og samskipta nemenda (production) fremur en móttöku þeirra á efni. Fyrri spurningunni tengist sú tilgáta að móttaka og efnisgerð (lestur og ritun) séu í raun og veru sambærileg fyrirbæri og því megi varpa ljósi á báða þessa póla með því að rannsaka annan þeirra, þ.e. efnisgerðina.

Grunnskóli – útkennsla, náttúra og bragfræði

Inga H. Andreassen, dósent háskólanum í Bergen

Meðhöfundur: Bjørg Oddrun Hallås, dósent háskólanum í Bergen

Útkennsla sem skilyrði fyrir sjálfbærri þróun

Meðal undirstöðuatriða fyrir góðum námsárangri nemenda er kennsla við hæfi hvers og eins. Slík kennsla snýst um að skapa nemendum góðar aðstæður og eykur færni þeirra þegar hvati til náms fer af stað. Þekking og færni verður fyrst gagnleg þegar hægt er að tengja hana daglegu lífi og umhverfi nemenda. Að þróa aðferðir við nám er mikilvægt viðfangsefni í þekkingarsamfélögum. Kennsla utan veggja skólans er aðferð sem getur skapað góð skilyrði til náms sé rétt á spöðunum haldið. Markvisst kennsluefni og leiðbeiningar fyrir kennara er mikilvæg undirstaða útkennslu. Kennrarar eru fagmenn og ýmsar hliðar fagmennsku koma fram og þróast hjá kennurum sem vinna saman á ólíkum sviðum. Í verkefninu sem kynnt verður er sjónum beint að fagmennsku í útkennslu. Útkennsla er aðferð í þróun sjálfbærars samfélags þar sem bæði er hugað að einstaklingum og umhverfi þeirra. Markmiðið með verkefninu er fyrst og fremst að þróa kennsluhætti sem fá nemendur til að bera virðingu fyrir umhverfinu og nýta náttúruna í leik og starfi og jafnframt að tengja útkennsluna við hefðbundnar námsgreinar. Útkennsla tengist bæði heilbrigði nemendanna og móður jarðar en einnig sjálfbærri þróun og frumkvöðlastarfi.

Jakob F. Þorsteinsson, aðjúknt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Rannsókn á ævintýranámi í skóla

Erindið fjallar um rannsókn á hálendisferðum Smáraskóla þar sem glímt var við þrjár megin rannsóknar-spurningar: (1) Hver er hugmyndafræði hálendisferða Smáraskóla og hvernig samræmist hún kennslufræðum útilífs, úti- og ævintýranáms? (2) Hver er reynsla þátttakenda af hálendisferðum með

Smáraskóla? (3) Hvaða tækifæri gefa ferðalögin til að vinna með siðfræði umhyggjunnar? Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þær að hugmynda- og kennslufræði ferðalaganna er vel mótuð og líkist mest skilgreiningum á ævintýranámi. Vinnulag í ferðunum byggir að hluta á reynslumiðuðu verklagi og þátttakendur eignast eftirminnilega reynslu sem eflir þá sem einstaklinga ekki síður en hóp. Í ferðunum eru tækifæri sköpuð til að þjálfa umhyggju fyrir sjálfum sér, nákomnum og fjarlægum öðrum, umhverfinu og hugmyndum. Í erindinu er bent á atriði sem huga þarf betur að og lúta veigamestu ábendingarnar að nauðsyn fyrir frekari ígrundun og tengingu við annað skólastarf. Niðurstöðurnar er hægt að nýta til að þráa og útbreiða ferðaverkefnið, vekja athygli á fjölbreyttri reynslu þátttakenda og hvernig hún tengist siðfræði umhyggjunnar, ásamt því að skýra hugtakanotkun og efla faglega umræðu um að leika, læra og þroskast úti. Í erindinu er einnig fjallað er um nám og kennslu sem tengist því að leika, læra og þroskast úti frá sjónarhóli formlauss, óformlegs og formlegs náms. Gerð er grein fyrir nokkrum lykilhugtökum á sviði útilífs, úti- og ævintýranáms og gerðar tillögur að skilgreiningum sem hæfa íslensku umhverfi og máli. Stuttlega er sagt frá kenningum og aðferðum er tengjast útinámi, s.s. reynslumiðað nám, áskoranir og breytingasvæðin, ásamt sérstakri umfjöllun um siðfræði umhyggjunnar.

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Börn og náttúra – Að nota ljósmyndir til að laða fram sjónarhorn barna á náttúrunni

Erindið fjallar um eigindlega forrannsókn sem gerð var með það að markmiði að laða fram sjónarhorn, merkingu og skilning barna á náttúrunni og fá þannig fram niðurstöður sem hægt verður að nýta við gerð mælitækja sem notuð verða í doktorsrannsókn höfundar. Var þetta gert vegna þess að það getur gefið góða raun að undirbúa hönnun spurningalistar með eigindlegri forrannsókn þegar ekki er vitað hvernig þátttakendur í rannsókn skilja ákveðin hugtök. Þannig getur eigindleg rannsókn byggt upp réttmætari spurningar og svarmöguleika. Til að ná fram þessu markmiði voru tekin viðtöl við þrjú börn á aldrinum 10–13 ára, ásamt því að farið var í vettvangsferðir út í náttúruna, þar sem 10 börn tóku ljósmyndir og skrifuðu niður lýsingar á myndum sínum. Helstu niðurstöður eru að ljósmyndir gagnast vel við að laða fram sjónarhorn barna á náttúrunni, sérstaklega ef börnin taka myndirnar sjálf og fá tækifæri til að skrifa um náttúruna með sínum eigin orðum. Niðurstöður gefa einnig vísbendingar um ýmis atriði sem hafa þarf í huga við val á mælitækjum og hönnun þeirra. Má þar nefna að börnum virðist hætta til að ofmeta þann tíma sem þau dvelja utandyra. Í erindinu verða þessi aðferðafræðilegu atriði rædd frekar.

Ragnar Ingi Áðalsteinsson, aðjúnkt Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Menningararfur í grunnskólum

Braghefð sú sem tíðkast hefur á Íslandi allt frá landnámi er um margt sérkennileg og heillandi. Það sem einkum skilur okkar kveðskap frá því sem gert er annars staðar er stuðlasetningarhefðin sem hér hefur varðveisit frá því í árdaga. Þær reglur sem einkenndu kveðskap um alla Norður-Evrópu um og fyrir landnám Íslands hafa geymst hér, í öllum grunnatriðum óbreyttar, meðan nágrannaþjóðir okkar týndu þeim niður, hver eftir aðra. Það hlýtur því að vera okkur nokkurt metnaðarmál að rækta þessa þekkingu

og skila henni áfram til komandi kynslóða. Þar eru grunnskólarnir í lykilhlutverki. Grunnreglur um stuðlasetningu, svo og aðrar reglur sem einkenna kvæði okkar og vísur, eru einfaldar og fljótlærðar og það hefur sýnt sig að nemendur í grunnskólum eiga auðvelt með að tileinka sér þær auk þess sem þeim finnst þessi vinna yfirleitt ljómandi skemmtilegt. Þær aðferðir sem best hafa reynst til að kenna grunnskólanemendum fræðin eru af ýmsum toga og eiga það sameiginlegt að reynt er að einfalda reglurnar og gera þær sem aðgengilegastar. Afraksturinn má svo sjá í skemmtilegum kveðskap undir fornum bragarháttum. Í fyrirlestrinum mun ég rekja í stuttu máli helstu aðferðir sem mér hafa reynst vel þegar ég er að kenna þetta efni, ég mun sýna ýmis dæmi um kennsluefni og skemmtilegar vísur sem nemendur hafa gert í tímum hjá mér.

Grunnskóli – fjölbreyttir kennsluhættir

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Rannveig Björk Þorkelsdóttir, leiklistarkennari í Háteigsskóla

Að auka orðaforða í gegnum leiklist

Sagt er frá nýrri rannsókn sem framkvæmd var frá 1. sept. 2010 fram í maí 2011 þar sem skoðað er hvort aðferðir leiklistar í kennslu geti aukið orðaforða barna. Rannsóknin náði til sex bekkja yngri barna, nemenda í öðrum bekk, sem fylgst var með á níu mánaða tímabili. Markmið rannsóknar var að kanna hvort aðferðir leiklistar gætu verið hentugar til að auka orðaforða nemenda á yngsta stigi grunnskóla. Kannaðir voru tveir hópar nemenda á yngsta stigi grunnskólans (samanburðarhópar). Annar hópurinn vann með aðferðir leiklistar jafnt og þétt en hinn ekki. Allir hóparnir unnu með sögur í bókunum *Iðunn og eplin* og *Egils sögu*. Tekin voru viðtöl við nemendur að hausti og vori og voru viðtölin öll tekin upp og afrituð. Nemendur fengu spurningar úr fyrrnefndum sögum, allir fengu sömu spurningar. Helstu niðurstöður verða kynntar á ráðstefnunni.

Margrét Ásgeirsdóttir, grunnskólakennari/stjórnandi

Fjölbreyttir og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í fjölhæfum bekk

Fyrirlesturinn er byggður á lokaverkefni til meistaragráðu í menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands vorið 2008. Fjallað verður um fjölbreyta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti í fjölhæfum bekk. Gengið er út frá því að undirstaða þess að hægt sé að einstaklingsmiða kennslu sé að kennarar hafi skilning á því hvernig börn læra. Í þeim tilgangi eru einstaklingsmiðaðir og fjölbreyttir kennsluhættir settir í samhengi við fræði sem kennd hafa verið við hugsmíði og rannsóknir sem byggja á svipuðum fræðum. Niðurstöður eru þær að börn læri með því að máta nýja þekkingu við fyrri reynslu. Reynsluna öðlast börn í því menningarlega umhverfi sem þau alast upp við. Þannig búa nemendur að ólíkri reynslu. Þess vegna er ekki hægt að ætlast til þess að öll börn stundi nám og skili verkefnum á sama hátt. Kennarar verða að gefa börnum tækifæri til að vinna á eigin forsendum úr reynslu sinni og viðurkenna

aðferðir þeirra. Einstaklingsmiðuð kennsla felst í því að hver einstaklingur fær tækifæri til að læra á sínum forsendum en í samvirkni með öðrum börnum og með stuðningi kennara. Lykilatriði í einstaklingsmiðaðri kennslu eru fjölbreyttir kennsluhættir þar sem hver og einn nemandi finnur þær námsleiðir sem henta honum.

Kristján Kristjánsson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Jákvæða sálfræðin gengur í skóla

Markmið: Tilgangur rannsóknarinnar er að fara í saumana á þeim staðhæfingum svokallaðra jákvæðra sálfræðinga að kenningar þeirra geti nýst í almennu skólastarfi til að efla farsæld og árangur nemenda. Ég hef áður (í grein í *Review of General Psychology*, 2010) kannað hinn heimspekilega og hugtakalega grunn jákvæðu sálfræðinnar og bent á nokkra agnúa í hugtakanotkun hennar. Að þessu sinni er hins vegar um hagnýtari athugun að ræða. Aðferð: Ég skoða og greini (meta-analyse) talsvert safn af nýlegum rannsóknum um árangur jákvæðu sálfræðinnar við að byggja upp jákvæðar tilhneicingar hjá nemendum (annars vegar styrkleika/dygðir og hins vegar seiglu) sem og jákvæðar tilfinningar (annars vegar svokallað „flæði“ en hins vegar beinar ánægjutilfinningar). Ég rýni annars vegar í ágæti þessara rannsókna sem slíkra en hins vegar í notagildi þeirra í skólastofnunni nú þegar jákvæða sálfræðin segist vilja „ganga í skóla“. Niðurstöður: Ef litið er á einstakar rannsóknir og rannsóknarviðföng virðist oftast um að ræða nýtt vín á gömlum belgjum. Vísbendingar um árangur eru einnig nokkuð misvísandi. En ef til vill er of mikil áhersla á frumleika og nýjungar í fræðaheiminum. Jákvæðu sálfræðingarnir eiga a.m.k. skilið lof fyrir að smíða sameiginlega regnhlíf utan um ýmsar íhlutanir og inngríp sem geta ugglaut þjónað „jákvæðri menntun“.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Söfn sem menntastofnanir

Á undanförnum áratugum hafa söfn viðs vegar í heiminum gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og á það við um flestar gerðir safna; menningarminjasöfn, listasöfn og náttúruminjasöfn. Þar hefur skipt mestu sú gagnrýni sem sett hefur verið fram undir heitinu ný safnafræði eða gagnrýnin safnafræði (e. new museology eða critical museology) og beinist að sannfæringu hópa á borð við konur og frumbyggja, svo eitthvað sé talið, að nauðsynlegt sé að endurmeta hlutverk og markmið safna vegna þess að þau hafa að jafnaði gengið framhjá þessum hópum í markmiðssetningunum. Gagnrýnin hefur einnig beinst að mikilvægum þáttum safnastarfs eins og sýningum og menntunarlegri dagskrá á borð við safnfræðslu, en þar er ábótavant að fjölbreytileiki sjónarmiða fái notið sín. Gagnrýnin hefur haft það í för með sér að söfn eru ekki lengur talin eigi að vera um eitthvað heldur fyrir einhverja og gjörbreytir það menntunarlegum áherslum þeirra. Í þessu erindi verður sjónum beint að þessari gagnrýni og gerð sérstök grein fyrir því hvernig hún hefur haf í för með sér að söfn, hvaða nafni sem þau nefnast, hafa þurft að endurskligreina hlutverk sitt sem menntastofnanir. Í erindinu verður sérstaklega horft til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað hér á landi.

Grunnskóli – Fjölbreyt viðfangsefni

Guðný Helga Gunnarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Námssamtöl í stærðfræði

Rannsóknir á stærðfræðinámi benda til þess að mikilvægt sé að nemendur fái tækifæri til að ræða saman og byggja upp þekkingu sína í glímu við verðug viðfangsefni. Í fyrirlestrinum verður samtal þriggja nemenda í 8. bekk, sem eru að leysa verkefni á sviði talnafræði, skoðað og greint. Áhersla verður lögð á að greina hvernig umræða nemendanna fer fram, hvort samskiptin eru gagnvirk og gagnrýnin þannig að þau nýtist við lausnaleitina eða hvort lítil gagnkvæm úrvinnsla fer fram. Algengt er að umræða milli nemenda og kennara þróist í eins konar ágiskunarleik þar sem nemendur virðast leita eftir því svari sem þeir telja að kennarinn hafi í huga. Í fyrirlestrinum verður skoðað hvernig skilningur nemenda á stærðfræðilegum hugtökum mótar og hefur áhrif á glímu nemenda við viðfangsefnið. Sjónum verður beint að því hvernig kennarinn kemur inn í umræðu nemenda og velt er upp spurningum um hvernig kennarar geta stuðlað að greinandi og gagnrýnni umræðu nemenda og kennara og umræðu milli nemenda.

Pórunn Blöndal, dósent Menntavísindasviði HÍ

Að hugsa saman í stærðfræði

Samskipti í kennslustofunni hafa verið talsvert rannsökuð á undanförnum áratugum, bæði samskipti kennara og nemenda og samskipti nemenda innbyrðis, t.d. í hópvinnu. Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að samtali þriggja nemenda sem leysa stærðfræðiþraut í sameiningu auk þess sem hugað verður að aðkomu kennara að umræðum þeirra þegar þeir leita aðstoðar hans. Við rannsóknina er beitt aðferðum samtalsgreiningar en þar er tungumálið eða samskiptin sjálf í forgrunni. Einkum verður staðnæmst við samtalshegðun nemenda, hvaða aðferðum þeir beita til að ‘hugsa saman’ og hvaða þekkt ferli má greina í samskiptum þeirra. Sem dæmi um athugunarefni má nefna hlutverk orðræðuagna og fastra orðasambanda; gerðir spurninga; hugsað tal og endurtekningar og hlutverk þeirra. Þá verður hugað að því hvaða samtalssniðum kennarinn beitir við að aðstoða nemendurna. Í lokin verður rætt um samskiptaþáttinn í kennaramennntun og hversu mikilvægt er að kennrarar öðlist þekkingu á ólíkum samtalssniðum og þjálfun í að beita þeim. Leikni kennara í að skipta milli samtalssniða á meðvitaðan og markvissan hátt er líkleg til að stuðla að árangursríki kennslu og bættum samskiptum í nemenda-hópnum.

Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

„Heilinn stjórnar öllu“: Hvernig hafa hugmyndir barna um líkamann breyst á fimm skólaárum?

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar á hugmyndum barna um líkamann, þ.e. bein og líffæri, þegar þau voru 6/7 ára og svo aftur þegar þau voru 12 ára og rætt hvernig hugmyndir þeirra hafa breyst og þróast

á þeim fimm skólaárum sem liðu á milli gagnasöfnunar. Börnin voru beðin að teikna beinin í líkamanum annars vegar og líffærin hins vegar þegar þau voru í 1. bekk og svo aftur þegar þau voru í 7. bekk. Teikningar barnanna voru notaðar svo og útskýringar þeirra á þeim og einnig voru tekin einstaklingsviðtöl við börnin bæði í lok 2. bekkjar og í lok 7. bekkjar og hugmyndir þeirra bornar saman. Einungis tíu börn af þeim tuttugu sem upphaflega tóku þátt í rannsókninni voru enn í skólanum í 7. bekk og miðast fjöldi þátttakenda við þann hóp. Niðurstöður sýna að hugmyndir flestra barnanna hafa þróast og breyst eins og gert var ráð fyrir en þær sýna einnig að nokkur barnanna voru komin með nokkuð mótaðar hugmyndir um líkamann strax sjö ára.

Kolbrún Ingibjörg Jónsdóttir, MA-nemi Heilbrigðisvísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, Zuilima Gabréla Sigurðardóttir, dósent
Heilbrigðisvísindasviði HÍ, og Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur.

Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS): Árangursmat með beinu áhorfi

Í rannsókninni voru metin áhrif innleiðingar á stuðningi við jákvæða hegðun (positive behavior support (PBS)) í þremur grunnskólum í Reykjavík. PBS er agastjórnunarkerfi sem byggir á lögmálum náms. PBS felur í sér einfaldar og áhrifaríkar aðferðir sem áður hafa verið margþrofaðar og sýnt fram á að bæti hegðun nemenda. Fyrri rannsóknir á árangri PBS hafa skoðað vísanir til skólastjóra og notað sjálfsmatslista sem lagðir hafa verið fyrir starfsfólk og nemendur skóla. Hér var árangurinn metinn með beinum áhorfsmælingum á öllum svæðum skólanna. Þetta er langtímarannsókn sem stendur þar til innleiðingu á PBS lýkur í skólunum þremur. Gögnum hefur verið safnað hverja önn frá vori 2008. Birtar verða niðurstöður fyrstu fjögurra ára rannsóknarinnar, bæði fyrir og eftir að innleiðing PBS hófst í skólunum. Margliða grunnlínusnið (multiple baseline design) var notað til að meta árangur kerfisins. Helstu niðurstöður benda til þess að áhrifa PBS sé strax farið að gæta í virku eftirliti starfsfólks þar sem hlutfall jákvæðrar athygli við æskilegri hegðun nemenda hefur aukist töluvert á öllum aldursstigum og starfsfólk hunsar mun sjaldnar hegðun nemenda. Starfsfólk bregst þó sjaldan við óæskilegri hegðun nemenda. Það gæti breyst á næstu árum en rannsóknin mun standa í að minnsta kosti tvö ár í viðbót.

Upplýsingatækni í kennslu

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, grunnskólakennari/stjórnandi

Að þróa námsaðferðir með tölvutækni

Markmið þróunarstarfsins Að þróa námsaðferðir með tölvutækni er að draga úr þeim hindrunum sem felast í auknum kröfum um lestur og ritun þegar líða tekur á skólagöngu nemenda með dyslexíu, dyspraxíu og dyscalculíu, með því að auka tölvunotkun þeirra í öllum fögum þannig að hæfileiki og

skilningur nemenda á námsefninu komi fram. Langtíma markmið er að gera nemendur sjálfstæða í þessari námstækni þannig að þeir geti flutt hana með sér í framhaldsskóla og gert kröfur um munnleg próf, skannað námsefni, hljóðbækur o.fl. Aðferð: Unnið var í samstarfi við fjóra nemendur og foreldra þeirra. Nemendurnir keyptu sér fartölvur. Áhersla var lögð á að læra fingrasetningu, læra að nota Foxit Reader, læra að taka munnleg próf og skila munnlegum verkefnum. Niðurstöður: 1. Tölvufærni jókst jafnt og þétt þegar nemendur höfðu sína eigin tölvu. Öryggi þeirra óx og undir vorið voru þeir farnir að ýta kennaranum til hliðar og kenndu hver öðrum leiðir og aðferðir sem þeir höfðu lært. 2. Tækni-þröskuldurinn reyndist vera hjá foreldrum og kennurum sem fannst á tímabili tölvunotkunin hindra nemendurna í námi (var það einkum vegna þess að nemendurnir kunnu lítið í fingrasetningu) en þeir komust yfir það og undir vorið var það algjörlega eðlilegt að byrja á því að taka upp tölvuna þegar tíminn byrjaði. 3. Skemmtilegustu niðurstöðurnar reyndust vera við þróun munnlegu prófanna. Þegar við lögðum af stað með prófin töldum við nægja að nemendur læsu svörin inn á diktafón á meðan aðrir nemendur skrifuð sín svör niður. En hér varð mesta fjölbreytnin í útfærslu verkefna. 4. Framan af vetri tókst nemendum að uppfylla allar kröfur kennara um skil á könnunum og prófum en þegar líða tók á vorið fannst stjórnanda verkefnisins prófaðferðir of einhæfar þannig að þegar kennarinn lagði fyrir eina A4 bls. skriflega í Laxdæla sögu skiluðu nemendurnir mjög skemmtilegu verkefni með því að endursega söguna fyrir framan upptökuvél með hugtakakort á vegg. 5. Sem aukabónus við þessa vinnu skapaðist mikið og gott samstarf við foreldra nemendanna. Það er samróma álit kennara og foreldra að sjálfsöryggi og starfsnægja hafi aukist hjá nemendunum þennan vetur. Framundan er að skoða samstarf við framhaldsskólann til að brúa bilið milli þessara tveggja skólastiga.

Brynhildur Þórarinsdóttir, lektor HA

Ný klæði úr fornu efni – Íslendingasögur.is

Þótt lögð sé á það áhersla í aðalnámskrá grunnskóla að nemendur kynnið íslendingasögunum er tilfinnanlegur skortur á ítarefni sem vakið getur áhuga barna og unglings á þeim. Þessi staðreyni varð kveikjan að þróunarverkefni um íslendingasögur handa nútímbörnum sem höfundur hefur unnið að sl. misseri en verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna 2010. Markmiðið með vefnum er að vekja athygli barna á íslendingasögunum sem gert er með því að bræða saman fornar sögur og nýja tækni. Börnin geta sótt sér upplýsingar um íslendingasögurnar – og skemmtun – á sínum eigin forsendum og eftir eigin áhugasviði. Vefurinn inniheldur fróðleik um íslendingasögurnar sem og um víkingaöld og ritunartíma sagnanna. Á vefnum er einnig lokuð kennarasíða með kennsluleiðbeiningum. Hér verður greint frá hugmyndinni á bak við vefinn, vinnunni við gerð hans og þeirri kennslufræðilegu nálgun sem hann byggir á. Grunnhugsunin er sú að börn þurfi hjálp við að komast inn í veröld sagnanna. Þar við bætist að fæstir nýútskrifaðir kennrarar hafa hlotið næga þjálfun í lestri sagnanna til að geta tekist á við kennslu þeirra hjálparlaust. Vefurinn veitir því bæði nemendum og kennurum hjálp við að nálgast íslendingasögurnar og tileinka sér þær og færir sögurnar þar með nær því takmarki að börn og unglings kynnið þeim sem lifandi efni.

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt HÍ

Samfélagsmiðlar í kennslu

Í erindinu verður fjallað um tilraunir til að nota Facebook til að virkja umræður um námsefni meðal háskólanema. Í stað þess að draga úr tölvunotkun í tímum er reynt að nota tæknina til þess að virkja nemendur, láta þá setja tengla inn á sameiginlega fésbókarsíðu um efni og bregðast við umræðu. Með þessu er um leið unnið gegn hefðbundnum valdatengslum í skólastofunni, þar sem kennarinn er uppsprettar þekkingar og miðlari hennar. Í staðinn eru nemendur líklegri til að taka völdin í sínar hendur, geta deilt þekkingu sinni á óformlegan hátt og hafið umræður við samnemendur á jafningagrundvelli. Í grein Black, „Gen Y: Who They Are and How They Learn“ (2010) er núverandi háskólanemum lýst sem innfæddum íbúum í netheimum, og þeir taldir vera háð tækni. Umfram allt, þá eru þeir taldir læra öðruvísi en fyrri kynslóðir. Greinin lýsir tilraun til að virkja þennan námsmáta frekar en að berjast gegn honum, virkni nemenda verður skoðuð og námsárangur borinn saman við fyrri hópa í sambærilegum námskeiðum.

Svava Pétursdóttir, doktorsnemi háskólanum í Leeds

Stafræn námsgögn við náttúrufræðikennslu – er eitthvert gagn af þeim?

Í Aðalnámskrá grunnskóla um náttúrufræði og umhverfismennt er gert ráð fyrir að nýta skuli upplýsingatækni með fjölbreyttum hætti við nám og kennslu. Íslenskar rannsóknir benda til þess að raunin sé önnur og ástæður kunna að vera margar. Ekki eru allir kennarar sannfærðir um kosti stafrænna námsgagna (SNG) en rannsóknir (sjá t.d. Holliman & Scanlon, 2004; Osborne & Hennessy, 2003) hafa sýnt fram á margvíslega gagnsemi þeirra. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt er sjónum beint að því hvort nýta mætti SNG með árangursríkum hætti og framkvæmd var íhlutun með hálftraunarsniði þar sem átta kennarar með 395 nemendur í 20 bekkjum í 8.–10. bekk tóku þátt. Viðfangsefnin nemenda voru þrjú; grunnerfðafræði, efnabreytingar og vistfræði. Kennslan stóð í 4–6 vikur þar sem notaðar voru vefsíður og vinnublöð með þeim en samanburðarkennrarar kenndu eins og þeir voru vanir. Viðhorf nemenda var kannað fyrir og eftir kennsluna, nemendur tóku próf úr efninu og fylgst var með í kennslustundum og talað við hóp nemenda. Í ljós kom að SNG geta bætt námsárangur nemenda, þar sem tilraunaráhópar náðu betri árangri í tveimur viðfangsefnum af þremur. Niðurstöður benda til að SNG geti bætt námsárangur nemenda, þar sem tilraunaráhópar stóðu sig betur á prófunum í tveimur viðfangsefnum af þremur. Einnig benda niðurstöður til að SNG komi ekki í staðinn fyrir góða kennara með sterka kennslufræðilega fagþekkingu og að viðmót og einkenni kennslugagnanna skipta máli.

Grunnskóli lýðræði

Annelise Larsen-Kaasgaard, grunnskólakennari/stjórnandi

Viðhorf verðandi kjósenda til lýðræðislegs skólastarfs

Eitt af meginmarkmiðum Aðalnámskrár grunnskóla hefur verið að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Grunnskólinn er og á að vera sá staður sem veitir nemendum svigrúm til að öðlast reynslu og vera þátttakendur í lýðræðislegu starfi. Eftir búsaðabýtinguna 2008–2009 hófust miklar umræður um stöðu lýðræðis á Íslandi. Í ljósi þess er ástæða til að rannsaka viðhorf nemenda til

Lýðræðis í grunnskólum landsins. Mikilvægt er fyrir íslenskt skólasamfélag að fá upplýsingar um viðhorf nemenda til lýðræðis því þeir eru kjósendar framtíðarinnar. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum meginlegrar rannsóknar sem gerð var í því skyni að kanna viðhorf nemenda í íslenskum grunnskólum til lýðræðis. Tilgangurinn er að fá betri mynd af viðhorfum nemenda til lýðræðis í íslenskum grunnskólum og þar með safna upplýsingum sem skólastjórnendur geta nýtt sem grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu með lýðræði innan grunnskólans og í víðara samhengi. Engar rannsóknir finnast á viðhorfum nemenda til lýðræðis í íslenskum grunnskólum fyrir þennan aldurshóp og er því stuðst við danska rannsókn frá 2001 til samanburðar. Notaðar eru sams konar spurningar í íslenska spurningalistanum og borið saman við niðurstöður úr dönsku rannsókninni. Gögnum var safnað með aðstoð Skólapúlsins sem bætti 21 spurningu við spurningar sínar í október 2010. Tekið var úrtak 30 skóla á Íslandi af þeim 46 sem tóku Skólapúlsinn í sama mánuði. Tæplega 90% skólastjóra samþykktu þátttöku skóla sinna, sem þýðir að þátttakendur í rannsókninni eru nemendur í 6.–10. bekk í grunnskólum af mismunandi stærðum. Skólarnir eru dreifðir um landið. Alls tóku 473 nemendur þátt í rannsókninni og voru stelpur 49% og strákar 51%. Helstu niðurstöður voru að í íslenskum grunnskólum svara 7% nemenda að þeir geta aldrei sagt sína skoðun þrátt fyrir að vera ósammála kennaranum og 26% svara að þeir geti stundum gert það. 25% nemenda svara að einhver í bekknum sé lagður í einelti og 38% svara að einhver í bekknum sé hafður útundan. Eins og svör nemendanna sýna er ljóst að sumir nemendur eru lagðir í einelti og aðrir útilokaðir og þeir nemendur njóta ekki lýðræðislegrar þátttöku. Einig kemur fram að ekki fá allir nemendur tjáð skoðun sína þegar þeir eru ósammála kennaranum. Nemendum gefast fá tækifæri til að hafa áhrif á mál sem snerta þá sjálfa og þeir líta svo á að virkni nemenda í nemendaráði varði einstaklinga en ekki skólann í heild. Í samanburði við dönsku rannsóknina leggja grunnskólar á Íslandi meiri áherslu á einstaklinginn en hópinn. Það getur verið vísbending um að einstaklingshyggja sé ríkjandi í íslenskum grunnskólum.

Ársæll Arnarsson, prófessor HA

Meðhöfundur: Þóroddur Bjarnason, prófessor HA

Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006–2010

Markmið rannsóknarinnar var að nota gögn úr HBSC-könnuninni (Health Behaviours in School-Aged Children) til að greina algengi eineltis meðal drengja og stúlkna í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi og breytingar sem hafa orðið á því milli áranna 2006 og 2010. Staðlaðir spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í sjötta, áttunda og tíunda bekk í febrúar 2006 og aftur fyrir nemendur í sömu bekkjum í nóvember 2009 til febrúar 2010. Í fyrri fyrirlöginni fengust svör frá 11.813 börnum eða 88% heildarþýðisins. Í seinni fyrirlöginni voru svörin 11.561 eða sem nemur 87% þýðisins. Lítill breyting sést á hlutfalli þeirra sem sögðust tengjast einelti með reglulegum hætti; þannig sögðust 8,8% svarenda þetta eiga við sig 2006 samanborið við 8,9% 2010. Hins vegar er talsverð breyting innan þess hóps sem tengist einelti, þar sem gerendum fækkar um 34% á meðan þolendum fjölgar um 26%. Eins og í rannsókn okkar frá 2006 sést minndar einelti eftir því sem börnin eldast. Sérstaklega fækkar þolendum. Strákar eru sem fyrr líklegrir til að tengjast einelti 11,1% á móti 6,6% stelpna. Aukning sést hjá báðum kynjum á fjögurra ára tímabilinu. Velt er upp mögulegum skýringum á þessum breytingum.

Jóhann Björnsson, grunnskólakennari

Hvernig kennir kennarinn gagnrýna hugsun?

Nokkuð hefur verið fjallað um gagnrýna hugsun í skólastarfi meðal heimspekinga undafarin ár, eða allt frá árinu 1987 þegar birt var grein eftir Pál Skúlason. Síðan þá hafa birst nokkrar greinar til viðbótar um efnið, sú nýjasta kom út á síðasta ári og fjallaði um hugarfar gagnrýninnar hugsunar eftir Guðmund Heiðar Frímannsson. Það sem umræddar greinar eiga sameiginlegt er að þrátt fyrir að fjalla um kennslu gagnrýninnar hugsunar eða gagnrýna hugsun í skólastarfi eru þær gagnslitlar fyrir þá sem síðan þurfa að kenna gagnrýna hugsun. Ég segi ekki gagnslausar fyrir þá sem vilja leggja á brattann með að kenna gagnrýna hugsun heldur gagnslitlar. Ástæðan er sú að í greiningum sínum á tengslum gagnrýninnar hugsunar og skólastarfs nema áður nefndir heimspekingar staðar áður en inn í skólastofuna er komið. Það er eins og þeir annaðhvort hætti sér ekki inn fyrir þröskuld skólastofunnar eða hafi ekki þá viðbótarþekkingu sem til þarf til að geta fjallað á sannfærandi hátt um kennslu gagnrýninnar hugsunar. Guðmundur Heiðar nefnir það réttilega að til þess „...að nemandi læri að hugsa gagnrýnið þurfi kennarinn að kunna það.“ Það er hins vegar ekki nóg að kennari kunni sjálfur að beita gagnrýnni hugsun til þess að geta kennt hana. Og þá er komið að lykilatriðinu í kennslu gagnrýninnar hugsunar og það er spurningin: „Hvernig kennir kennarinn gagnrýna hugsun?“ Hvað gerir kennarinn eftir að inn í kennslustofuna er komið til þess að kenna gagnrýna hugsun? Hverjar eru áskoranirnar, hverjir eru möguleikarnir innan veggja kennslustofunnar, hver eru viðfangsefnin sem fá nemendur til að tileinka sér og þjálfa gagnrýna hugsun. Í erindi mínu mun ég ræða þá möguleika og þær áskoranir sem kennarinn sem „kann gagnrýna hugsun“ horfist í augu við á degi hverjum í störfum sínum með ungu fólk.

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Að skynja tilgang: Sýn ungs fólks á samfélag í tengslum við borgaralega þáttöku

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvað ungmennum finnst brýnt í tengslum við velferð samfélags og hversu mikilvægt þeim finnst sjálfum að hafa vald þegar til framtíðar er litið. Sú sýn þeirra er skoðuð í tengslum við afstöðu þeirra til borgaralegrar þáttöku. Þættir sem tengjast borgaralegi þáttöku eru hér: (a) hefðbundin borgaraleg þátttaka fólks (t.d. að kjósa, ganga í stjórnmálauflokk), (b) þátttaka þess í félagslegum hreyfingum (t.d. að vinna að mannréttindum, taka þátt í að vernda umhverfið), (c) eigin þátttaka í umræðu um pólitisk málefni og (d) eigin viðbrögð við félagslegu óréttlæti í samfélaginu. Rannsóknin er hluti stærra rannsóknarverkefnis: Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Þátttakendur eru 11, 14 og 18 ára um 1440 talsins úr þremur byggðakjörnum landsins. Spurningalistar voru lagðir fyrir ungmannin. Við úrvinnslu gagna er jafnframt tekið tillit til kyns og aldurs ungmannanna, fjölskyldugerðar og menntunar foreldra. Niðurstöður verða kynntar í erindinu, en þær eru ólíkar eftir því hvort um er að ræða sýn þeirra á „velferð samfélags“ og „það að hafa vald“. Fjallað verður jafnframt um þá áskorun hvernig efla megi borgaravitund ungmannna og þá í tengslum við mikilvægi þess að ungt fólk finni tilgang í lífi sínu.

Lög og reglugerðir

46.1 Helgi Skúli Kjartansson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

2 mgr. 23. gr. kennaramenntunarlaganna

Viðfangsefnið er athugun á 23. gr. laga nr. 87/2008 (um menntun og ráðningu kennara o.fl.), einkum á 2. mgr. hennar: „Ákvæði 3., 4. og 5. gr. taka til þeirra sem hefja nám eftir gildistöku laga þessara.“ Ákvæðið var, eins og greinin í heild, óheppilega óljóst. Þó má sjá að því var ætluð tiltekin merking sem menntamálaráðuneytið gerði sig í upphafi líklegt til að framfylgja og hefur nú nýlega áréttuð. Önnur gögn, m.a. reglur og leiðbeiningar frá ráðuneytinu, benda þó til að í raun hafi ákvæðinu alls ekki verið framfylgt, enda var við það miðað á Menntavísindasviði að líta mætti framhjá því. Að taka þetta ákvæði alvarlega hefði verið flókið í framkvæmd og vakið margs konar óvissu, enda virðist það hafa verið vanhugsað frá upphafi, t.d. ekki tekið mið af uppbyggingu kennaranáms fyrir framhaldsskólastigið. Hins vegar eru annmarkar á þeirri aðferð (sem e.t.v. hefur tilkast um of íslenskri stjórnsýslu, sbr. þá framkvæmd sem leiddi til ógildingar kosningar til stjórnlagabings) að „þegja í hel“ illframkvæmanleg lagaákvæði. Hér ber einkum að líta á hagsmuni þeirra sem höfðu hug á kennaranámi og þurftu að vita, sem fyrst eftir setningu laganna hvernig og að hvaða leyti þau yrðu framkvæmd.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar

Hlutverk og fagmennska kennara í stefnuskjölum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Erindið er byggt á rannsókn á stefnuskjölum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skoðuð voru valin skjöl á heimasíðu Sambandsins með hliðsjón af því hvað þar kemur fram um hlutverk og fagmennsku kennara. Hugmyndirnar, sem koma fram, eru mátaðar við líkan um ósjálfstæða, sjálfstæða og samvirka fagmennsku en í líkaninu sem er ættað m.a. frá Robbins (1990), Hargreaves (2000) og Trausta Þorsteinssyni (2003) er gert gerir ráð fyrir þróun fagmennsku frá einyrkjastarfi til aukinnar samvinnu. Fyrir fram taldi ég að lítið væri skrifað um hlutverk og fagmennsku kennara í skjölum Sambandsins. Þetta reyndist að nokkru leyti rétt en þó fannst skjal um framtíðarsýn, unnið með samtökum kennara og stjórnenda í grunnskólum, þar sem meira kemur fram um hlutverk og fagmennsku kennara en annars staðar. Í öðru lagi taldi ég að allra síst væri skrifað um hlutverk og fagmennsku kennara við stefnumótun og mat á skólastefnu – oftast er talað um „starfsfólk“ – nema í sambandi við kröfur um framfarir í kennsluháttum. Ekki er sjálfgefið hvernig á að túlka þess háttar niðurstöður út frá líkaninu áðurnefnda: Hvernig á t.d. að túlka þögn um kennara í leiðbeiningum um mótu skólastefnu í ljósi krafna í sama skjali um framfarir í kennsluháttum og í ljósi krafna um samvinnu kennara?

Meyvant Þórólfsson, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Gunnar E. Finnbogason

Þekkingarfræði og opinberar námskrár: Náttúruvísindaleg þekking í námskrám fyrir skyldunám 1960–2010

Námskrá í náttúruvísindum fyrir skyldunám spannar margvísleg fyrirbæri náttúrunnar. Þannig fjallar hún jafnt um lifandi verur sem hinn lífvana efnisheim. Gert er ráð fyrir að fjallað sé um náttúruvísindi sem mannanna verk, þátt mansins sem veru í lífsamfélagi jarðar og einnig sem hugsandi veru er mótar umhverfi sitt, nýtir auðlindir og þróar með sér margvíslega tækni er grundvallast á vísindalegri þekkingu. Í drögum að aðalnámskrá í náttúrufræði og umhverfismennt (Menntamálaráðuneytið, 2007) er lögð áhersla á svonefnt vísindalæsi. Bent er á að vandi náttúrufræðikennslu sé að finna leiðir til að koma menningararfi af sviði vísinda til skila svo hann nýtist hverri kynslóð; slíkur arfur feli í sér hugtök, lögmál, kenningar og aðferðir vísinda. Jafnframt er rætt um nemandann sem virkan smið eigin þekkingar, hann geti ekki verið óvirkur þekkingarþegi sé það markmiðið að gera hann vísindalæsan. Náttúrufræði-námskrám hefur verið líkt við síbreytilega plöntuflóru (Stinner og Williams 2003); nýjar tegundir bætist sífellt við en erfitt reynist að fjarlægja nokkuð af því sem fyrir er því menn séu engan veginn sammála um hvaða plöntur teljist verðugir fulltrúar flórunnar og hverjar skuli flokkast sem illgresi. Eftirfarandi spurningar verða því æ áleitnari: Hvað á að kenna af sviði náttúrvísinda? Hvers vegna? Að hvaða marki skal leggja áherslu á inntak og útkomu (content–product) og að hvaða marki ferli og þróun og þroska (process–development). Markmið þessa verkefnis er að rannsaka eðli opinberra námskráa fyrir skyldunám á Íslandi með hliðsjón af ofangreindu. Beitt er orðræðugreiningu við rannsókn á textum opinberra námskráa fyrir skyldunám á tímabilinu 1960 til 2007.

Leikskóli, læsi – eðlisfræði

47.1 Snjólaug Brjánsdóttir, leikskólakennari/stjórnandi

Meðhöfundur: Emma Hulda Steinarsdóttir

Leikskólalæsi í Kiðagili

Í leikskólanum Kiðagili á Akureyri er lögð áhersla á markvissa málörvun og umhverfi þar sem ritmál er sýnilegt í þeim tilgangi að vekja áhuga barnanna og hvetja til læsis. Haustið 2009 hófst þróunarvinna með þennan þátt skólastarfsins og ber það verkefni heitið „Leikskólalæsi“. Kveikjan að verkefninu var skortur á verkfærum til að stuðla að markvissari vinnu með læsi nemenda frá tveggja ára aldri. Stuðst er við hugmyndafræði Byrjendalæsis, lestrarkennsluaðferðar sem þróuð var af Rósu Eggerts Þóra Rósu Geirsdóttir og Jenný Gunnbjörnsdóttir hafa fylgt verkefninu eftir og veitt ráðgjöf. Unnið hefur verið markvisst að eftirfarandi markmiðum:

- að styrkja málvitund barnanna
- að veita skipulega málörvun sem stuðlar að eðlilegri færni í íslensku

- að sambætta hina mörgu þætti mál, s.s. lestur, ritun, tal og hlustun
- að hafa markvissa og heildstæða læsiskennslu frá upphafi skólagöngu nemenda
- að þróa vinnubrögð í læsiskennslu í leikskóla.

Kristín Dýrfjörð, lektor HA

Nám og leikur: Kúlurennibrautir og eðlisfræði

Á Hrafnaþingi, elstu deildinni í leikskólanum Aðalþingi, þróaðist veturinn 2010–2011 leikur tengdur skábrautum, glerperlum, kúlum og bílum. Í janúar 2011 var bætt við inn á byggingarsvæði deildarinnar niðursöguðum kverklistum og glerperlum, seinna bættust við slöngur og beygjur ýmiss konar. Skráð var með ljósmyndum og myndböndum hvernig börnin nálguðust og notuðu efniviðinn. Rannsakandi fór reglulega yfir myndbönd og ljósmyndir og átti samtöl við þann starfsmann sem fylgdi verkinu eftir á deildinni. Í kjölfar samræðanna hafa fleiri skref verið tekin, m.a. til þess að breyta námsuhverfinu, auk þess sem eitt markmiðanna var að höfða til stelpna og annað var að þróa efnivið og vinnubrögð. Lítil skráningamyndbond hafa verið gerð úr ljósmyndum og myndbandsbrotum. Í erindinu verður leitast við að skoða skráningarnar með námsgleraugum: Hvers konar þróun er í námi og hugmyndum barnanna? Hvernig leysa þau t.d. vandamál tengd byggingum? Hvað er það sem afmarkar leikinn og hvað heldur honum lifandi? Er hægt að ögra þekkingu og vinnubrögðum barnanna og þannig stuðla að þróun leiksins? Hvaða þekkingu, t.d. á ýmsum eðlisfræðilegum hugmyndum þróast í leiknum? Endurtaka börnin sig, ögra þau sér? Hefur námsuhverfið áhrif á leikinn og þróunina?

Guðrún Alda Harðardóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Kristín Dýrfjörður, lektor HA

Hver grípur þegar bolta er kastað? Örfá orð um það að kveikja lítið bál

Í leikskólanum Aðalþingi er unnið í anda Reggio Emilia. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði eru kennrarar og börn samverkafólk, rannsaka saman undur daglegs lífs. Áhersla er á að bera kennsl á styrkleika og áhugasvið starfsfólks og barna. Þegar hugmynd að verkefni er sett fram er mikilvægt að einhver sé til staðar til að grípa hana – vinna með hana og gæða lífi. Í Aðalþingi hefur eðlisfræði verið viðfangsefni barna og fullorðinna í ýmsum myndum enda er eðlisfræði undirstaða fjölmargrar daglegra athafna. Innan leikskólans hefur henni sem slíkri e.t.v. ekki verið gefin mikil gaumur þótt e.t.v. sé þar að verða breyting á. Í janúar 2011 var efniviður til að hanna og byggja kúlurennibrautir settur inn á elstu deildina. Strax í upphafi sýndi ákveðinn starfsmaður efninu áhuga. Hann var beðinn um að fylgjast með og skrá myndrænt hvernig verkefnið þróaðist. Fljóttlega varð ljóst að mikil áhugi var á verkefninu og í maí 2011 er verkefnið enn lifandi og í þróun. Í erindinu verður stuttlega gerð grein fyrir verkefninu en aðallega leitast við að svara hvað skilur að verkefni sem kveikja bál og þau sem ekki ná að verða svo mikið sem glóð.

Leikskóli – Hljóð og mál

Elmar Þórðarson, grunnskólakennari/stjórnandi

Meðhöfundur: Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingar

EFI-2

Í fyrirlestrinum verður lýst rannsókn að baki endurgerðri stöðlun EFI málþroskaskimunar sem notuð var um tíu ára skeið á heilsugæslustöðvum landsins við skoðun 3 og 1/2 árs barna. Sú rannsókn byggði á niðurstöðum 277 barna á aldrinum 40 mánaða og 16 daga til 43 mánaða og 15 daga. Höfundar EFI og endurgerðarinnar EFI-2 eru Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingar. Í EFI-2 rannsókninni tóku 245 börn þátt á aldrinum 37 mánaða og 16 daga til 45 mánaða og 15 daga. Nánast sömu prófatriði eru í báðum EFI verkefnunum og þau lögð fyrir á sama hátt. Þau reyna á færni í málskilningi (21 stig) og yrtri tjáningu (35 stig). Helsti munurinn er að börnin taka EFI-2 á leikskólanum en EFI var lagt fyrir af hjúkrunarfræðingum á heilsugæslustöðvum landsins. EFI-2 málþroskaskimun er ætluð börnum á fjórða ári í leikskólum landsins ef grunur vaknar um málþroskafrávik. Leikskólakennrarar/proskaþjálfar með framhaldsmenntun er heimilt að nota skimunina að undangenginni fræðslu og þjálfun. EFI-2 er hugsað sem stuðningur við snemmtæka íhlutun og leiðbeinandi um hvort þörf sé á frekari tilvísun, svo sem til talmeinafræðinga. Í fyrirlestrinum verður sagt frá niðurstöðu stöðlunar EFI-2 og komið inn á samanburð EFI og EFI-2.

Hrafnhildur Karlsdóttir, leikskólaráðgjafi Skólaskrifstofu Suðurlands og Björk

Alfreðsdóttir, sérkennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

TRAS – Skipuleg skráning á málþroska barna í leikskóla

Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir þróunarverkefni í völdum leikskólum á Suðurlandi og í Hafnarfirði. Verkefni þetta nefnist TRAS (tidlig registrering af sprogudvikling) og er skandinaviskt efni. Áhugi á snemmtækri íhlutun til að fyrirbyggja og draga úr líkum á les- og námserfiðleikum hefur aukist undanfarin ár. Rannsóknir og markvisst uppeldisstarf hafa sýnt að hægt er að finna börn snemma í slíkri áhættu og með markvissri vinnu má rétta af ákveðna skekkju í þroska barns og draga þannig verulega úr líkum á frávikum. Efnið er byggt þannig upp að tvívar á ári er gerð skráning á börnum 2–3 ára; 3–4 ára og 4–5 ára. Þá eru börnin skoðuð við ákveðnar aðstæður og merkt við hvort ákveðinni færni í máli og samskiptum sé náð. Færniþættir sem skoðaðir eru er m.a. notkun máls í samskiptum við börn og fullorðna; félagsleg færni í tengslum við mál; málþroski bæði setningagerð, framburður og tjáning. Lögð er rík áhersla á að þetta er ekki próf heldur er fylgst með barninu og sú færni skráð sem náð er. Eyðublaðið er hringur sem litað er inn eftir því sem færniþáttum er náð. Þetta er sjónrænt og auðvelt að átta sig á hvaða færniþáttum er náð og hvað þarf að vinna með. Í handbók eru hugmyndir um hvernig vinna skal með þá færniþætti sem barnið hefur ekki náð. Kennarar sem hafa tekið þátt í verkefninu eru sammála um að þarna sé komið afar handtækt efni til að fylgjast með þroskaþáttum sem skipta verulegu máli fyrir námsfærni barnsins í framtíðinni. Þeir eru einnig sammála um að fagleg umræða á deild og

samstarf við foreldra verði öll markvissari og framfarir barnanna þar sem markvisst er gripið inn í sjáist greinilega.

Vinnuhópur sem stendur að TRAS: Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur, Hrafnhildur Karlsdóttir leikskólaráðgjafi, Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur, Margrét Tryggvadóttir leikskólasérkennari og Björk Alfreðsdóttir leikskólaráðgjafi.

Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur

Tengsl færni í hljóðkerfis- og málmeðvitund við fimm til sex ára aldur við námsfærni í grunnskóla

Í fyrirlestrinum verður kynnt langtímarannsókn á HLJÓM-2. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun/próftæki sem kom út 2002 og metur færni í hljóðkerfis- og málmeðvitund hjá 5–6 ára börnum. Að baki niðurstöðum prófsins liggar sex ára rannsókn. Í forrannsókn tóku þátt 266 börn og voru niðurstöður þeirra á HLJÓM-2 og málþroskaprófinu TOLD-2P bornar saman við síðari niðurstöður í samræmdu íslenskuprófi í 4. bekk. Niðurstöður gáfu vísbendingar um að finna má strax í leikskóla þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarörðugleika. Vorið 2011 þegar upphaflegir þátttakendur voru lögráða var sent bréf á lögheimili þeirra og þeir beðnir um að svara spurningalistu og gefa leyfi fyrir tengingu niðurstaðna þeirra frá því í leikskóla við árangur á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk. Eins og við var að búast hafði árangur þátttakenda á HLJÓM-2 við 5 ára aldur verið nokkuð mismunandi. Meðalárangur var 44,0 stig (71 heildarstig) og staðalfrávik 13,5 hjá þeim þátttakendum ($N=220$) sem svöruðu og veittu leyfi fyrir tengingu við samræmd próf. Meðalárangur á HLJÓM-2 hjá þátttakendum sem ekki svöruðu eða veittu leyfi fyrir tengingu ($N=46$) var 36,1 stig og staðalfrávik 13,9. Tæp 14% þeirra þátttakenda sem svöruðu töldust hafa verið með slaka færni á HLJÓM-2 í leikskóla, um 65% með meðalfærni og 21% með góða færni. Í fyrirlestrinum verður greint frá fyrstu niðurstöðum þessarar síðustu rannsóknar en fylgni fannst milli árangurs á HLJÓM-2 og niðurstaðna í samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í öllum þemur bekjunum og milli árangurs á HLJÓM-2 og niðurstaðna á samræmdu prófi í ensku og dönsku í 10. bekk.

Leikskóli – læsi – mat – elstu nemendur

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Meðhöfundur: Eygló Björnsdóttir, lektór HA

Á mörkum skólastiga

Starfið með elstu börnum í leikskólanum hefur verið í mikilli þróun síðust árin og aukin áhersla hefur verið lögð á að vanda til verka. Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla hafa, frá árinu 1999, verið fyrirmæli um samstarf á milli skólastiga, ekki hve síst með það að markmiði að auðvelda börnunum flutning á næsta skólastig. Það hefur hins vegar lítið verið skoðað hvernig síðasta vorið þeirra og sumarið í leikskólanum er skipulagt, ekki hvað síst í ljósi þess að á þeim tíma tekur við aðlögun nýrra barna að skólunum með öllu sem því fylgir. Í erindinu verður greint frá niðurstöðum úr nýrri rannsókn.

Spurningalisti var sendur til hundrað leikskólastjóra nú í vor og spurt hvernig starfinu með elstu börnum leikskólans er háttáð síðustu mánuði þeirra í leikskólanum. Einnig er spurt um hvernig inntaka nýrra barna er skipulögð með tilliti til leikskólaloka þeirra elstu. Helstu niðurstöður eru að skólar fara ólíkar leiðir, bæði á landsvísu en einnig innan viðkomandi sveitarfélaga.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundur: Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ

Má „kenna“ börnum að lesa í leikskólanum? Um leik og „kennsluaðferðir“ við lestrarnám í leikskóla

Erindið byggir á niðurstöðum skýrslu um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum. Skýrslan var unnin vorið 2011 á grundvelli þriggja ára áætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem gildir frá 2010 til 2012 og samkvæmt 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum skýrslunnar er að leikskólakennrar leggja mismunandi merkingu í lykilhugtök og athafnir sem tengjast lestrarnámi í leikskóla. Það á t.d. við um athöfnina „að kenna“. Í sumum skólunum er skýrt tekið fram að verið sé að kenna börnum að lesa en annars staðar er þvertekið fyrir að svo sé. Þó er iðulega verið að gera það sama með börnum og jafnvel notaðar sömu aðferðir. Þótt flestir leikskólakennaranna tali um að lestrarnám barnanna fari fram í leik virðist það þó helst fara fram í stundum þar sem kennarinn stýrir því sem gert er, en síður í leik þar sem börnin ráða sjálf ferðinni. Einnig eru notuð mismunandi hugtök um lestrarnám í leikskóla og skilgreiningin á læsi á bókstafi og prentað mál er óljós. Þörf er á umræðu um þessi atriði til skýra betur mikilvæg hugtök á sviði náms og kennslu í samræmi við hugmyndafræði leikskóla.

Halldóra Haraldsdóttir, dósent HA

Læsisþekking barna á mörkum skólastiga – Upplýsingamiðlun leikskóla um mál og læsi barna og nýting grunnskóla á þessum upplýsingum

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um upplýsingamiðlun á mótum skólastiga. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða tengsl leikskóla og grunnskóla á þeim tímamótum þegar börn flytjast á milli skólastiga. Einkum var leitað upplýsinga sem tengjast máli og læsi barna á þessum tímamótum og á hvern hátt upplýsingarnar flytjast á milli skólastiga og hvernig þær eru nýttar. Rannsóknin er gerð í framhaldi af rannsókn um viðhorf og þekkingu nokkurra leikskólabarna á læsi við lok leikskóla. Megin-spurningar sem leitast er við að svara eru eftirfarandi: Hver er vitund leikskólakennara um læsisþekkingu barna við lok leikskóla? Á hvern hátt er upplýsingum um læsi í leikskóla komið á framfæri til grunnskóla? Hvernig nýta grunnskólakennrar sér upplýsingar frá leikskólam um læsisþekkingu barna? Rannsóknin var gerð á fjórum leikskólum og fjórum grunnskólum í einu bæjarfélagi. Tekin voru viðtöl við kennara elstu deilda leikskólans og yngsta bekjar grunnskólans og til viðbótar rýnt í ýmis rituð gögn skólanna. Greint verður frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og hvaða lærðóm megi draga af þeim.

Halldóra Pétursdóttir, matsfræðingur

Hvernig er innra mat unnið í leikskólum?

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 17. gr. að markmið mats sé að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til foreldra, fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla og viðtökuskóla. Tryggja skal að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, auka gæði námsins og stuðla að umbótum. Réttindi barna skulu tryggð og að þau fá þá þjónustu sem þeim ber lögum samkvæmt (Lög um leikskóla, nr. 90/2008). Frá því að ég lauk námi sem matsfræðingur vorið 2007 hefur mér verið hugleikin framkvæmd sjálfsmats í leikskólum. Eftir að ég hóf störf sem leikskólastjóri árið 2004 hef ég orðið þess vör að þrátt fyrir góðan vilja leikskólastjórnenda til að stunda sjálfsmat og skólaþróun skortir þekkingu á því hvernig mat skuli framkvæmt. Í þessari rannsókn sem unnin var í sex leikskólum í Reykjavík koma fram upplýsingar um hvernig leikskólar vinna nú að sjálfsmati og hvar þarf að auka styrkleika þeirra með aukinni fræðslu. Gagnsemi þessarar rannsóknar er margþætt, má þar fyrst nefna að til að mat skili árangri í skólastarfinu og styðji við skólaþróun þarf að byggja það á fræðilegri þekkingu. Með því að afla gagna um framkvæmd mats skapast þekking á starfsumhverfi og starfsaðferðum leikskólans sem er mikilvægt að höfð sé í forgrunni þegar sjálfsmat er þróað innan þessara stofnana. Rannsóknaraðferðum er ítarlega lýst í þessari rannsókn, meðal annars til þess að hægt sé að endurtaka hana og nota við samanburðarrannsóknir á innra mati á leikskólastiginu. Gildi rannsókna á leikskólastiginu er mikilvægt í ljósi þess að þar er lagður grunnur að frekara námi. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á framkvæmd sjálfsmats/innra mats í leikskólum og skoða þær í ljósi matsnálgsana og matsstaðla. Rannsóknin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um þær matsnálganir sem niðurstöður hafa mesta skírskotun til. Þá eru settir fram matsstaðlar sem horft er til við greiningu gagnanna. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir rannsóknaraðferðum, rannsóknarspurningum, framkvæmd og úrvinnslu. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar, umræðu og samantekt um niðurstöður og að lokum settar fram tillögur að umbótum.

Brottfall

Helgi Tómasson, dósent hagfræðideild Háskóla Íslands

Hugleiðing um námsframvindu/brottfall í Hagfræðideild Háskóla Íslands

Hugtakið brottfall er notað af aðstandendum námsbrauta við Háskóla Íslands og víðar. Þeirri skoðun er stundum haldið fram að brottfall sé stórt vandamál. Hvernig skilgreina skal brottfall er hugsanlega ekki augljóst. Í þessu erindi er gerð nálgun á því sem hugsanlega geti legið að baki brottfalli/ástundun í Háskólanámi. Framvindu nýinnritaðra nema við Hagfræðideild Háskóla er fylgt eftir. Fyrir liggja upplýsingar um aldur, kyn, framhaldsskóla, námsbraut í framhaldsskóla og einkunn úr framhaldsskóla. Sett er upp tölfraðilegt líkan sem tekur tillit til þess að einstaklingar eru mismunandi. Meðal annars er nota margvíttr „ordered response“ líkan og bayesískri aðferðafræða beitt við ályktanir. Hátt hlutfall skráðra nemenda þreytir engin próf á fyrsta misseri. Það er ekki sjálfgefið að slíkt beri að skilgreina sem brottfall. Leitast er við að skýra árangur með undirbúningi, svo sem framhaldsskóla, námsbraut og einkunn úr framhalds-

skóla. Sú greining gefur til kynna að einstaklingseiginleikar séu ráðandi þáttur. Þótt hér séu ekki margir einstaklingar skoðaðir eru hér vísbendingar um að í almennri umræðu á Íslandi sé t.d. þýðing framhaldsskóla ýkt. Ekki þarf mikil gögn til viðbótar til að styrkja þessa ályktun enn frekar. Það er vel þekkt tölfræðilegt lögmál að það þarf ekki mikil gögn til að draga verulega úr óvissu.

Magnús Porkelsson, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Hverjir eru raunverulegir valkostir nýnema í framhaldsskólam? Leitin að orsökum brottfalls

Allt frá 1968 hefur eitt aðaleinkenni umræðunnar um framhaldsskóla á Íslandi snúist um það að bjóða þurfi fleiri valkosti en nú er gert. Í dag bjóðast um 80 námsleiðir og nýnemar eru um 4000. Samt velur helmingurinn í raun eina leið, sem er stúdentsleiðin (fjórar brautir) og brottfall, þ.e. nemendur sem ekki ljúka skilgreindu lokaprófi, er talið nær 30%. En hvað stýrir vali nemenda og hverjir eru hinir raunverulegu valkostir? Markaðssetning framhaldsskóla er markviss og snýst á heildina tekið um stúdentsprófið, sem fjölmöðlar auglýsa beint og óbeint. Segja má að grunnskólinn sé mjög bóknámsmiðaður og þar með eðlilegt bóknám verði fremur fyrir valinu en verknám. Hvað ræður námsvali nemenda? Rýnt verður í innritunartölur nokkur ár aftur í tímann og reynt að greina straumana og það sem stjórnar þeim. Einnig verður skilgreint hvað bindur hendur nýnema þegar þeir velja. Hluta nemenda stendur til boða að fara í hvaða skóla sem er en öðrum eru í raun allar bjargir bannaðar. Þá eru hópar sem eiga mjög fárra kosta völd. Spurningin hvaða rök liggja að baki því ástandi sem nú er uppi? Höfundur vinnur að doktorsritgerð, undir leiðsögn Barkar Hansen, og þetta snertir hluta hennar. Heildarverkefnið snýr að því að leita kerfislægra þátta sem hafa áhrif á brottfall.

Þorlákur Axel Jónsson, doktorsnemi Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Flokkun, aðgreining og goðsagnir í starfi íslenskra framhaldsskóla? Hvaða meginreglur gilda í raun og veru í starfi íslenskra framhaldsskóla?

Hér verður athuguð flokkun nemenda í mismunandi skóla eftir fyrri frammistöðu þeirra á samræmdum prófum grunnskólans og aðgreining þeirra, sem fram kemur í miklu brotthvarfi frá námi. Athuguð verða tengsl þessarar flokkunar og aðgreiningar við félagslegan bakgrunn nemanda sem birtist sem búseta þeirra, kyn, menntun foreldra og starfsstétt foreldra. Þetta verður sett í samhengi við goðsagakennda orðræðu samtímans um hina góðu framhaldsskóla. Spurt verður um tengsl veruleikans við lög og námskrá. Byggt er á gögnum sem safnað var á 10. áratug síðustu aldar um fæðingarárganginn 1975 eða svörum 757 einstaklinga í spurningakönnun um uppruna og námsgengi, ásamt skráðum einkunum þeirra í grunnskóla. Um er að ræða fyrstu íslensku menntarannsóknina á framhaldsskólum út frá þessum almennu þjóðfélagsfræðilegu sjónarmiðum.

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundur: Guðjón Hauksson, Hagstofunni

Uppruni einstaklinga og skólasókn

Í fyrirlestrinum verður sagt frá rannsókn sem fjallar um flokkunarkerfi Hagstofunnar á uppruna einstaklinga. Innan Hagstofunnar hefur undanfarin ár verið unnið að því að hanna kerfi sem miðar að því að greina fólk eftir uppruna, þ.e. því hvort um er að ræða innflytjendur, afkomendur innflytjenda, fólk af blönduðum uppruna eða einstaklinga sem ekki hafa neinn erlendan bakgrunn. Í rannsókninni voru einnig hagnýttir aðrir gagnagrunnar í vörlu hagstofunnar til að skoða breytileika í skólasókn í framhaldsskólum eftir bakgrunni einstaklinga. Einnig verður munur á brottfalli úr framhaldskólann eftir bakgrunni einstaklinga skoðaður.

Grunnskóli – Kennslufræði

Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Félagsleg ígrundun kennaranema sem leið til að vinna úr vettvangsreynslu

Markmiðið er að varpa ljósi á félagsleg samskipti í hópum kennaranema, annars vegar sem aðferð til að takast á við og eflast í glímunni við erfið viðfangsefni kennarastarfssins, einkum þau sem eru af persónulegum toga, og hins vegar sem hluta af viðtækara stuðningsneti um vettvangsreynslu kennaranema þar sem tekið er mið af breyttum áherslum í vettvangsárámáni á Menntavísindasviði, þ.e. heimaskólakerfinu. Greint verður frá niðurstöðum tilviksathugunar þar sem könnuð var aðferð, byggð á samþættingu einstaklings- og félagslegrar ígrundunar í hópi kennaranema, sem hafði tvíþættan tilgang: a) að efla hæfni kennaranemanna til að takast á við persónulega krefjandi vettvangsreynslu; b) að efla hæfni kennaranema í þáttöku í námssamfélagi þar sem þeim er ætlað að styðja við nám „jafningja“ og nýta sér stuðning þeirra. Niðurstöður voru m.a. þær að nemarnir áttu auðveldar með að vera þiggjendur í slíkum samskiptum en að vera í stuðningshlutverki. Í nýju vettvangsáramáni er bæði stefnt að breyttum markmiðum og einnig breyttu „tengslaneti“ vettvangsármáms. Leitað verður svara við spurningunni um hvernig skipuleggja megi félagsleg samskipti og jafningjaleiðsögn í hópum kennaranema sem hluta af viðtækara stuðningsneti, sem fellur að breyttum fræðilegum og félagslegum áherslum heimaskólaverkefnisins.

Lilja M. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Maður hefur lært svo rosalega mikið um sjálfa sig“ – Þróun fagvitundar fyrstu fimm árin í kennslu

Í erindinu verður sjónum beint að niðurstöðum langtímarannsóknar minnar á reynslu kennara fyrstu fimm árin í grunnskólakennslu, en þó einkum þeim sem tengjast þróun fagvitundar. Rannsóknin staðfestir að það tekur þó nokkurn tíma að læra að kenna eftir að formlegri kennaramenntun lýkur. Niðurstöður hennar sýna að það eru sterktengsl á milli reynslu þátttakendanna sem nemendur í grunnskóla og hugmynda þeirra um hvað fólst í því að vera góður kennari, og þá um leið hvernig kennrarar þeir vildu verða. Persónuleg og hagnýtt þekking þeirra (e. personal practical knowledge) á

skólastarfi á rætur sínar þar og þessa þekkingu tóku þeir með sér í kennaranámið og virðist hún ráða miklu um viðhorf þeirra og sýn á nám og kennslu. Enn fremur sýna niðurstöðurnar að í kennaramennntun sinni kynntust þeir nýjum hugmyndum, viðhorfum og gildum til menntunar og skólastarfs sem þeir tengdu við eigin sýn og mótaði enn frekar hugmyndir þeirra um hvernig kennrarar þeir vildu verða. Þessar nýju hugmyndir þeirra og viðhorf áttu síðan mjög undir högg að sækja þegar við tóku erfiðleikar fyrstú áranna í kennslu. Rannsóknin undirstrikar hversu íþyngjandi þessir erfiðleikar eru á sama tíma og þessir nýliðar eru að reyna að ná tökum á starfinu, en jafnframt hversu mikilvægt það er að þeir fái mun meiri stuðning en í boði hefur verið. Þess er vænst að unnt sé að nýta þessar niðurstöður til að móta leiðir til að styðja betur við byrjendur í kennslu.

Jóhanna Karlsdóttir, lektor Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Heimanám nemenda í grunnskólum á Íslandi – Niðurstöður rannsóknar

Megintilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að fá í hnotskurn upplýsingar um ástæður, áhrif og tilhögun heimanáms í grunnskólum á Íslandi. Helstu markmið rannsóknarinnar eru að fá fram: a) Hvernig heimanámi er háttáð í „skóla fyrir alla“, b) Viðhorf nemenda, foreldra og kennara til heimanáms, c) Hvaða kennslufræðileg rök liggja að baki heimanámi. Rannsóknaraðferðir eru bæði eigindlegar og megindlegar. Í megindlegum hluta rannsóknar er unnið úr niðurstöðum spurningalista sem Menntasvið Reykjavíkurborgar sendir öllum foreldrum í Reykjavík annað hvort ár þar sem m.a. er spurt um heimanám nemenda. Í eigindlegum hluta er unnið úr viðtölum við nemendur, kennara og foreldra ásamt spurningalistum sem lagðir voru fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk í átta grunnskólum hérlandis. Niðurstöður sýna m.a. að heimanám getur verið allt frá því að vera gullið tækifæri fyrir nemendur til að dýpka þekkingu sína og leikni yfir í að verða áþján og eins konar afplánun fyrir þá sem illa ráða við það. Viðhorf yngstu nemendanna eru mun jákvæðari til heimanáms en nemenda á mið- og unglingsastigi. Gildi rannsóknarinnar er bæði faglegt og hagnýtt fyrir skólastarf í landinu og samvinnu heimila og skóla.

Heilsa

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Meðhöfundar: Þáttakendur í verkefninu eru auk Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, fræðslusetrið Iðan; Akerhus University College, Lillestrøm, Noregi; Katholieke Hogeschool Leuven, Belgíu; Escola Superior de Technologia da Saude, Lissabon, Portúgal og University College, Sjállandi, Danmörku sem jafnframt er verkefnisstjóri.

eHAP – hugi og færniþættir fyrir heilsueflingu á vinnustað

Verkefnið E-learning for the Health Agents Program in Europe (eHAP) er samstarfsverkefni fimm Evrópuþjóða. Markmiðið er að auka aðgengi og möguleika fagfólks á vinnumarkaði til að afla sér viðbótarþekkingar og þjálfunar fyrir almenna heilsueflingu á vinnustað. Unnin var þarfagreining (apríl 2010 – janúar 2011) með þriggja þrepa Delphi-aðferð til að kortleggja ólíkar og sameiginlegar þarfir

markhópa. Greiningin hófst með rýnihópavinnu sem svo var haldið áfram með endurtekinni spurningalistakönnun (n=123). Þáttakendum var skipt í þrjá hópa sem þeir voru málsvarar fyrir, þ.e. kennaramenntun, veitinga- og rekstrartengda menntun og heilbrigðismenntun. Spurningar voru í sjö liðum auk undirþátta þar sem spurt var um færniþætti og þeir metnir með tveimur spurningum: a) Hversu vel á viðkomandi færni við þína starfsgrein/þitt starf? b) Hversu viðeigandi finnst þér að bjóða frekari menntun á þessu sviði fyrir þig/þína starfsgrein? Svörum var raðað á kvarðann 1–6 þar sem lægsta gildið stóð fyrir að færniþátturinn ætti ekki við en hæsta gildið að hann ætti mjög vel við. Almennt reyndust þáttakendur mjög jákvæðir gagnvart færniþáttunum sem lagðir voru til grundvallar, en skor var almennt hærra í þeim þáttum sem voru á eigin færni- og áhugasviði. Þeir þættir sem fengu hátt mat hjá öllum hópum voru heilsutengdar ráðleggingar og gagnreynd þekking.

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjúknt Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundar: Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ, Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Janus Guðlaugsson, aðjúknt og doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ

Matarvenjur og næringarfræðsla eldri aldurshópa, sex mánaða íhlutunarrannsókn

Markmið rannsóknar á mataræði eldri einstaklinga á aldrinum 67–91 árs var að skoða áhrif tvenns konar íhlutunar. Tveir hópar aldraðra, eldhúshópur (EH) og viðmiðunarhópur (VH), fengu þrjá stutta fræðslufyrilestra um næringu og EH fékk að auki stutt einstaklingsviðtal auk kennslu í eldhúsi. Til að meta breytingar á matarvenjum fylltu báðir hóparnir þrisvar sinnum út þriggja daga matardagbækur og jafnframt svaraði EH spurningalista um kennslu í eldhúsi. Í niðurstöðum voru bornar saman breytingar á matarvenjum hópanna. Flestar jákvæðar breytingar urðu á matavenjum karla í EH. Marktækur munur varð á aukinni neyslu trefja ($p=0,048$) og minni neyslu alkóhóls ($p=0,015$) og tilhneigingar til marktækní mátti sjá á mettaðri fitu og transfitu. Þáttakendur borðuðu almennt meira af orkuefnum á meðan á sex mánaða íhlutun í eldhúsi og líkamsþjálfun stóð sem sýndi sig í hærri tölu orkuefna. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má því draga þá ályktun að verkleg kennsla eldhúsi hafi meiri áhrif á breytingar á mataræði en eingöngu næringarfræði fyrilestrar. Þetta sést á meiri breytingum á matarvenjum EH. Niðurstöður úr þessari rannsókn sýna þó ekki afgerandi breytingar en fjöldi tíma í eldhúsi voru aðeins tveir en rannsóknir sýna að meiri breytingar verða á mataræði þar sem verkleg kennsla er meiri.

Andrea Hjálmsdóttir, lektor HA

Lífsánægja, áfengi og kynhegðun í unglingsamfélagini

Niðurstöður alþjóðlegra rannsókna sem gerðar hafa verið á heilsu og lífskjörum skólanema hafa sýnt að íslenskir unglingar byrja fyrr að stunda kynlíf en jafnaldrar þeirra í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þessi rannsókn beinir sjónum að sambandi áfengisneyslu og kynlifs hjá íslenskum unglungum og að lífsánægju þeirra. Byggt er á rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema sem er íslenskur hluti alþjóðlegrar rannsókna sem unnin er fyrir tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og er ein viðamesta rannsókn samtímans á heilsu og lífskjörum ungs fólks. Á Íslandi var rannsóknin lögð fyrir alla

grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk veturinn 2009–2010. Hér er unnið með niðurstöður úr 10. bekk sem leiddu í ljós að þeir ungligar sem drukkið hafa áfengi eru mun líklegri en þeir sem ekki hafa drukkið til að hafa stundað kynlíf. Þetta á einkum við um stelpur. Þær eru líklegri en strákar til að eiga eldri kærasta og leiddu niðurstöðurnar í ljós að samband er á milli aldurs kærastu/-a og lífsánægju þátttakenda. Lífsánægja nemenda er mæld með lífsánægjukvarða Cantrils en nemendur er beðnir um að meta lífs sitt á tíu þrepa kvarða. Í ljós kom að þær stúlkur sem eiga eldri kærasta meta lífsánægju sína minni en þær sem eiga kærasta sem er jafnaldri þeirra.

Grunnskóli – fjölbreytt viðfangsefni

Svanborg R. Jónsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasvið HÍ

Meðhöfundur, Allyson Macdonald, prófessor Menntavísindasvið HÍ

Looking at innovation and entrepreneurial education with Bernstein. Use of classification and framing by teachers.

Innovation and entrepreneurial education (IEE) is a curriculum area first introduced into the official curriculum in Iceland in 1999. The role of the teacher in IEE requires a delicate balancing act of structure versus freedom and choice, an approach in teaching that is open to weak framing. Teachers that work with IEE need the ability and views to override a tendency towards strong classification and strong framing through integrating, mixing and co-constructing when appropriate. Analysis of data from interviews with 13 IEE teachers using Bernstein's concepts of classification and framing elicits a description of how the teachers classify and frame IEE in practice. In particular framing values of communication and classification of teacher-learner roles are identified. The results show that teacher choice of instructional discourse involves personal choice and disposition. More of the teachers show characteristics of weaker framing of communication, it appears more difficult to free themselves of strong classification of roles. Schools, that embrace and deliberately organize their work towards weaker classification, have a culture supporting the implementation of IEE.

Torfi Hjartarson, lektor Menntavísindasviði HÍ

Skólasafnið á tímum nýrra kennsluháttá í grunnskólum – Lestrarvin eða upplýsingaver?

Erindið fjallar um hluta rannsóknar um starfshætti í grunnskólum. Rætt hefur verið við á annan tug safnkennara um hlutverk skólasafnsins, bakgrunn og reynslu starfsmanna, safnkostinn, búnað, þjónustu, frumkvæði og áherslur í starfi safnanna. Einnig er byggt á athugunum á námsumhverfi með tilliti til húsakynna og horft til spurninga sem lagðar voru fyrir kennara í tuttugu grunnskólum um samskipti þeirra við skólasöfnin. Þáttur upplýsingatækni í skólastarfinu var einnig gaumgæfður og í nokkrum skólanna byggt á viðtölum við lykilstarfsmenn á því sviði. Rannsóknin varpar ljósi á áherslur og lykilþætti

í starfi safnanna, samstarf við kennara, eftirspurn eftir þjónustu, frumkvæði safnkennara og áhrif skólastjörnenda á starfsemina. Skólasöfnin skiptast nokkuð í tvö horn hvað snertir megináherslur, sum söfnin leggja mikla áherslu á yndislestur en önnur á stuðning eða kennslu sem lýtur að upplýsingaleit, heimildavinnu og miðlun. Þá er reynslu og frumkvæði safnkennara í samskiptum við kennara og skólastjörnendur misjafnt farið. Gildi safnanna fyrir skólastarfið er margslungið þegar grannt er skoðað og af rannsókninni má ráða að skólastjörnendur og fræðsluyfirvöld verða að leggja vel niður fyrir sér hvernig starfi safnanna skuli háttar. Þrengt hefur að starfi safnanna vegna niðurskurðar í fjárveitingum að undanförnu og hætt er við að dýrmæt reynsla og þekking glatist undir slíkum kringumstæðum.

Guðmundur B. Kristmundsson, dósent Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Pálmi, uppeldi og menntun ungs manns með annað mál en íslensku

Í fyrirlestrinum verður rakin saga pilts sem kom til Íslands fyrir hálfu fimmta ári og hefur nú lokið stúdentsprófi. Góð íslenska piltsins vakti athygli og einnig gengi hans í námi hér á landi, sem er harla óvenjulegt miðað við mörg ungmenni sem hingað koma frá Asíulöndum. Markmið rannsóknar var að greina hvað það væri sem gæti skýrt gott gengi í máli og námi þessa pilts, ef vera kynni að það gæti gagnast öðrum börnum og unglungum í svipaðri stöðu. Aðferð: Gagnaöflun byggðist á samtölum rannsóknarmanns og pilts og greiningu á þeim. Lagt var upp með nokkrar meginþurningar um uppeldi og uppeldisaðstæður hans í heimalandinu, menntun þar, komu til Íslands, nám þar og vinnu, stuðning frá umhverfi og skóla og persónulegar aðferðir við að ná árangri í íslenskunámi og námi í skóla. Þá var hugað að því hvernig aðlögun að íslenskri menningu kæmi fram hjá viðkomandi. Aðferðir orðræðugreiningar voru m.a. notaðar við greiningu á samtölum auk þess sem málathugun fór fram með einfaldri greiningu á framburði, beygingum og málnotkun. Einnig var rætt við íslenskan samferðamann og erlendan félaga sem höfðu stutt viðkomandi. Þær niðurstöður sem fyrir liggja eru einkar áhugaverðar og ábendingar piltsins leiða hugann að því m.a. hvort ekki ætti að ræða meira við innflytjendur sjálfa en gert er til að finna farsælar lausnir í menntamálum þeirra.

Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á Menntasviði Reykjavíkur

Meðhöfundur: Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

Hvað er til marks um gott skólastarf?

Þróunarverkefni Álftamýrarskóla, Hamraskóla og Laugarnesskóla í samstarfi við Menntasvið Reykjavíkurborgar skólaárin 2010–2012. Verkefnið er styrkt af Vonarsjóði Kennarasambands Íslands og Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Markmið þróunarverkefnisins Viðmið um gæði skólastarfs er að skólarnir setji sér og innleiði grunnviðmið um gæði helstu þáttu skólastarfsins. Sem dæmi má nefna viðmið um gæði kennslustundar. Viðmiðin verða eins konar sáttmáli skólasamfélagsins sem stuðlar að sameiginlegum skilningi á því hvað felst í góðu skólastarfi. John Morris, skólastjóri Ardleigh Green Junior School á Englandi, er faglegur leiðbeinandi verkefnisins og byggir leiðsögnina á reynslu skóla síns. John hefur haldið nokkur námskeið fyrir skólana þrjá. Flestir kennrarar og stjórnendur skólanna hafa auk þess farið í náms- og kynniserfðir til Ardleigh Green. Innleiðingarteymi hvers skóla stýrir þróunarstarfinu sem

felst í því að setja viðmið í samræmi við áherslur hvers skóla og að innleiða kennsluaðferðir sem styrkja verkefnið. Skólanir þrír og Menntasvið fara saman í gegnum lærdóms- og þróunarferlið og veita gagnkvæman stuðning. Fyrri hluta verkefnisins er lokið en í síðari hlutanum verður lögð áhersla á að festa það í sessi og kynna það öðrum skólum. Almenn ánægja ríkir með árangurinn og hefur þegar orðið sýnileg breyting á kennsluháttum skólanna.